**SÆMUNDUR KRISTJÁNSSON**

*Naut jólahátíðarinnar í ítölsku Ölpunum*

ferðir bílar

allt Í MIÐJU BLAÐSINS






**NÝIR BÍLAR**

*Toyota Land Cruiser, bíllinn sem beðið var eftir*

Sérblað um nýja bíla

FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG






**EGILL „GILLZENEGGER" EINARSSON**

*Stendur í ströngu með Mercedes Club*

Hörð átök í lyftingasalnum fyrir Eurovision.

FÓLK 34





# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

9. janúar 2008 — 8. tölublað — 8. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000


# Friðun gæti kostað borgina hundruð milljóna króna

**Húsin við Laugaveg 4 til 6 verða friðuð samkvæmt tillögu húsafriðunarnefndar. Eigendur segjast munu krefjast hundruð milljóna í skaðabætur ef af því verður. Með ólíkindum sé að friða eigi húsin nú.**

**SKIPULAGSMÁL** Kostnaður Reykjavíkurborgar vegna friðunar húsanna við Laugaveg 4 til 6 gæti numið hundruðum milljóna króna. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins munu eigendur lóðanna ekki selja þær fyrir minna en sex hundruð milljónir. Endurbygging húsanna getur síðan kostað allt að hundrað milljónir.

Húsafriðunarnefnd samþykkti í gær að beina þeim tilmælum til menntamálaráðherra að húsin verði friðuð. Nefndin komst að þeirri niðurstöðu að fyrirhugaðar byggingar á reitnum rýri varðveislugildi Laugavegs 2 og séu úr takti við þá götumynd sem húsin séu mikilvægir hlekkir í.

Menntamálaráðherra hefur aldrei hafnað tilmælum nefndarinnar um friðun húsa.

Kaupangur eignarhaldsfélag hugðist rífa húsin og reisa í stað þeirra fjögurra hæða hótel. Öll tilskilin leyfi höfðu fengist til þess, meðal annars deiliskipulag frá 2002, samþykki byggingarfulltrúa fyrir niðurrifinu og byggingu hótelsins frá því í ágúst í fyrra og byggingaleyfi til að rífa húsin frá 2. janúar síðastliðnum.

Hefja átti niðurrif húsanna í síðustu viku, en því var frestað um tvær vikur svo hægt væri að flytja þau á annan stað.

Í yfirlýsingu frá forsvarsmönnum Kaupangs segir að með ólíkindum sé að húsafriðunarnefndin taki sig nú til, eftir að hafa fylgst með undirbúningi við framkvæmdir á lóðinni undanfarin ár, og sendi ráðherra beiðni um að friða húsin.

„Verði slík ákvörðun tekin mun það leiða til þess að fjárfesting og kostnaður sem nemur hundruðum milljóna króna ónýtist og bótaskylda skapast sem lendir á skattgreiðendum," segir í yfirlýsingunni. Undir hana skrifa Bjarki Júlíusson og Jóhannes Sigurðsson.

Nákvæmari tölur um upphæð bótakröfunnar fengust ekki hjá eigendum Kaupangs. Jón Guðmundsson, fasteignasali og eigandi Fasteignamarkaðarins, segir ljóst að sú tala verði ekki undir sex hundruð milljónum króna. Þá telji hann ekki með uppkaup á eignum í kringum lóðirnar við Laugaveg, sem Kaupangur hafi keypt vegna framkvæmdanna.

Nikulás Úlfar Másson, formaður húsafriðunarnefndar, segir að ákvörðunin sé vissulega tekin á seinustu stundu en samkvæmt alþjóðlegum samþykktum um verndun menningararfsins sé aldrei of seint að friða hús meðan þau standi enn uppi.

Þorsteinn Bergsson, framkvæmdastjóri Minjaverndar, segir erfitt að meta kostnað við endurbyggingu húsanna, en gróflega megi áætla að hann sé hátt í hundrað milljónir króna. - sþs

## MIÐVIKUDAGUR

**Tímarnir okkar á vínyl**

Sprengjuhöllin gefur út vínylplötu og heldur í vinnubúðir.

FÓLK 28



**Brennandi áhugi nauðsynlegur**

Kristinn Óskarsson dæmdi þúsundasta leikinn fyrir KKÍ.

TÍMAMÓT 22



**Vegið að lýðræðinu**

„Er það lýðræði að einstaklingur setjist í forsetastól með stuðningi minnihluta þjóðar og sitji þar í áskrift án kosninga til eilífðarnóns?" spyr Ástþór Magnússon.

UMRÆÐAN 20

**Langar heim**

Sigfús Sigurðsson vill flytja aftur heim til Íslands af því að hann saknar sonar síns.

ÍÞRÓTTIR 30



## VEÐRIÐ Í DAG




**SKÚRIR EÐA ÉL** - Í dag verður fremur hæg breytileg átt en þó strekkingur vestast á Vestfjörðum. Víða lítilsháttar skúrir eða él nú með morgninum en styttir upp á austurhluta landsins um hádegi. Hiti nálægt frostmarki með ströndum.

VEÐUR 4



FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

**BJARGAÐ** Tólf manns var hjálpað út úr íbúðum sínum í Jórufelli í Breiðholti í gær. Bæði var fólkið flutt niður í stiga og með körfubíl, auk þess sem nokkrir fengu fylgd niður stigaganginn með svokölluðum björgunarmöskum. Kveikt var í rusli í stigagangi hússins og var allt tiltækt slökkvilið sent á staðinn.

Sjá síðu 2

Umsögn Seðlabankans:

# Kaupþing kærir evruskráningu til ráðuneytis

**VIÐSKIPTI Seðlabankinn leggst gegn því að Kaupþing fái að færa bókhald sitt í evrum í umsögn sinni til Ársreikningaskrár.**

**Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins vildi Ársreikningaskrá heimila bankanum að færa bókhaldið í evrum, en þó með því skilyrði að svo yrði ekki fyrr en yfirtaka bankans á hollenska bankanum NIBC verður um garð gengin. Hins vegar hafi Seðlabankinn lagst gegn málinu í umsögn sinni.**

**Kaupþing sótti um það í haust að fá að færa bókhald sitt í evrum. Samkvæmt reglugerð sem tók gildi fyrir tæpu ári, þarf Seðlabankinn að veita umsögn um þessi mál þegar banki á í hlut.**

**Kaupþing hefur kært niðurstöðuna til fjármálaráðuneytisins.**

- ikh / Sjá Markaðinn


**> Markaðurinn**

*Sögurnar ... tölurnar ... fólkið ...*

FYLGIR MEÐ FRÉTTABLAÐINU Í DAG





Vísindatímaritið Science birtir lista yfir tíu stærstu uppgötvanir síðasta árs:

# Íslensk uppgötvun ein sú merkasta

**VÍSINDI** Hin fullkomna lausn á því hvernig spila eigi damm án þess að tapa er ein af tíu merkilegustu uppgötvunum síðasta árs samkvæmt vísindatímaritinu Science. Dr. Yngvi Björnsson, dósent við tölvunarfræðideild Háskólans í Reykjavík, fann lausnina ásamt teymi kanadískra vísindamanna, og er einn af aðalhöfundum greinar um lausnina sem birtist í tímaritinu í sumar.

Listinn yfir tíu merkilegustu uppgötvanirnar var birtur á vefsíðu tímaritins, sem er eitt það virtasta í vísindaheiminum, í lok desember. Lausn Yngva og félaga lenti í tíunda sæti, á eftir uppgötvunum á borð við erfðamengjagreiningu, nýja tegund rafeindasnúnings, endurforritun frumna og notkun minninga til að spá fyrir um framtíðina.

„Þetta er fyrst og fremst skemmtileg viðurkenning, en hefur kannski ekki mikil áhrif," segir Yngvi. „Það var í sjálfu sér meiri viðurkenning að greinin um lausnina hafi verið birt í tímaritinu síðasta sumar, og hafði mun meiri áhrif. Þetta er eitt virtasta vísindatímarit heims og erfitt að fá greinar sínar birtar þar."



DR. YNGVI BJÖRNSSON

Lausnin á dammtaflinu er ekki eina afrekið sem Yngvi vann í fyrra, en hann varð einnig heimsmeistari í gervigreind í fyrrasumar ásamt Hilmari Finnssyni, meistaranema í tölvunarfræði við Háskólann í Reykjavík.

Yngvi segir helsta lærdóminn sem draga megi af öllu þessu vera þann að Íslendingar þurfi ekki að hafa neina minnimáttarkennd þótt þjóðin sé fámenn og rannsóknarfjármagn oft af skornum skammti. „Við erum alveg fullgildir meðlimir í vísindasamfélaginu, við þurfum ekki að hafa neina minnimáttarkennd." - sþs




## SPURNING DAGSINS



**ÞÓRARINN TYRFINGSSON, YFIRLÆKNIR Á VOGI**

*Þórarinn, verða menn full Vogaðir um jólin?*

„Jú mér sýnist það sjálfum og einnig benda upplýsingar bankanna um yfirdrátt landans til þess.“

Mikið annríki er á sjúkrahúsinu Vogi eftir hátíðirnar en nú þegar bíða um þrjú hundruð manns eftir meðferðarplássi þar. Þórarinn Tyrfingsson, yfirlæknir á Vogi, segir að alltaf séu miklar annir á sjúkrahúsinu eftir jólin.

Hætt við að dreifa strætókortum í gegnum nemendafélög vegna misnotkunar:

# Dreifing kortanna í höndum Strætó

**SAMGÖNGUR** Framhalds- og háskólanemar í Reykjavík sem byrjuðu í skóla eftir áramót hafa margir lent í erfiðleikum með að nálgast strætókort. Hætt hefur verið við að dreifa kortunum í gegnum nemendafélög skólanna, og þurfa þeir sem vilja strætókort nú að sækja það hjá Strætó bs.

Baldvin Sigurðsson, nemandi við Iðnskólann í Reykjavík sem byrjaði nú eftir áramót, segist hafa lent í sannkallaðri hringekju þegar hann ætlaði að verða sér úti um kort. „Ég fór fyrst til nemendafélagsins sem sagðist ekki dreifa kortunum lengur og vísaði mér á Strætó. Þeir sögðu nei og vísuðu mér á Reykjavíkurborg, sem vísaði mér aftur á Strætó. Þá fékk ég loksins samband við mann sem ætlaði að redda þessu fyrir mig, en það tekur viku,“ segir hann. „Ég var heilan dag að sendast á milli staða út af þessu.“



**STRÆTISVAGNAR** Nemendafélög skóla réðu sum hver ekki við að dreifa strætókortunum á ábyrgan hátt, segir sviðsstjóri þjónustusviðs Strætó. Því var hætt að dreifa kortunum á þann hátt. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

Einar Kristjánsson, sviðsstjóri þjónustusviðs Strætó, segir að hætt hafi verið að dreifa kortunum í gegnum nemendafélög skólanna vegna þess að sum félögin hafi ekki ráðið við það. Kort hafi komist í rangar hendur og nokkuð um misnotkun vegna þess.

Til þess að fá strætókort þurfi nemendur nú að senda póst á skolakort@straeto.is með nafni, kennitölu og skóla. Síðan sé kortið sótt á skrifstofu Strætó í Mjódd eftir viku bið í mesta lagi. **- sþs**

Kona forsætisráðherra Taílands:

# Handtekin vegna spillingar

**TAÍLAND, AP** Eiginkona Thaksin Shinawatra, fyrrverandi forsætisráðherra Taílands, var handtekin í gær vegna spillingarákæra þegar hún sneri aftur til Taílands. Thaksin var bolað frá völdum í september 2006 í kjölfar ásakana um víðtæka spillingu.

Réttað verður yfir Pojamarn Shinawatra 23. janúar. Verði hjónin bæði sakfelld fyrir allar ákærur gætu þau átt yfir höfði sér allt að 28 ára fangelsi.

Flokkar sem styðja Thaksin sigruðu í kosningum í desember og vinna nú að myndun meirihluta. **- sdg**

Saga Capital:

# Í mál gegn varaþingmanni

**DÓMSMÁL** Fjárfestingabankinn Saga Capital hefur höfðað mál gegn Dögg Pálsdóttur, hæstaréttarlögmanni og varaþingmanni Sjálfstæðisflokksins, vegna deilna um kaup á hlutabréfum í SPRON hf. Aðalmeðferð í málinu hefst í dag.

Auk Daggar hefur bankinn stefnt syni hennar, Páli Ágústi Ólafssyni, og fyrirtækinu Insolidum ehf.

Jóhannes Karl Sveinsson, lögmaður Daggar, vildi ekkert tjá sig um málið við Fréttablaðið í gær, frekar en Dögg, en staðfesti þó að um væri að ræða ágreining um hvort samningur sem tengdist hlutabréfakaupum væri gildur. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins er um að ræða viðskipti fyrir hundruð milljóna króna. **- mh**

Forstöðumaður Litla-Hrauns:

# Margrét stýrir Litla-Hrauni

**FANGELSISMÁL „Ég kann mjög vel við mig á Litla-Hrauni,“ segir Margrét Frímannsdóttir, fyrrverandi þingmaður, en hún hefur verið ráðin forstöðumaður fangelsins á Litla-Hrauni í leyfi Kristjáns Stefánssonar. Margrét tekur formlega við starfinu 1. febrúar en Kristján ráðgerir að vera í leyfi í eitt ár.**



**MARGRÉT FRÍMANNSDÓTTIR**

**Margrét er fyrsta konan til að gegna stöðu forstöðumanns í sögu fangelsisins. Sjálf er hún dóttir fangavarðar og hefur hún því lengi haft innsýn í lífið á Litla-Hrauni. Þar að auki hefur hún starfað sem ráðgjafi í fangelsinu frá því í nóvember á nýliðnu ári.** **- kdk**

Nicolas Sarkozy:

# Ást forsetans opinberuð

**FRAKKLAND, AP** Nú er það opinbert. Nicolas Sarkozy Frakklandsforseti segir að full alvara sé í sambandi hans við ítölsku fyrirsætuna/söngkonuna Cörlu Bruni. Hann gaf á blaðamannafundi í París í skyn að brúðkaupsáform væru í uppsiglingu. „Það gæti vel gerst að þið heyrðuð fyrst af því eftir að það er um garð gengið,“ sagði Sarkozy beðinn að bregðast við fullyrðingu í dagblaði um helgina um að brúðkaup væri fyrirhugað í febrúar.

Sarkozy skildi við eiginkonu sína, Ceciliu, fyrir þremur mánuðum og á síðustu vikum hafa þau Bruni sést sæl saman við hin ýmsu tækifæri. **- aa**

# Klippt á myndavélar áður en kveikt var í

**Kveikt var í rusli í stigagangi í Breiðholti í gærdag. Tólf manns voru aðstoðaðir við að komast út úr íbúðum sínum vegna mikils reyks. Öryggismyndavélar eru í húsinu en klippt hafði verið á snúrur þeirra í tvígang fyrir íkveikjuna.**

**LÖGREGLUMÁL** Eldur kviknaði í stigagangi í Jórufelli 4 í Breiðholti um hádegisbil í gær. Að sögn rannsóknarlögreglu virðist sem kveikt hafi verið í rusli á jarðhæð hússins.

Jórufell 4 er í eigu Félagsbústaða hf. Öryggismyndavélar eru í stigaganginum þar sem eldurinn kom upp, en klippt var á snúrur þeirra fyrir þremur dögum. Starfsmaður Félagsbústaða kom myndavélunum aftur í gang í fyrradag en þegar bruninn kom upp í gær hafði á nýjan leik verið klippt á snúrurnar.

Fjöldi íbúa var í húsinu þegar eldurinn kviknaði en vel gekk að koma þeim út. „Við tókum nokkra niður af svölum með stiga og aðra með körfubíl. Svo voru fjórir teknir í gegnum stigaganginn með þar til gerðum björgunarmaska,“ segir Jón Viðar Matthíasson slökkviliðsstjóri. Slökkviliðið aðstoðaði alls tólf manns við að komast út úr húsinu. Tvær konur voru fluttar á slysadeild vegna gruns um reykeitrun.

Jón Viðar segir það hafa hjálpað slökkviliðsmönnum að íbúarnir hafi verið yfirvegaðir og inni í íbúðum sínum. „Það er grundvallarregla þegar eldur kemur upp í fjölbýlishúsum að fólk haldi sig í íbúðunum og geri vart við sig á einhvern máta.“

Eldurinn var kveiktur í ruslahrúgu á jarðhæð, en íbúi í húsinu hafði hringt í félagsþjónustuna í Breiðholti og kvartað undan ruslinu stuttu áður en eldsins varð vart. Að sögn íbúa hafa deilur staðið yfir vegna ruslsins, sem allt er frá einni íbúð, um nokkurt skeið.

Íbúar í húsum Félagsbústaða hafa ekki aðgang að ruslageymslum, heldur sér starfsmaður frá Félagsbústöðum um að tæma geymslur. Nokkur óánægja hefur verið meðal íbúa vegna þessa. Að sögn Sigurðar Kr. Friðrikssonar, framkvæmdastjóra Félagsbústaða, var geymslunum meðal annars læst til þess að koma í veg fyrir íkveikjur. Þar hafi áður verið komið fyrir miklu magni af rusli sem ekki hafi átt heima í geymslunni. Hann segist þó telja útilokað að íbúar hússins hafi haft nokkuð með brunann að gera, annað en það að þeir hafi ekki átt að setja rusl sitt í stigaganginn.

thorunn@frettabladid.is



**ÍBÚUM BJARGAÐ ÚT** Slökkviliðsmenn hjálpuðu tólf manns út úr húsinu. Íbúum á fjórðu hæð var komið niður með hjálp körfubíls, en íbúar á þriðju hæð fylgdust með gangi mála á meðan þeir biðu eftir því að komast út. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Erfiðleikar vegna lækkana:

# Gnúpur ekki á leið í gjaldþrot

**VIÐSKIPTI „Gnúpur er ekki gjaldþrota, ekki að fara í gjaldþrot og við erum ekki að slíta félaginu,“ segir Kristinn Björnsson, stjórnarformaður Gnúps fjárfestingarfélags og næst stærsti eigandinn. Hann vill að öðru leyti ekki tjá sig um stöðu Gnúps, sem sé fjárfestingarfélag í einkaeigu.**



**KRISTINN BJÖRNSSON**

**Miklar sögusagnir hafa gengið um að eigið fé félagsins sé uppurið. Um mánaðamótin ágúst og september var eigið fé félagsins um 45 milljarðar króna. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins hefur það fé að miklu leyti tapast vegna þróunar á mörkuðum. Svipað er komið fyrir öðrum fjárfestum, sem voru stórir í FL Group, eins og Hannesi Smárasyni, Þorsteini M. Jónssyni og Magnúsi Ármann.** **- bg**



**ÚR KAUPHÖLLINNI** Úrvalsvísitalan hefur lækkað um 10,5 prósent frá áramótum.

Enn lækkar Úrvalsvísitalan:

# Engin hækkun í rúmt ár

**VIÐSKIPTI** Úrvalsvísitalan lækkaði um 1,18 prósent í gær, fjórða daginn í röð en það jafngildir því að vísitalan hafi fallið um 10,5 prósent frá áramótum.

Vísitalan stendur í 5.653 stigum og hefur ekki verið lægri síðan um miðjan ágúst í hittifyrra. Gengi bréfa í öllum bönkum og fjármálafyrirtækjum hér hefur lækkað um 13 til 53 prósent í yfirstandandi dýfu síðastliðna tólf mánuði. Gengi bréfa Landsbankans hafa hækkað um tæp fjórtán prósent á sama tíma.

Athygli vekur að heildarviðskipti dagsins námu rétt rúmum 4,9 milljörðum króna, sem er rúmlega helmingi minni velta en á meðaldegi. **- jab**

Umsækjendur um héraðsdómarastöðu fengu rökstuðning í gær:

# Efast um réttmæti aðferða

**DÓMSTÓLAR** „Rökstuðningurinn endurspeglar bara sjónarmið ráðherrans,“ segir Pétur Dam Leifsson lögmaður. Hann var annar þeirra sem óskuðu eftir rökstuðningi ráðherra vegna ráðningar Þorsteins Davíðssonar í stöðu héraðsdómara.

Árni Mathiesen, settur dómsmálaráðherra í málinu, skilaði rökstuðningi sínum í gær. Samkvæmt rökstuðningnum öðlaðist Þorsteinn reynslu af öllum hliðum lögfræði sem aðstoðarmaður dómsmálaráðherra á árunum 2003 til 2007. Einnig kemur þar fram að hann hafi gegnt veigamiklum nefndarstörfum á vegum hins opinbera, hafi gegnt forystustörfum í félagsmálum frá unglingsárum og sitji nú í dómnefnd Bókmenntaverðlauna Tómasar Guðmundssonar. Þá kemur fram að fjölbreytt reynsla hans og þekking, ekki síst sem aðstoðarmaður ráðherra, geri það að verkum að Þorsteinn sé hæfastur umsækjenda um embætti héraðsdómara.

„Ég tel eftir sem áður mikilvægt að það reyni á það hvort sú aðferðafræði sem ráðherrann hefur viðhaft í þessu máli geti talist réttmæt með hliðsjón af öllu því sem liggur fyrir í málinu,“ segir Pétur jafnframt. Hann segist reikna með því að taka sér góðan tíma til að íhuga næstu skref. **- þeb**



**ÁRNI MATHIESEN** Sendi umsækjendunum tveimur sem þess óskuðu rökstuðning sinn í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

## LÖGREGLUFRÉTTIR

### Fékk járn í gegnum lærið

Maður slasaðist í fyrradag á Seyðisfirði er hann hrasaði með þeim afleiðingum að steypustyrktarjárn stakkst í gegnum lærið á honum. Maðurinn var við störf í stöðvarhúsinu við Fjarðarsel þegar slysið varð. Hann var fluttur á sjúkrahúsið í bænum þar sem gert var að sárum hans.




GOTT FÓLK

# VERTU VISS UM AÐ KOMAST ALLA LEIÐ

Í samvinnu við FÍB býður Sjóvá nú viðskiptavinum í Stofni ókeypis bráðaþjónustu á vegum úti, fyrst allra tryggingafélaga á Íslandi.

Hefti bíllinn för þína með bilunum, sprungnu dekki, bensín- eða straumleysi geturðu hringt í 440 2222 og fengið aðstoð umsvifalaust.

Þjónustan er fyrir viðskiptavini í Stofni og er bundin við höfuðborgarsvæðið, Reykjanesbæ, Selfoss og Akureyri.

SJÓVÁ | KRINGLUNNI 5 | 103 REYKJAVÍK | SÍMI 440 2000 | SJOVA.IS | SJOVA@SJOVA.IS

SJÓVÁ
STOFN

## GENGIÐ 08.01.2008

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
| --- | --- | --- |
| Bandaríkjadalur | 61,77 | 62,07 |
| Sterlingspund | 122,15 | 122,75 |
| Evra | 90,81 | 91,31 |
| Dönsk króna | 12,19 | 12,262 |
| Norsk króna | 11,513 | 11,581 |
| Sænsk króna | 9,677 | 9,733 |
| Japanskt jen | 0,5632 | 0,5664 |
| SDR | 97,63 | 98,21 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
119,8053

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Hundaræktin í Dalsmynni hefur einkaleyfi á skammstöfuninni HRFÍ:

# Hundaræktendur í hár saman

**DÝRAHALD** „Í fyrstu munum við fara þess á leit við Íshunda að þeir felli þetta niður,“ segir Ólafur Garðarsson hæstaréttarlögmaður um mál sem komið er upp milli Íshunda, hundaræktarinnar í Dalsmynni og Hundaræktarfélags Íslands. Forráðamenn Íshunda hafa fengið einkaleyfisskráningu á skammstöfuninni HRFÍ sem hefur verið skammstöfun Hundaræktarfélags Íslands í 40 ár eða allt frá stofnun þess.

Stjórn HRFÍ hefur falið Ólafi að sjá til þess að einkaleyfisskráningin verði afturkölluð eða felld niður.

„Það er mat stjórnarinnar að Einkaleyfastofan hafi gert mistök með því að skrá HRFÍ sem einkaleyfi hjá Íshundum, en það hefur verið í notkun sem skammstöfun á nafni Hundaræktarfélags Íslands, frá stofnun þess 4. september 1969,“ segir í yfirlýsingu frá stjórn félagsins.

„Hundaræktarfélag Íslands á lénið hrfi.is og hrfí.is. Félagið hefur merkt fatnað sinn með þessari skammstöfun og notað skammstöfunina í merkjum á vegum félagsins. Ennfremur hafa bæði opinberar íslenskar og alþjóðlegar sýningar verið haldnar undir merkjum HRFÍ.“ - jss



**Í DALSMYNNI** Lögmaður Hundaræktafélags Íslands segir að dómstólar muni skera úr um málið verði ekki orðið við tilmælum um niðurfellingu einkaleyfisskráningarinnar.

Dómur Hæstaréttar:

# Tíu tölva þjófur í gæsluvarðhaldi

**DÓMSMÁL** Maður sem grunaður er um stórþjófnaði og fjársvik hefur verið dæmdur í Hæstarétti til að sæta gæsluvarðhaldi til 1. febrúar.

Maðurinn er grunaður um að hafa stolið tveimur tölvum úr verslun í desember 2006 og tveimur til viðbótar úr annarri verslun í október 2007. Í nóvember er hann grunaður um að hafa stolið fjórum tölvum, sjónvarpi og myndbandsupptökuvél auk fleiri hluta úr verslun og í desember tveimur fartölvum til viðbótar. Þá er hann grunaður um að hafa látið millifæra tæpar tvær milljónir króna af bankareikningi annars manns í heimildarleysi. - jss

## ERLENT

Rúmenía:

### Mega slátra að sið áfram



Rúmenía hefur fengið sérstakt leyfi hjá Evrópusambandinu til að halda í aldagamlan sið í sveitahéruðum landsins sem felur í sér að svínum og lömbum er slátrað án þess að þau séu svipt meðvitund áður. Lög ESB kveða á um að slík dýr séu aflífuð með mannúðlegum hætti, á sláturhúsum og séu deyfð fyrst. Rúmenar sögðu þessar reglur ógna þjóðararfi sínum.




Bandaríkin:

### Flutti inn í Ikea-verslun

Á meðan verið er að eiturúða íbúð grínistans Marks Malkoff vegna kakkalakka fékk hann að flytja inn í Ikea-verslun í New Jersey í Bandaríkjunum á mánudaginn. „Það að Ikea leyfi mér þetta er ráðgáta. Það er ekki möguleiki á að ég snúi til baka. Ég er alltof hrifinn af þessu íbúðarformi.“ Malkoff, sem er að gera heimildarmynd um þessa dvöl, kvartar þó yfir því að vaskar, klósett, ísskápar, sjónvörp, þvottavélar og þurrkarar virki ekki.

Bandaríkin:

### Hundur drap eiganda sinn



Sporhundur virðist hafa stigið á hlaðna haglabyssu sem lá aftan í pallbíl og með því skotið eiganda sinn í lærið meðan þeir voru í gæsaveiðiferð að því er lögreglan í Houston í Bandaríkjunum greindi frá. Eigandinn, Perry Alvin Price III lést skömmu síðar á sjúkrahúsi vegna blóðmissis.

# Hugmynd um að semja til eins árs

**Svör berast frá ríkisstjórninni í dag við kröfum um skattabreytingar. Sáttatillaga verður lögð fram á morgun en hún er að hluta enn ómótuð. Skiptar skoðanir eru innan Starfsgreinasambandsins. Hugmynd er um að semja til eins árs.**

**VINNUMARKAÐUR** Skiptar skoðanir eru innan Starfsgreinasambandsins um nýja sáttahugmynd sem lögð verður fram á fundi með Samtökum atvinnulífsins á morgun.

Tillagan er ekki fullmótuð, en gert er ráð fyrir samningi til tveggja ára, og að lægstu taxtar muni hækka um 20 þúsund og verða 139 þúsund krónur. Gert er ráð fyrir skattafríðindum fyrir þá lægst launuðu. Þá er lagt til að þeir sem ekki hafi notið launaskriðs í rúmt ár fái nokkurra prósenta hækkun og launaþróunartryggingu.

Vilhjálmur Birgisson, formaður Verkalýðsfélags Akraness vill fylgja tillögunni sem lögð verði fram. Haldið verði fast við hækkun lágmarksklauna um 20 þúsund á mánuði á fyrra ári samningsins og að tekjutrygging hækki í 150 þúsund á fyrsta samningsárinu. Undir lok samningstímans verði tekjutrygging orðin 165 þúsund krónur. „Þetta er grunnforsenda fyrir því að geta samþykkt slíkan samning,“ segir hann.

Þessu er Aðalsteinn Baldursson, formaður Verkalýðsfélags Húsavíkur ekki endilega sammála. „Það er mikill óróleiki í efnahagslífinu og ekki ráðlegt að semja til of langs tíma,“ segir hann og leggur til að samið verði einungis til eins árs. Þá væri hægt að sækja meiri launahækkun þegar aðrir hafa gengið frá sínum samningum. Verkalýðshreyfingin hafi oft verið gagnrýnd fyrir það að ganga snemma frá samningum.



**SKIPTAR SKOÐANIR** Skiptar skoðanir eru innan Starfsgreinasambandsins um þá sáttatillögu sem verkalýðshreyfingin hyggst leggja fram á fundi með fulltrúum Samtökum atvinnulífsins á morgun. Tillagan er enn ekki að fullu mótuð. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Vilhjálmur Birgisson segir að þessi hugmynd hafi lítið verið rædd en vel sé hugsanlegt að menn skoði þann möguleika, komi til þess að endurmeta þurfi stöðuna.

Ingibjörg R. Guðmundsdóttir, varaforseti ASÍ, segir að í dag berist svör frá ríkisstjórninni um skattbreytingar fyrir þá lægst launuðu. „Við verðum að vita hvað ríkisstjórnin vill gera,“ segir hún.

Ef svar fæst ekki frá stjórnvöldum má búast við að deilunni verði vísað til ríkissáttasemjara fyrir helgi. ghs@frettabladid.is



**ÞORSKELDI** Miklar vonir eru bundnar við eldi þorsks í framtíðinni. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Tillögur fiskeldishóps AVS:

# 100 milljónir í þróun þorskeldis

**FISKELDI Fiskeldishópur AVS, sem er rannsóknarsjóður á vegum sjávarútvegsráðuneytisins, leggur til að á tímabilinu 2008-2010 verði opinbert framlag til rannsókna- og þróunarstarfs í þorskeldi 100 milljónir króna á ári. Til viðbótar kemur 25 milljóna árlegt framlag til kynbóta á þorski, 500 tonna árlegar aflaheimildir til þorskeldis, framlag ríkissjóðs til stofnana, styrkir úr erlendum rannsóknasjóðum og framlag fyrirtækja sem stunda tilraunaeldi á þorski.**

**Stefnumótunin er meðal annars byggð á tillögum fimm faghópa á þorskeldisráðstefnunni „Stöðumat og stefnumótun í þorskeldi“ sem haldin var í nóvember.** - shá

Þróunarsamvinnustofnun:

# Afhentu þjónustumiðstöð

**ÞRÓUNARAÐSTOÐ** Þróunarsamvinnustofnun Íslands afhenti á dögunum fjórðu þjónustumiðstöðina af tuttugu og fimm sem áætlað er að reisa við löndunarstaði á Srí Lanka. Miðstöðin er í Ulhitiya, og er hluti af þróunaraðstoð við fiskimannasamfélög á svæðinu.

Í þjónustumiðstöðvunum er aðstaða fyrir skrifstofu samvinnufélags fiskimanna, aðstaða fyrir fundahöld, salerni, rafmagn og neysluhæft drykkjarvatn. - sþs






## VEÐURSPÁ



Sigurður Þ. Ragnarsson, veðurfræðingur

**ÚRKOMULOFT Á LEIÐ YFIR LANDIÐ**
Nú í dag er úrkomuloft á leið vestur yfir landið. Þetta sýnist vera heldur veiklulegt og því ekki að sjá mikla úrkomu í þessu. Það er alls ekki ólíklegt að sumstaðar verði úrkomulítið. Núna með morgninum eru horfur á éljum all víða en kerfið gengur til vesturs og því styttir upp á austurhelmingi landsins um hádegi. Það er ekki að sjá annað en næstu dagar, þar á meðal helgin verði róleg.

**REYKJAVÍK Í DAG**
Hæg norðaustan átt og stöku él. Hiti við frostmark.




um hádegi »

| | | | | | |
| --- | --- | --- | --- | --- | --- |
| Kaupmannahöfn | 4°C skúrir | London | 9°C hálfskýjað | Friedrichshafen | 4°C alskýjað |
| Billund | 5°C skúrir | París | 10°C skúrir | Lúxemborg | 6°C skúrir |
| Osló | 2°C snjóél | Amsterdam | 6°C léttskýjað | Alicante | 18°C alskýjað |
| Stokkhólmur | 4°C skúrir | Frankfurt | 4°C skúrir | Róm | 14°C hálfskýjað |
| Gautaborg | 6°C rigning | Berlín | 4°C hálfskýjað | Las Palmas | 21°C hálfskýjað |

* Vindhraði er í metrum á sekúndu.

# OFNÆMI... NEI TAKK




NORDISK MILJØMÆRKNING

Neutral vörurnar eru viðurkenndar af Ofnæmis- og astmasamtökum Norðurlanda

ENNEMM / SIA / NM31595




VIÐ HÖFUM ALLTAF VITAÐ AÐ **HLUTLAUSU** NEUTRAL HÚÐ- OG HREINLÆTISVÖRURNAR FYRIR BÖRN INNIHALDA ENGIN ROTVARNAREFNI, ILMEFNI EÐA OFNÆMISVALDANDI EFNI.

**NÚ HAFA HLUTLAUSAR FRÉTTASTOFUR SÉÐ ÁSTÆÐU TIL AÐ ÍTREKA ÞAU SANNINDI.**

VOTTAÐ UMHVERFISMERKI ER ÞÍN TRYGGING.

Neutral®
verndar viðkvæma húð

## KJÖRKASSINN



*Fylgist þú með aðdraganda bandarísku forsetakosninganna?*

JÁ 54,7%
NEI 45,3%

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Telur þú að menntamálaráðherra eigi að láta friða húsin við Laugaveg 4-6?*

Segðu þína skoðun á visir.is

Gera ráð fyrir skuldbindingum vegna hlutafjárútboðs Kaupþings á næstu vikum:

# Lausafé Existu dugar út árið

**VIÐSKIPTI** Aðgangur fjármálafyrirtækisins Existu að lausu fé nægir til að mæta endurfjármögnunarþörf félagsins nær allt árið, að sögn Erlends Hjaltasonar, forstjóra félagsins.

Gengi bréfa Existu hefur lækkað hratt síðustu vikur, nokkuð í takt við lækkanir á stærstu eignum félagsins erlendis. Samkvæmt útreikningi blaðsins nemur sú lækkun þessar mundir nálægt 33 milljörðum króna. Í kjölfarið hafa vaknað spurningar um getu félagsins til að standa við að sölutryggja til hálfs væntanlegt hlutafjárútboð Kaupþings.



**Á AÐALFUNDI 2007** Engu er líkara en þeir séu í þungum þönkum Ágúst Guðmundsson stjórnarmaður (lengst til hægri) og Erlendur Hjaltason, forstjóri Exista. Til vinstri glittir í Lýð Guðmundsson stjórnarformann. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

„Í áætlunum okkar tökum við að sjálfsögðu tillit til þeirra skuldbindinga sem Exista hefur tekist á hendur, til dæmis í væntanlegu útboði Kaupþings, jafnvel þótt fjárhæð þess hlutar sem mun falla Exista í skaut í útboðinu sé óviss á þessari stundu,“ segir Erlendur og bætir við að félagið leggi ríka áherslu á öfluga lausafjárstöðu. „Aðgangur okkar að lausu fé í árslok mætir endurfjármögnunarþörf félagsins til næstu 50 vikna og eru þá ekki taldar með auðseljanlegar eignir.“ Hann bendir jafnframt á að endurfjármögnun á árinu nemi einungis um fjórðungi af heildarfjármögnun síðasta árs. - óká

Hrasaði á harðahlaupum:

# Stakk sig á stolnum hníf

**BANDARÍKIN Búðarþjófur í Grand Rapids í Bandaríkjunum liggur á gjörgæsludeild með stungusár á maga eftir misheppnaða þjófnaðartilraun á mánudag. Hann reyndi að stinga af á hlaupum með stolinn eldhúshníf innan klæða, en hrasaði þannig að hann stakkst í magann á honum.**

**Samkvæmt fréttavef CBS fundu lögregluþjónar manninn liggjandi meðvitundarlausan á gólfi verslunarinnar, og komu honum þegar í stað á sjúkrahús. Honum var sleppt úr varðhaldi þar sem brot hans þótti ekki alvarlegt.** - sþs

## REYKJAVÍK

### Stækka N1 í Ártúnsbrekku

N1 hyggur á mikla stækkun starfsstöðvar sinnar við norðanverða Ártúnsbrekku. Byggja á nýja 515 fermetra þjónustustöð og hins vegar verður byggt um 500 fermetra dekkja- og smurverkstæði með dekkjahóteli. Metanlögn frá Álfsnesi verður tengd inn á stöðina sem jafnframt verður átöppunarstaður fyrir metangáma.

## DÓMSTÓLAR

### Karlmaður áfram í farbanni

Karlmaður sem grunaður er um að hafa ekið á fjögurra ára dreng í Reykjanesbæ í nóvember með þeim afleiðingum að drengurinn lést hefur verið úrskurðaður í áframhaldandi farbann til 29. janúar.

# Vantar starfsmenn á helming leikskóla

**Hátt í tvö hundruð starfsmenn vantar á leikskóla hjá borginni. Einn eða fleiri starfsmenn vantar á 55 af 80 leikskólum. Á átján skóla vantar þrjá eða fleiri. Á Hálsaborg vantar helming starfsmanna. Þar eru börnin heima þriðja hvern dag.**

**LEIKSKÓLAR** Mannekla er á leikskólum hjá Reykjavíkurborg. Af tæplega 1.400 starfsmönnum vantar um tíu prósent, eða hátt í tvö hundruð í 130 stöðugildi. Af 80 leikskólum í borginni eru 25 fullmannaðir. Á tíu leikskóla vantar starfsmenn í hálft til eitt stöðugildi, á 25 leikskóla vantar fólk í eitt til þrjú stöðugildi og á átján leikskóla vantar fólk í þrjú stöðugildi eða fleiri. Miðað er við 1. janúar.



SIGRÚN ELSA SMÁRADÓTTIR

Sigrún Elsa Smáradóttir, formaður Leikskólaráðs, segir að leikskólarnir hafi allar klær úti til að manna starfsemina. Hver leikskóli hafi sína eigin viðbragðsáætlun ef fólk vantar eða veikindi koma upp. Illgerlegt sé að koma upp neyðarteymi til að fara á milli leikskóla þar sem fólk vilji frekar ráða sig á fastan stað. Þá geti leikskólarnir aðeins tekið inn fólk sem ekki hefur vald á íslensku að takmörkuðu leyti.

Sigrún Elsa segir að ýmissa nýrra ráða sé leitað. Þannig hafi neyðarteymi verið rætt, einnig samstarf grunnskóla og leikskóla og að efla samstarf við aðra, til dæmis myndlistarskóla. Hún segir að fáir eldri borgarar hafi sóst eftir vinnu á leikskóla en að sjálfsögðu séu ráðnir 18 ára og eldri. Launin hafi hækkað um 11 prósent 1. nóvember.

Ástandið er sums staðar svo slæmt að leikskólar eru farnir að senda börn heim. Þannig þurfa



**Á LEIKSKÓLA ER GAMAN** Mannekla er á leikskólunum hjá Reykjavíkurborg og hátt í tvö hundruð starfsmenn vantar, eða um tíu prósent starfsmanna.

börn á leikskólanum Hálsaborg að vera einn dag heima af hverjum þremur. Á Hálsaborg vantar fimm til sex starfsmenn af tólf. Eygló Guðmundsdóttir, formaður Foreldrafélagsins á Hálsaborg, segir að ástandið sé hræðilegt.

„Ég leysi þetta með því að taka barnið með mér í vinnuna,“ segir hún. „Mér finnst ömurlegast að heyra viðbrögð okkar foreldranna við þessar aðstæður. Við látum ekki nógu mikið í okkur heyra. Við reynum alltaf að leysa málið, taka frí í vinnunni eða bjarga málinu með því að senda barnið til ömmu og afa. Það hefur ekki nógu mikil áhrif út í þjóðfélagið.“

Ólöf Helga Pálmadóttir, leikskólastjóri á Hálsaborg, segir að auglýst hafi verið eftir starfsmönnum og fyrirspurnir borist. „Fólk er ekki mikið í atvinnuleit í desember,“ segir hún og telur lausnina tæpast felast í að draga úr kröfum. „Við erum að vinna í þessu.“

Um 200 börn eru á biðlista, tæp sjötíu hafa fengið loforð um pláss en ekki komist inn.

ghs@frettabladid.is


UST Umhverfisstofnun

**Landvarðanámskeið 2008**

Umhverfisstofnun auglýsir námskeið í landvörslu sem haldið verður í húsnæði stofnunarinnar, Suðurlandsbraut 24, í febrúar og mars n.k. Þátttaka í námskeiðinu veitir landvarðaréttindi og forgang um landvörslustörf á vegum Umhverfisstofnunar. Námskeiðsgjald er kr. 65.000.-. Námskeiðið er háð því að viðunandi þátttaka fáist.

Umsóknum skal skilað bréflega til Umhverfisstofnunar, Suðurlandsbraut 24 eða í tölvupósti á netfangið ust@ust.is fyrir 1. febrúar 2008. Í umsókn komi fram nafn, kennitala, heimilisfang, sími og netfang. Skilyrði er að umsækjendur séu fæddir 1988 eða fyrr.

Aðallega er kennt um helgar og á kvöldin á virkum dögum og er lengd námskeiðsins í heild sinni 120 klst.

**Nánari upplýsingar um dagskrá námskeiðsins eru á heimasíðu Umhverfisstofnunar www.ust.is.**





Réttarhöld yfir fyrrverandi forseta Líberíu við stríðsglæpadómstólinn í Haag:

# Morð og limlestingar á ábyrgð Taylors

**HOLLAND, AP** Prestur frá Síerra Leóne lýsti hvernig uppreisnarmenn frömdu fjöldamorð á 101 manni, limlestu börn og nauðguðu konum þegar hann bar vitni við réttarhöldin yfir Charles Taylor, fyrrverandi forseta Líberíu, hjá stríðsglæpadómstólnum í Haag í Hollandi í gær. Önnur vitni lýstu því hvernig þau voru misnotuð kynferðislega og aflimuð af uppreisnarmönnunum sem rændu gimsteinanámur í Síerra Leóne.

Taylor er sagður hafa stutt uppreisnarmennina sem rændu demöntum að andvirði eins til 7,7 milljarða króna á ári og smygluðu gegnum Líberíu. Taylor notaði gróðann til vopnakaupa fyrir uppreisnarmennina sem leiddi til þess að farið var að tala um „blóðdemanta“.

Taylor, sem er 59 ára gamall, er sakaður um að hafa skipulagt nauðganir, morð og limlestingar í Síerra Leóne. Hann hefur lýst sig saklausan af öllum ellefu ákæruliðunum.

Réttarhöldin yfir Taylor hófust á ný á mánudag eftir sex mánaða hlé. Var þeim frestað í júní síðastliðinn eftir fyrsta dag þeirra sem einkenndist af ringulreið. Taylor lét ekki sjá sig og rak lögfræðing sinn.

Taylor er fyrsti fyrrverandi leiðtogi Afríkuríkis sem kemur fyrir alþjóðlegan dómstól. - sdg



**CHARLES TAYLOR** Sat svipbrigðalaus meðan vitni sögðu frá grimmdarverkum uppreisnarmanna sem stórfuðu í skjóli hans. NORDICPHOTOS/AFP

# Ímyndaðu þér stað !

Þar sem erfiði dagsins er létt af þér



## Stað sem þú gætir farið til í kvöld – og hvert einasta kvöld !




### Dýpsta slökun og svefn sem völ er á frá Tempur

Þar sem Tempur dýnan aðlagast líkamanum dreifir hún þyngdinni og dregur þar með úr þrýstingi á viðkvæma staði svo sem axlir, mjaðmir, hné og ökkla. Jafnframt styður hún undir og fyllir upp í „holrúmin" sem gjarnan skortir stuðning svo sem mjóbak, háls og hnésbætur.

Tempur dýnan minnkar stórlega þörfina fyrir að bylta sér og snúa í svefni. Rannsóknir sýna að fólk sem sefur á Tempur heilsudýnu byltir sér í svefni að meðaltali 18 sinnum á nóttu, en á öðrum dýnum 80-100 sinnum. Þessi mikli munur felst í því að enginn þrýstingur myndast á líkamshlutum, s.s. mjöðmum, öxlum og höndum.



### Yfir 30.000 læknar, sjúkraþjálfarar og kírópraktorar um heim allan mæla með Tempur

Einstakir þrýstijöfnunareiginleikar Tempur heilsudýnunnar og kodda koma best í ljós við notkun skurðarborða sjúkrahúsa um allan heim. Í aðgerð myndast þrýstipunktar á líkamanum sem hafa valdið fólki miklum sársauka. Til að koma í veg fyrir þetta hafa sjúkrahús um allan heim sett Tempur á skurðarborð sín. Til dæmis Landspítali Háskólasjúkrahús í Fossvogi og við Hringbraut.

**Betra BAK**

**Reykjavík**
**Faxafeni 5**
**Sími 588 8477**

**Ísafirði**
**Skeiði 1**
**Sími 456 4566**

**betrabak@betrabak.is • www.betrabak.is**
**Opið virka daga frá kl. 10-18 • Laugardaga frá kl. 11-16**



# STÖKK TIL FRAMTÍÐAR
UNDIRBÚNINGSNÁM FYRIR FRAMHALDSNÁM

Innritun er hafin á Undirbúningsnámskeið fyrir framhaldsnám á listdansbraut fyrir haust 2008 í Klassíska listdansskólanum. Námskeiðið hefst 14. janúar nk. og stendur yfir í 15 vikur. Kennt verður þrjá daga í viku:

| | |
|---|---|
| Mánudaga | kl. 19:15 - 20:45 |
| Miðvikudaga | kl. 18:45 - 21:45 |
| Föstudaga | kl. 18:45 - 21:45 |

Kennarar á námskeiðinu eru: Andreas Constantinou, Katla Þórarinsdóttir og Susanna.

Hægt að skrá sig á vef skólans, www.ballet.is og skoða það fjölbreytta nám sem skólinn býður upp á. Einnig er hægt að skrá sig á netfanginu signy@ballet.is. Námskeiðsgjald er 50.000 kr.

Klassíski listdansskólinn hefur allt frá stofnun lagt sérstaka áherslu á þjálfun einstaklingsins undir faglegri leiðsögn. Hvatning og uppbygging nemenda í minni námshópum er stór þáttur í starfi skólans.

Skólinn starfar eftir námskrá Menntamálaráðuneytisins. Nemendur á listdansbraut skólans fá nám sitt metið sem hluta af framhaldsnámi.

INNRITUN ER HAFIN!

KLASSÍSKI LISTDANSSKÓLINN

Álfabakka 14a - Sími 587 9030 og Grensásvegi 14 - Sími 534 9030 - www.ballet.is

AUGLÝSINGASTOFAN DAGSVERK - 0108KL

Mörg fíkniefnamál hjá lögreglunni á Suðurnesjum:

# Gambíumaðurinn situr áfram inni

**DÓMSMÁL** Gæsluvarðhald yfir Gambíumanni sem tekinn var í Leifsstöð í desember með kókaín innvortis hefur verið framlengt um tvær vikur. Tveir til viðbótar sitja inni vegna tilraunar til fíkniefnasmygls í síðasta mánuði.

Gambíumaðurinn kom hingað til lands 13. desember og var stöðvaður í Leifsstöð. Hann var með 300 grömm af kókaíni í fórum sínum.

Þjóðverji sem tekinn var með 23 þúsund e-töflur situr einnig í gæsluvarðhaldi til 14. janúar. Hann var gómaður 22. desember. Þjóðverjinn geymdi töflurnar í farangri sínum.

Þá er Lithái sem tekinn var með 350 grömm af amfetamíni í Leifsstöð um miðjan desember ennþá í gæsluvarðhaldi. Það rennur út næstkomandi föstudag.

Auk þessa er til rannsóknar hjá lögreglunni á Suðurnesjum hraðsending sem tekin var í nóvember. Þá lagði tollgæslan hald á um fimm og hálft kíló af fíkniefnum sem komu hingað til lands með sendingu frá Þýskalandi. - jss



**STAÐIÐ Í STRÖNGU** Repúblikaninn Mitt Romney vann hörðum höndum að því að tryggja sér sigur í gær, þrátt fyrir að flokksbróðir hans John McCain hafi þótt sigurstranglegri ef marka mátti skoðanakannanir. NORDICPHOTOS/AFP

# Línur farnar að skýrast

**Forkosningum í tveimur af fimmtíu ríkjum Bandaríkjanna er lokið. Úrslitin frá Iowa og New Hampshire nú í nótt ráða þó miklu um framhaldið.**

**BANDARÍKIN** Þreyta og örvænting skein úr andlitum frambjóðenda jafnt repúblikana sem demókrata í gær eftir langa og erfiða törn í kosningabaráttunni um útnefningu forsetaefnis flokkanna.

Á mánudaginn var Hillary Clinton nærri brostin í grát þegar hún var spurð hvort henni þætti ekki stundum erfitt að fara á fætur á morgnana og halda sér gangandi.

„Það er ekki auðvelt," svaraði hún og talaði hægt. Hún sagðist hafa mjög sterka sannfæringu og taka baráttuna mjög persónulega. „Þetta snýst um landið okkar, um börnin okkar."

Eftir óvæntan stórsigur í Iowa í síðustu viku þótti Barack Obama nokkuð öruggur um sigur í New Hampshire í gær, en kosningunum lauk ekki fyrr en í nótt að íslenskum tíma.

Clinton átti hins vegar allt undir því að tapa ekki öðru sinni, og hafi sú orðið raunin þá þarf hún fljótlega að meta stöðuna upp á nýtt. Hún segist þó ætla að bíða átekta að minnsta kosti fram yfir örlagadaginn 5. febrúar, „stóra þriðjudaginn" þegar forkosningar verða haldnar samtímis í meira en 20 ríkjum, þar á meðal í nokkrum stærstu ríkjum Bandaríkjanna eins og New York og Kaliforníu.

Næstu vikurnar verða því ekki síður átakamiklar en sú síðasta því strax næsta þriðjudag verður kosið í Michigan, síðan kemur röðin að Suður-Karólínu og loks verða forkosningar í Flórída, sem er fjórða fjölmennasta ríki Bandaríkjanna, hinn 29. janúar.

Eftir „stóra" daginn 5. febrúar hafa því úrslit ráðist í meira en helmingi ríkja Bandaríkjanna, þar á meðal flestum þeim stærstu, og væntanlega standa þá aðeins fáir eftir af þeim átta demókrötum og átta repúblikönum sem hafa sóst eftir því að verða forsetaefni flokkanna.

Af þessum sextán hættu tveir demókratar baráttunni strax eftir forkosningarnar í Iowa í síðustu viku, og væntanlega heltast fleiri úr lestinni nú þegar úrslitin í New Hampshire blasa við.

Kosningabaráttan hefur verið löng og ströng. Strax snemma á síðasta ári tóku framámenn í báðum flokkum að þreifa fyrir sér og hafa því sumir hverjir nú þegar staðið í slagnum í næstum því ár.

gudsteinn@frettabladid.is

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

# Fjórir fullir gámar

## 10-11% LÆGRA VERÐ

**CHEERIOS RISAPAKKI 992g**

**431 kr.pk**

**10% lægra verð.**

**Verð áður 479 kr.**

**PAMPERS JUMBO BLEIUR**

**1598 kr.pk**

**11,2% lægra verð**

**Verð áður 1798 kr.**








BÓNUS BÓNUS BÝÐUR BETUR

AFGREIÐSLUTÍMI: MIÐVIKUDAGA 12.00-18.30



**VETRARRÍKI** Faðir og sonur ganga hönd í hönd í almenningsgarði í Sofiu, höfuðborg Búlgaríu. Risavaxnar trjágreinar slúta yfir göngustíginn vegna snjóþyngdarinnar, en snjó hefur kyngt þar niður frá ársbyrjun. NORDICPHOTOS/AFP

Tyrklandsforseti leitar bættra tengsla við Bandaríkin í fyrstu heimsókn sinni vestur:

# Bush vill Tyrki inn í ESB

**BANDARÍKIN, AP** George W. Bush Bandaríkjaforseti lýsti í gær eindregnum stuðningi sínum við að Tyrkjum yrði veitt aðild að Evrópusambandinu. Kallaði hann Tyrkland „uppbyggilega brú“ á milli Vesturlanda og múslimalanda. Ummælin lét Bush falla í tilefni af heimsókn tyrkneska forsetans Abdullah Gül í Hvíta húsið.

„Ég tel að Tyrkir gefi stórkostlegt fordæmi fyrir því hvernig hægt sé að láta lýðræði lifa í góðri sambúð við stórfengleg trúarbrögð eins og íslam og það er mikilvægt,“ sagði Bush á blaðamannafundi eftir viðræður forsetanna tveggja.

Bush tók að auki fram að hann styddi baráttu tyrkneskra stjórnvalda gegn herskáum aðskilnaðarsinnum Kúrda í „Kúrdíska verkamannaflokknum“ PKK, handan við landamærin að Norður-Írak. Bush kallaði PKK óvin Tyrklands, Íraks „og alls fólks sem vill lifa í friði“.



**BANDAMENN** Forsetarnir Abdullah Gül og George W. Bush ávarpa fjölmiðla í garði Hvíta hússins í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Heimsókn Güls til Washington er álitin mikilvægur áfangi að bættum tengslum NATO-bandamannanna tveggja, en margt hefur skyggt á þau frá innrás Bandaríkjamanna í Írak fyrir fimm árum. - aa

Tilræðið í Diyarbakir:

# Meintur tilræðismaður tekinn

**TYRKLAND, AP Tyrknesk yfirvöld greindu frá því í gær að sá sem grunaður er um að hafa sprengt bílsprengjuna sem banaði sex manns í borginni Diyarbakir í síðustu viku hefði verið handtekinn. Hann er sagður vera úr röðum herskárra aðskilnaðarsinnaðra Kúrda. Sex aðrir, sem grunaðir eru um að tengjast tilræðinu, hafa einnig verið handteknir.**

**Tilræðinu var beint gegn herrútu sem ók um götu í Diyarbakir síðastliðinn fimmtudag. Sex manns dóu, þar af fimm námsmenn. Yfir 30 hermenn særðust en enginn þeirra dó.** - aa



**SPRENGDUR** Sérstyrktur Toyota-jeppi ráðherrans stóðst ekki sprenginguna. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Borgarastríðið á Srí Lanka:

# Vegsprengja banar ráðherra

**SRÍ LANKA, AP** Ráðherra á Srí Lanka var drepinn með vegsprengju skammt norður af höfuðborginni Kólombó í gær. Tamílatígrum, hreyfingu aðskilnaðarsinnaðra tamíla, var umsvifalaust kennt um tilræðið. Þetta er í fyrsta sinn sem tekst að myrða háttsettan fulltrúa stjórnvalda á Srí Lanka í hálft annað ár.

Sprengjan tætti í sundur bíl ráðherra þjóðaruppbyggingarmála, D.M. Dassanayake, að sögn talsmanns hersins.

Aðeins fáeinir dagar eru síðan stjórnin sagði upp vopnahléssamkomulaginu við Tamílatígra, en því hafði verið spáð að aukin harka myndi færast í borgarastríðið í kjölfarið. - aa

# Guðni sagður hafa afburðahæfileika

**Össur Skarphéðinsson segir Guðna A. Jóhannesson geta hleypt lífi í Orkustofnun. Ragnheiður Þórarinsdóttir aðstoðarorkumálastjóri segir rökstuðninginn engu breyta um sín sjónarmið. Hún ætlar að gegna störfum sínum áfram.**

**STJÓRNSÝSLA** Össur Skarphéðinsson iðnaðarráðherra telur Guðna A. Jóhannesson, nýráðinn orkumálastjóra, líklegastan til þess að hleypa nýju lífi starfsemi Orkustofnunar. Þetta kemur fram í rökstuðningi Össurar fyrir ráðningu Guðna en Ragnheiður Þórarinsdóttir aðstoðarorkumálastjóri óskaði eftir rökum fyrir ráðningu þar sem hún taldi sig vera með betri menntun og reynslu til að gegna starfinu.

Í rökstuðningi Össurar segir að ekki þurfi að efast um sterka stöðu Guðna í háskólasamfélaginu. „Hann hefur í tvígang verið metinn hæfastur í alþjóðlegri samkeppni margra doktora um prófessorsembætti við Konunglega Verkfræðiháskólann í Stokkhólmi, fyrst 1990, er hann valinn hæfastur til þess að gegna stöðu rannsóknarprófessors til sex ára, og síðan 1993, er hann valinn úr stórum hópi til þess að vera æviráðinn prófessor við Verkfræðiháskólann,“ segir meðal annars í rökstuðningnum.



**GUÐNI A. JÓHANNESSON**



**ÖSSUR SKARPHÉÐINSSON**

Þá er reynsla hans af nýsköpunarstarfi og stjórnsýsluverkefnum einnig talin honum til tekna. „Hann hefur átt þátt í að stofna nokkur sprotafyrirtæki á Íslandi og í Svíþjóð, starfað sem stjórnandi og setið í stjórn nokkurra fyrirtækja. Hann er einstaklega hæfur til þess að sinna nýsköpunarstarfi eins og ráða má af því að hann hefur aflað nokkurra einkaleyfa fyrir uppfinningar sínar,“ segir enn fremur í rökstuðningnum.

Ragnheiður segir rökstuðninginn ekki bæta neinu við það sem hún hafi talið, það er að hún sé með að minnsta kosti jafn góða menntun og meiri reynslu af stjórnsýslustörfum. „Mér finnst MBA-námið mitt, sem ég er með til viðbótar við doktorsnám í verkfræði, ekki metið nægilega vel ef litið er svo á að Guðni sé með meiri menntun en ég. Varðandi nýsköpunarþátt og reynslu af þess konar verkefnum þá hefur Orkustofnun verið að breytast töluvert að undanförnu að það reynir orðið mikið á reynslu af stjórnsýslustörfum, sem ég tel mig hafa meiri reynslu af.“



**RAGNHEIÐUR I ÞÓRARINSDÓTTIR**

Ragnheiður segist þó ætla að sinna starfi sínu áfram. „Ég hef ekki huga á öðru en að sinna mínum störfum en mér finnst ekkert athugavert við það að krefjast rökstuðnings þegar ráðið er í starf eins og það sem um ræðir. Það þarf að fara að leikreglum.“

magnush@frettabladid.is



**LOÐNUSTEMNING** Mjög færist í vöxt að loðna sé fryst í landi eða um borð í skipunum.

Fyrsta loðnan á land:

# Töluvert magn af loðnu nyrðra

**SJÁVARÚTVEGUR** Loðna finnst á allstóru svæði norður af Langanesi, og er á hraðri leið austur með landinu. Nokkur skip eru við veiðar og fyrstu loðnunni var landað á Þórshöfn á mánudagskvöld. Loðnan er ekki í kjörstærð til frystingar; er blönduð og átulaus.

Upphafskvótinn fyrir vetrarvertíðina nú er 205 þúsund tonn en af því magni ganga 122 þúsund tonn til íslenskra útgerða. Norðmenn, Færeyingar og Grænlendingar eiga loðnukvóta við Ísland.

Markaðir fyrir frysta loðnu eru taldir þokkalegir. Verðmæti útgefins kvóta er talið nema um fimm milljörðum króna, en máli skiptir fyrir hvaða markaði loðnan er unnin. Helstu markaðir fyrir frysta loðnu og loðnuhrogn eru í Japan og Austur-Evrópu. - shá




Bæjarstjóri Vestmannaeyjabæjar ósáttur:

# Þingmenn sverta sjávarútveginn

**SJÁVARÚTVEGUR** Elliði Vignisson, bæjarstjóri Vestmannaeyjabæjar, segir alþingismenn, sérstaklega úr röðum Frjálslynda flokksins, sverta sjávarútveginn með málflutningi sínum og að byggðastefna stjórnvalda reynist Eyjamönnum erfiðari en aflabrestur.

„Einstakir þingmenn hafa jafnvel leyft sér að halda því fram að umhverfi sjávarútvegsins stuðli að hrakförum einstaklinga og fjölskyldna, gjaldþrota og skilnaða, sundrun fjölskyldna og hafi lagt líf margra í rúst,“ segir bæjarstjórinn. „Það er algerlega ótækt þegar atvinnulíf okkar Eyjamanna er svert á þann hátt og ekki hægt að ætlast til að ég eða aðrir þeir sem eru stoltir af þessari atvinnugrein sitjum þegjandi undir slíkri umræðu. Orð eins og sægreifar og gjafakvóti eru notuð um viðskiptamenn sem veðja á sjávarútveg og velja að fjárfesta í undirstöðu atvinnugreinar okkar íslendinga.“



**GULLBERG VE MEÐ NÓTINA Á BRYGGJUNNI** Bæjarstjórinn segir að Eyjamenn viti hvernig beri að mæta aflabresti en hins vegar sé við mun rammari reip að draga þegar kemur að byggðastefnu stjórnvalda.



**ELLIÐI VIGNISSON**

Aðspurður hvaða þingmenn eigi í hlut segist hann ekki vilja nafngreina neina sérstaka en að þeir komu flestir úr röðum Frjálslynda flokksins en þó sé þetta einnig viðhaft af þingmönnum annarra flokka.

„Við í Vestmannaeyjum höfum oft staðið af okkur aflabrest en hins vegar er það byggðastefna stjórnvalda reynist okkur mun erfiðari viðureignar,“ segir Elliði. - jse


BOSS
HUGO BOSS
SAND
strellson
eterna
gardeur®
HUGO
HUGO BOSS
CANALI
AJ ARMANI JEANS
FINUCCI
collezione
TINO COSMA
LLOYD
BELLINI
collezione
bugatti
MABRUN
REDGREEN
OPIÐ VIRKA DAGA
FRÁ KL. 12 TIL 18
LAUGARDAGA
FRÁ KL. 11 TIL 17
SUNNUDAGA
FRÁ KL. 13 TIL 17
Herra
lagerinn
outlet
Algjört verðhrun!
70%
afsláttur af öllum vörum*
Jakkaföt frá kr. 11.094
Skyrtur frá kr. 2.094
Útijakkar frá kr. 5.094
Leðurjakkar frá kr. 10.494
Stakir jakkar frá kr. 5.994
Buxur frá kr. 2.994
*Af upprunalegu verði
ATH: OPIÐ ALLA SUNNUDAGA Í VETUR
SÍMI 568 9512 SUÐURLANDSBRAUT 54 BLÁU HÚSIN ( VIÐ FAXAFEN )

## „ORÐRÉTT“

### *Engin sannfæring*

**„Í Samfylkingunni er sannfæring ekki til, bara sjónarspil, hvort sem það fer fram í Egyptalandi eða annars staðar.“**

STYRMIR GUNNARSSON, RITSTJÓRI MORGUNBLAÐSINS, ÚTSKÝRIR RITSTJÓRNARSTEFNU BLAÐSINS Í LEIÐARA.

**Morgunblaðið, 8. janúar**

### *Það er spurning*

**„Þetta er allt meira og minna rangt. Ég veit ekki af hverju fólk hefur svona mikinn áhuga á mér og mínum stað.“**

ÁSGEIR ÞÓR DAVÍÐSSON, EIGANDI NEKTARDANSSTAÐARINS GOLDFINGER, UM UMMÆLI FYRRVERANDI NEKTARDANSARA Í VIKUNNI.

**Fréttablaðið, 8. janúar**

# tilveran
*nær og fjær*

**HVAÐ ER AÐ FRÉTTA?** GUÐRÚN ÁGÚSTA GUÐMUNDSDÓTTIR, BÆJARFULLTRÚI Í HAFNARFIRÐI:

## *Umhverfisvænt hverfi í bígerð*



„Ég er framhaldsskólakennari við Flensborgarskóla í Hafnarfirði þannig að nú er að fara af stað aftur ný önn og maður hittir nýja og frábæra nemendur. Ég kenni fjölmiðlafræði og fjölmiðlatækni þannig að ég vinn með nemendum sem eru að stjórna græjum fyrir sjónvarp og útvarp. Það er heilmikið að gerast við að keyra það í gang. Síðan er stjórnsýslan að vakna aftur eftir dvala yfir hátíðirnar. Í þessari viku eru allar nefndir og ráð að fara af stað og í næstu viku bæjarstjórn. Þar fyrir utan þá er ég líka upptekin af því að vera ólétt þannig að það er verið að púsla öllu saman með því, fara á blaðamannafundi, nefndafundi og í mæðraskoðun,“ segir Guðrún Ágústa Guðmundsdóttir, bæjarfulltrúi í Hafnarfirði.

„Andinn bæði hjá nemendum og starfsfólki er mjög góður eftir jólafríið, ég er á því að fólk hafi verið búið að fá nóg af fríi. Það var ágætt að fá hlé en svo er kominn tími til að klára skólaárið því það er öfugsnúið miðað við árið annars. En nemendur og kennarar koma vel undan jólum og eru í góðu standi til að takast á við það sem þarf að takast á við. Þetta er tæplega 800 nemenda skóli þannig að starfsmennirnir eru um 90 talsins. Þetta er stór og mikill skóli og mikið fjör.“

Í stjórnkerfinu eru mörg spennandi mál alltaf í gangi, að mati Guðrúnar Ágústu. „Það síðasta sem við gerðum áður en við fórum í jólafrí var að afgreiða fjárhagsáætlun. Þar voru ýmsar tillögur samþykktar áfram til meðferðar í nefndum og ráðum sem verður spennandi að fylgjast með hvað verður um, til dæmis um gjaldfrjálsan leikskóla fyrir fimm ára börn og átta stunda viðveru og gjaldfrjálsan grunnskóla, þar með talinn heilsdagsskóla og mat. Síðan veit maður ekki hvað verður úr niðurstöðunni endanlega en þetta verður sett í ferli í starfshóp. Það er líka búið að ákveða að fá fagfólk til að skoða hvort hægt sé að gera sérstakt verkefni um námserfiðleika stúlkna en það er efni sem ekki er rætt mikið um,“ segir hún og bætir við að gjarnan sé talað um námserfiðleika stráka sem vandamál en „hvað um stelpur sem eiga í erfiðleikum?“ spyr hún.

Þá er í vinnslu skipulag á umhverfisvænu hverfi sem á að byggja og verða sjálfbært.

## SJÓNARHÓLL
UMDEILDAR SKIPANIR ÖSSURAR



MAGNI R. MAGNÚSSON, FYRRVERANDI KAUPMAÐUR.

### *Það má deila um allt*

„Össur er alltaf mjög rökfastur í sínu máli og ég held að ég sé allavega sammála honum um orkumálagæjann,“ segir Magni R. Magnússon, fyrrverandi kaupmaður, um umdeildar skipanir Össurar Skarphéðinssonar iðnaðarráðherra í embætti orkumálastjóra og ferðamálastjóra. Hann tekur síður afstöðu til skipunarinnar í síðarnefnda embættið.

Magni tekur fram að hvorki sé hann flokks-, skóla- né stúkubróðir Össurar þótt hann kunni oft á tíðum að meta málflutning hans.

„Það er ljótt ef kona fær embætti bara af því að hún er kona eða karl af því að hann er karl. Jafnréttisumræðan er stundum aðeins of hávær,“ segir Magni sem telur rétt og eðlilegt að deilt sé um veigamikil mál. „Það má deila um allt, þess vegna eru margir flokkar og mörg blöð.“

# Troðið á og stungið í kvillana

**Menn leita ýmissa ráða þegar verkir og meiðsl gera vart við sig. Á nuddstofu Jia Chang Wen er fólk fótum troðið og stungið. Einn nuddþeginn segir þetta hafa reynst allra meina bót.**



**JIA CHANG WEN** Kom hingað til lands til að þjálfa kvennalandsliðið í blaki og karlalið Víkings. FRÉTTABLAÐIÐ / AUÐUNN

„Það er alveg óviðjafnanlegt að koma hingað,“ segir Guðmundur Helgi Þorsteinsson þegar blaðamaður hitti á hann á Kínversku nuddstofunni á Skólavörðustíg. Guðmundur var þó ekki í sérlega góðri aðstöðu til að ræða málin þar sem hann lá á bekk með andlitið ofan í gati meðan Liu Zhang Dou traðkaði á baki hans. „Það er alveg með ólíkindum, ég hef komið hingað með mikinn verk í mjóhrygg en þá hafa þeir nuddað hann niður í rasskinnar og svo burt.“ Að því kveðnu segir Liu Zhang honum að snúa sér við. „Ég hef nýtt mér þetta frá því 1992,“ segir Guðmundur þegar hann er kominn á bakið. „Ég kynntist eigandanum Jia Chang Wen í gegnum blakið þegar hann var að þjálfa og þegar upp komu meiðsl sá ég eins og aðrir hvernig hann lappaði upp á menn. Og ég hef alltaf verið afar neikvæður gagnvart öllum mögulegum pillum sem settar eru í menn þegar eitthvað kemur upp á. Þær lina kannski sársauka en vinna ekki á sjálfu vandamálinu en hér hef ég komið inn með bakið í klemmu en farið út eins og nýsleginn túskildingur.“

Jia Chang kom hingað til lands árið 1986 til að þjálfa kvennalandsliðið í blaki sem og karlalið Víkings. Fljótlega fóru fjölmargir íþróttamenn að leita til hans þegar meiðsl og verkir komu upp enda spurðist fljótt út að hann hefði komið köppum í lag með undraverðum hætti. „Mér var því eiginlega ýtt út í þetta,“ segir nuddarinn.

Hann beitir ekki aðeins höndum og fótum því einnig notar hann nálarstunguaðferð og fljótlega kom blaðamaður auga á stóra flösku sem ekki sést á hverjum bæ. „Þetta er snákur, ginseng-rót og fleiri jurtir í hvítvíni,“ segir hann og tekur flöskuna af hillunni. „Þetta er gott til að setja á bólgur því þetta slær á spennuna í vöðvum.“ Jia Chang hefur numið þessi fræði frá unga aldri enda störfuðu foreldrar hans við náttúrulækningar svo blaðamaður ákveður að malda ekki í móinn þó að læknirinn í hans sveit væri ekki vanur að bregðast við bólgum með snáki eða hvítvíni. **jse@frettabladid.is**



**SNÁKUR OG GINSENGRÓT** Gott við bólgum segir Jia Chang.



**TROÐIÐ Á GUÐMUNDI** Guðmundur leitaði í nuddið vegna verkja í mjóhrygg sem voru nuddaðir í burtu.




Tjáðu þig!

50MB frítt myndasvæði!
Búðu til myndaalbúm á síðunni þinni!



Viltu sýn'eikkað?
Ný útlit · Myndaalbúm · Símablogg

BlogCentral.is
Stærsta bloggsamfélagið á Íslandi




„Ég var búinn að vera að vinna í verslun í 8 ár þegar ég ákvað að fara í Kerfisstjóranámið hjá NTV. Fyrri reynslu mína af tölvum mátti flokka sem almenna en í dag vinn ég hjá Fyrirtækjasviði Símans og sé alfarið um Þjónustuverið, ríflega 100 tölvur.“

Upplýsingar og skráning:
**544 4500 / www.ntv.is**

## *Kerfisstjóranám NTV*

**180 stundir. Verð: 233.000.-**
**Morgunnámskeið byrjar 29. jan. og lýkur lýkur 22. maí. Kennt er þri. og fim 8:30-12:30.**
**Kvöld- og helgarnámskeið byrjar 28. jan. og lýkur 14. apr. Kennt er mán. og mið 18:00-22:00 og lau. 08:30-12:30.**

**Eftirspurn eftir kerfisstjórum hefur aldrei verið meiri og er sífellt að aukast.**
Inntökuskilyrði eru að viðkomandi sé 18 ára og búi yfir almennri tölvuþekkingu, þ.e. Windows, Word, Excel og Internetið.
Námið er tvískipt og undirbýr nemendur undir 3 alþjóðleg próf: A+ prófin frá Comptia og MCP prófið frá Microsoft.

### FYRRI HLUTI - TÖLVUVIÐGERÐIR

Nemendur læra að uppfæra, bilanagreina og gera við tölvubúnað af ýmsum toga. Mikið er um “Hands on” verkefni með raunverulegum æfingum. Kennslan fer fram í fullkominni tölvuviðgerðarstofu NTV.

### SEINNI HLUTI - MCP – XP NETUMSJÓN

Nemendur öðlast færni og kunnáttu til að setja upp og hafa umsjón með tölvum sem keyra á Windows XP stýrikerfinu, öðlast víðtækan skilning á netkerfum og verða færir í að leysa vandamál sem að þeim snúa.

**Allar nánari upplýsingar er að finna á: www.ntv.is**

**ntv**

**NÝI TÖLVU- OG VIÐSKIPTASKÓLINN** – VIÐURKENNDUR EINKASKÓLI Á FRAMHALDSSKÓLASTIGI : HLÍÐASMÁRA 9 : KÓPAVOGI : SÍMI 544 4500 : WWW.NTV.IS




ENNEMM / SÍA / NM31420



## Góð þjónusta á nýju verkstæði

Starfsfólk Ingvars Helgasonar ehf. hefur á undanförnum árum unnið stöðugt í því að bæta þjónustu við viðskiptavini sína. Nýlega opnaði þjónustudeildin eitt fullkomnasta og best búna þjónustuverkstæði landsins með yfir 30 vinnustöðvar. Á nýja þjónustuverkstæðinu starfar samheldinn hópur frábærra fagmanna sem hefur það að leiðarljósi að veita skjóta og góða þjónustu sem hentar mismunandi þörfum ört vaxandi hóps viðskiptavina.

Ingvar Helgason, Sævarhöfða 2, 525 8000 - Selfossi, Hrísmýri 2a, 575 1460 - Akureyri, Óseyri 5, 464 7940 -




Um leið og við bjóðum væntanlega viðskiptavini velkomna í skemmtilegt samstarf, viljum við bjóða núverandi viðskiptavinum að koma og kynna sér nýjungarnar og hver veit nema einhver af verkstjórunum okkar, þeir Gulli, Kári eða Kristján, skreppi með þér út að skipta um peru eða þurrkublað.

Kveðja frá þjónustudeild.

Reykjanesbæ, Holtsgata 52, 421 8808

IH
INGVAR HELGASON

## Svona erum við

> Úrgangur 1997-2005*




HEIMILD: HAGSTOFA ÍSLANDS

* Í ÞÚSUNDUM TONNA

**baksvið**

*fréttir og fróðleikur*

**FBL-GREINING:** TAMÍLATÍGARNIR

# *Harka færist á ný í átökin á Srí Lanka*

Stjórnin á Srí Lanka hefur slitið vopnahléssamkomulag við Tamílatígra og virðist gera sér vonir um að geta ráðið niðurlögum þeirra á stuttum tíma. Í gær var einn af ráðherrum stjórnarinnar myrtur.



**Hverjir eru Tamílatígrarnir?**

Tamílatígrarnir eru hernaðar- og stjórnmálasamtök sem hafa í meira en tvo áratugi barist fyrir því að tamílar stofni sjálfstætt ríki í norður- og austurhéruðum Srí Lanka. Tígrarnir eru með landher og sjóher og hafa einnig haft herflugvélar til umráða. Yfirmaður samtakanna er stofnandi þeirra, Velupillai Prabhakaran, sem er eftirlýstur af Interpol fyrir hryðjuverk. Nú í haust var S.P. Tamilselvan, næstæðsti leiðtogi samtakanna, myrtur.

**Hve margir hafa fallið?**

Átök tamíla og stjórnarinnar hófust snemma á níunda áratug síðustu aldar og hafa kostað meira en 70 þúsund manns lífið. Árið 2002 höfðu Norðmenn milligöngu um vopnahléssamkomulag stjórnarinnar og tígranna. Báðum hefur þó gengið misjafnlega vel að halda sig við þetta samkomulag. Árið 2003 drógu Tamílatígrarnir sig út úr frekari friðarviðræðum, en vopnahléð var þó áfram í gildi.

**Hvenær hörðnuðu átökin?**

Átökin hörðnuðu á ný árið 2006 og þúsundir manna féllu í átökunum það ár. Snemma á síðasta ári sagðist stjórnarherinn hafa náð á sitt vald yfirráðasvæðum Tamílatígranna á austurhluta Srí Lanka, en þeir héldu þó áfram yfirráðum sínum á norðurhluta eyjunnar. Á þessum fáu dögum sem liðnir eru frá því stjórnin sagði upp vopnahléssamkomulaginu hafa um 100 manns fallið. Búist er við hörðum átökum á næstunni.

## SPURT & SVARAÐ

**MANNEKLA Á LEIKSKÓLUM**



**BJÖRG BJARNADÓTTIR** Formaður félags leikskólakennara.

### *Vantar fólk á vinnumarkað*

Tugi starfsmanna vantar á leikskóla í dag, og hafa börn ítrekað verið send heim vegna manneklu. Leikskólakennarar búa sig undir að ástandið geti versnað. Björg Bjarnadóttir er formaður félags leikskólakennara.

**Hvers vegna er þessi mannekla?**

„Það vantar einfaldlega fólk á vinnumarkaðinn. Launakjör skipta líka máli en það er búið að gera töluvert til að bæta þau, til dæmis launabætur sem komu til frá og með 1. október á síðasta ári. Þær hafa litlu breytt við að auðvelda ráðningar, en gera auðveldara að halda í starfsfólkið sem er fyrir.“

**Er þetta séríslenskt vandamál?**

„Skortur á leikskólakennurum er ekki séríslenskt vandamál, en ég held það sé samt ekki jafn stórt á hinum Norðurlöndunum til dæmis. Þar er atvinnuleysið miklu meira og auðveldara að ráða fólk. Þegar það er svona mikil uppsveifla í atvinnulífinu þá kemur það helst niður á störfum eins og þessum.“

# Vilja amerísku bílaborgina burt

**Sundabraut er orðin að heitu pólitísku viðfangsefni. Hún hefur lengi verið á dagskrá en þörfin fyrir hana er orðin aðkallandi að mati margra. Ákvörðun um hvaða leið verður farin hefur ekki verið tekin enn þótt vilji borgaryfirvalda standi til þess að leggja hluta hennar í göngum.**

Þegar Dagur B. Eggertsson varð borgarstjóri í október í fyrra var haft eftir honum í fjölmiðlum að hann vildi hverfa frá þeirri þróun að Reykjavíkurborg umbreyttist í ameríska bílaborg. Að margra mati er lagning Sundabrautar lykill að þeirri breytingu sem Dagur hefur kallað eftir.

Deilur um hvað sé best að gera við peningana sem fara í gegnum samgönguráðuneytið eru sem fyrr háværar. Forgangsröðun samgönguframkvæmda hefur lengi verið heitt pólitískt mál. Svo virðist sem margir telji vera svigrúm til framkvæmda nú, einkum og sér í lagi vegna góðrar stöðu ríkissjóðs og áhuga opinberra fyrirtækja og verktaka á verkefninu.

Steinunn Valdís Óskarsdóttir, formaður samgöngunefndar Alþingis, kallaði eftir því í Fréttablaðinu á sunnudaginn að mörkuð yrði skýr stefna af hálfu Kristjáns Möller samgönguráðherra í málefnum Sundabrautar. Því hefur verið svarað að stefnan sé skýr; Sundabrautin sé mikilvægasta samgönguframkvæmdin sem ráðast þurfi í og unnið sé að undirbúningi hennar. Sundabrautin er einnig viðkvæmt flokkspólitískt mál þar sem Samfylkingin stýrir vinnu við samgöngumál á þremur mikilvægum vígstöðum; samgöngunefnd Alþingis, samgönguráðuneytinu og borgarstjórn.




**YTRI LEIÐ** Borgaryfirvöld telja æskilegast að farin verði svokölluð ytri leið þegar Sundabraut verður lögð. Hún felur í sér göng og kostar um 24 milljarða króna.

**INNRI LEIÐ** Innri leiðin er níu milljörðum ódýrari en leiðin sem borgaryfirvöld telja skynsamlegasta.

FRÉTTABLAÐIÐ/VEGAGERÐIN

### Málið í vinnslu

Sveitarstjórnir og alþingismenn hafa mismunandi skoðanir á því hvernig best sé að forgangsraða framkvæmdunum. Flestir eru þó sammála um að Sundabraut, tvöföldun Suðurlandsvegar, Vaðlaheiðargöng, tvöföldun Vesturlandsvegar og vegaframkvæmdir á Vestfjörðum séu þær framkvæmdir sem brýnast sé að fara út í.

Sundabraut hefur þá sérstöðu að hún er Reykjavíkurborgarframkvæmd að öllu leyti. Áhrifa hennar gætir þó víðar. Hún yrði mikilvæg tenging fyrir umferð til og frá borginni. Þannig myndi hún létta á umferðarþunga sem er mikill á stofnbrautum í jaðri borgarinnar.

Í ágúst í fyrra var lokið við sýnatöku úr borholum sem notaðar voru til að kanna skilyrði fyrir jarðagangagerð. Þá er vinna við umhverfismat komin vel á veg en ríkisstjórn Íslands hefur það nú til umræðu hvernig best sé að fjármagna verkefnið. Fyrir liggur að átta milljarðar af söluandvirði Símans fara til uppbyggingar Sundabrautar en óákveðið er hvaða leið verður farin til að fjármagna afganginn.



**UMFERÐARÞUNGI Í REYKJAVÍK** Sundabraut yrði er Reykjavíkurborgarframkvæmd að öllu leyti. Áhrifa hennar gætir þó víðar. Hún yrði mikilvæg tenging fyrir umferð til og frá borginni og myndi létta á umferðarþunga.

### Mögulegar leiðir

Fyrst og fremst hefur valið staðið á milli tveggja leiða, það er svokallaðrar ytra leiðar með göngum og síðan innri leiðar, eða eyjaleiðar. Borgaryfirvöld í Reykjavík vilja fara ytri leiðina. Hún er umtalsvert dýrari en hin en talið er að kostnaður við hana sé um 24 milljarðar króna, að því er G. Pétur Matthíasson, upplýsingafulltrúi Vegagerðarinnar, upplýsir í grein í Fréttablaðinu í dag. Hún felur í sér göng undir Elliðaárvog frá Kleppsvík til Gufuness. Ytri leiðin er ódýrari, enda tilheyra henni ekki göng. Hún yrði þverun vogsins nær ósum Elliðaánna.

Kostnaðurinn við hana er áætlaður um fimmtán milljarðar.

Tveir verklagsstaðlar hafa helst komið til umræðu við gerð ganga. Fyrrnefndur kostnaður tekur mið af sænsku leiðinni svokölluðu en í henni eru göngin íburðarmeiri heldur en ef miðað er við algenga staðla í Noregi. Þar er einblínt á að halda kostnaði niðri en þó ekki þannig að það bitni á öryggi.

### Tekið af skarið

Björn Ingi Hrafnsson, stjórnarformaður Faxaflóahafna, og Gísli Gíslason framkvæmdastjóri, gengu í mars í fyrra á fund forsætis- og samgönguráðherra þar sem til umræðu var sú hugmynd að Faxaflóahafnir myndu annast lagningu Sundabrautar með einkaframkvæmd. Vel var tekið í erindið en frá því fundur fór fram hefur mikið vatn runnið til sjávar. Verktakar hafa lýst yfir áhuga sínum á því að ráðast í framkvæmdina og hefur Kristján Möller sagt útboð vera sanngjörnustu leiðina til að velja verktaka. Faxaflóahafnir hafa bent á að ekki sé nauðsynlegt að bjóða út verkið og benda á að hægt sé að stofna sérstakt félag í kringum verkefnið eins og gert var þegar Hvalfjarðargöng voru gerð. Spölur á og rekur þau.

Ágreiningur milli Faxaflóahafna og ríkisins um þetta verður tæplega leystur nema ríkisstjórnin ákveði að fara svipaða leið og farin var í tilfelli Hvalfjarðarganga. Þessi samskipti milli ríkisins og Faxaflóahafna hafa komið málinu á hreyfingu en ákvarðanir um fjármögnun og leið bíða þess að verða teknar.



FRÉTTASKÝRING
MAGNÚS HALLDÓRSSON
magnush@frettabladid.is

Gítarnámskeið
Hefst 21. janúar
12 vikur - 40 mínútna tímar - 1 sinni í viku
Einkatímar: kr. 47.000-
Geisladiskur með upptöku nemanda í lok námskeiðs.
Hóptímar fyrir 6-9 ára: kr. 35.000-
Gítarskólinn er aðili að frístundakorti Í.T.R. www.itr.is
Öll stílbrigði !
Fyrir byrjendur á öllum aldri og lengra komna
Gítarkennsla er okkar fag !
Gítarskóli Íslands Síðumúla 29 Sími 581-1281
gitarskoli@gitarskoli.is
www.gitarskoli.is

POTTA
MEÐ 40% AFSLÁTTUR
SMÁVÖR
ALLT AÐ 70% AFSLÁTTUR
ÞVOTTAVÉLA
ALLT AÐ 29% AFSLÁTTUR
ALLT AÐ 15% AFSLÁTTUR
UPPÞVOTTAVÉLAR
FRYSTISKÁP
MEÐ 15% AFSLÁTTUR
ALLT AÐ 46% AFSLÁTTUR
OFNAR
HELLUBOR
MEÐ 15% AFSLÁTTUR
KÆLISKÁ
MEÐ 15% AFSLÁTTUR
HÁFAR
ALLT AÐ 50% AFSLÁTTUR
MEÐ 20% AFSLÁTTUR
ÖRBYLGJUOFNAR

# ÚTSALAN ER HAFIN!

RAFTÆKJAVERZLUN ÍSLANDS HF
- ANNO 1929 -
Skútuvogur 1 • Sími 568 8660 • ri@ri.is www.ri.is
Opið: Virka daga kl. 9-18 • Laugardaga 11-16

LG
Lífið er gott

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Óvænt tíðindi í forkosningum vestra:

## Obama virkjar breytingavonir

AUÐUNN ARNÓRSSON SKRIFAR

Það sem ótvírætt er markverðast við fyrstu forkosningarnar fyrir komandi forsetakosningar í Bandaríkjunum, í Iowa í síðustu viku og í New Hampshire í gær, er sá mikli meðbyr sem hinn ungi og framsækni þingmaður frá Illinois, Barack Obama, nýtur meðal flokksmanna sinna í Demókrataflokknum.

Það er líka eftirtektarvert, að baráttan um forsetaframboðsútnefningu Repúblikanaflokksins nýtur miklu minni athygli en baráttan meðal demókrata, sem skýrist væntanlega af því að fáir telja repúblikana eiga möguleika á að sigra í forsetakosningunum að þessu sinni, hversu rækilega sem frambjóðendur flokksins reyna að firra sig ábyrgð á klúðri og óvinsældum embættistíðar fráfarandi forseta, George W. Bush.

Reyndar ber í þessu sambandi að hafa í huga, að sá frambjóðandi repúblikana sem lengi hefur mælzt með mest fylgi á landsvísu, Rudolph Giuliani, fyrrverandi borgarstjóri New York, kaus að hafa sig lítt í frammi bæði í Iowa og New Hampshire. Hann leggur áherzlu á að ná góðum árangri í Flórída, fyrsta fjölmenna ríkinu þar sem forkosningar fara fram í lok janúar, og í hrinunni miklu 5. febrúar, þegar kosið verður í yfir tuttugu ríkjum til viðbótar.

Framgangur Obama er sögulegur. Forskot Hillary Clinton á aðra frambjóðendur demókrata hefur verið gríðarstórt fram til þessa, allt upp í nokkra tugi prósenta á landsvísu. Það hafa stjórnmálaskýrendur rakið til þess að flestir demókratar hafi álitið hana, með þá miklu reynslu og frægð sem hún býr að, sigurstranglegasta í kosningunum sjálfum. Það sem nú virðist vera að gerast er að þeldökkur frambjóðandi sé að „taka framúr“ fyrsta kvenframbjóðandanum sem á raunhæfa von um að verða kjörinn forseti.

Í meðbyr Obama endurspeglast ríkur vilji kjósenda Demókrataflokksins til að eitthvað alveg nýtt taki við eftir átta ár með Bush yngri í Hvíta húsinu. Í þessari nýjungagirni-stemningu stendur Hillary verr að vígi þar sem hún er jú sjálf hluti af arfleifð forsetatíðar eiginmanns síns. Það er nú þegar þannig að yngri kynslóð Bandaríkjamanna hefur aldrei lifað dag þar sem ekki var annaðhvort einhver úr Bush- eða Clinton-fjölskyldunni í Hvíta húsinu. Sumum þykir því tilhugsunin um jafnvel átta ár til viðbótar með annan fulltrúa Clinton-fjölskyldunnar á forsetastól vera hálfuggvekjandi – þótt sá fulltrúi yrði fyrsti kvenforsetinn í sögu landsins.

Aðalrök Hillary gegn Obama í kosningabaráttunni hafa verið reynsluleysi hans – hann á aðeins um þriggja ára feril að baki sem fulltrúi á Bandaríkjaþingi. Með því hefur hún í raun verið að segja að það sé nánast framhleypni af hans hálfu að sækjast eftir forsetaframboði nú; honum væri nær að bíða til næstu eða þarnæstu forsetakosninga – það er þegar hún hafi lokið sér af í Hvíta húsinu.

Málefnaágreiningur er annars sáralítill milli þeirra tveggja. Í utanríkismálum hafa þau bæði lagt áherzlu á að bæta fyrir mistök Bush-stjórnarinnar, en óneitanlega nýtur reynsluboltinn þar meiri trúverðugleika en ungi maðurinn frá Illinois. Þar sem áhyggjur af efnahagsástandinu eru nú farnar að yfirgnæfa önnur mál í huga bandarískra kjósenda, þar á meðal Íraksstríðið óvinsæla, er þó ljóst að hvorki forkosningar né kosningarnar sjálfar munu frekar nú en endranær vinnast út á trúverðugleika í utanríkismálum.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365

**RITSTJÓRAR:** Jón Kaldal og Þorsteinn Pálsson **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir, Kristján Hjálmarsson, Trausti Hafliðason og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál). **FULLTRÚI RITSTJÓRA:** Páll Baldvin Baldvinsson. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og þéttbýlissvæðum á suðvesturhorninu. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. issn 1670-3871




Munum eftir útiljósunum !

Nú þegar farið er að myrkva úti viljum við vinsamlega minna íbúa á að hafa kveikt á útiljósum við heimili sín til að auðvelda blaðberum Fréttablaðsins aðgengi að lúgu.

Fyrirfram þakkir, dreifing Fréttablaðsins

Pósthúsið - S: 585 8300 - www.posthusid.is

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Kjarninn og hismið

Árni Mathiesen, settur dómsmálaráðherra, hefur skilað rökstuðningi fyrir skipan Þorsteins Davíðssonar í embætti héraðsdómara. Eins og kunnugt er skipaði Árni Þorstein dómara þótt matsnefnd hefði metið þrjá umsækjendur hæfari. Í rökstuðningnum er margt talið til, bæði stórt og smátt. Meðal annars er það talið Þorsteini til tekna að hann hefur átt sæti í innflytjendaráði og flóttamannaráði undanfarið hálft ár, hefur verið varamaður í yfirkjörstjórn Reykjavíkurkjördæmis norður vegna alþingiskosninga og að hann sitji í dómnefnd Bókmenntaverðlauna Tómasar Guðmundssonar. Árni hrósar líka hæfileika Þorsteins til að greina aðalatriði frá aukaatriðum.



### Gott að vinna fyrir Björn

Það sem hins vegar reið baggamuninn er fjölbreytt reynsla Þorsteins og þekking, ekki síst í starfi aðstoðarmanns Björns Bjarnasonar um rúmlega fjögurra ára skeið. Þetta gerir Þorstein að hæfasta umsækjandanum að mati Árna. Hjá Birni hafi Þorsteinn fengið reynslu af stjórnun og skipulagningu starfa, þar hafi reynt á allar hliðar lögfræði, löggjafarstarf, stjórnun ráðuneytis og fjárreiður ríkissjóðs og starfið krafist samskipta við ótal aðila innlenda og erlenda. Árni virðist sem sagt meta það sem svo að umsækjendurna þrjá sem metnir voru hæfari hafi skort að hafa unnið fyrir Björn Bjarnason. Eða sambærilega reynslu.

### Lúðvík í baksturinn

Bæjarstjórn Hafnarfjarðar blés til blaðamannafundar í gær þar sem kynntir voru viðburðir í tilefni af því að bærinn fagnar hundrað ára afmæli í ár. Rósa Guðbjartsdóttir, bæjarfulltrúi Sjálfstæðisflokksins í Hafnarfirði, notaði tækifærið og skoraði á Lúðvík Geirsson bæjarstjóra að baka köku fyrir bæjarbúa á afmælisdaginn í júní; Lúðvík væri jú bakari að mennt. Bæjarstjórinn rifjaði upp að hann hefði skellt í köku á 95 ára afmæli Hafnarfjarðar og kvaðst hafa engu gleymt. Það er bara að setja upp svuntuna.



bergsteinn@frettabladid.is

## Bréf til Þorgerðar Katrínar Gunnarsdóttur

Í Fréttablaðinu birtist ítarlegt viðtal við þig, Þorgerður, laugardaginn 22.desember. Í viðtalinu fannst mér vera tónn í garð okkar framsóknarmanna, fyrrum samstarfsmanna, sem ég kann ekki við og get ekki annað en kallað af hliðarlínunni inn á völlinn, svo notuð sé samlíking úr íþróttunum. Ég kýs að hafa þetta í formi bréfs til þín, og vona að þú fyrirgefir mér það að sleppa titlum svo sem hæstvirtur menntamálaráðherra og ávarpa þig beint.

Í fyrsta lagi kallar þú það populisma að hafa áhyggjur af kristilegu siðgæði í skólum, og þeim skilaboðum að fella það orðalag úr lögum um grunnskóla. Kallar það mjálm í framsóknarmönnum. Ég vona að það hafi ekki farið fram hjá þér, að það voru ekki framsóknarmenn sem hófu þessa umræðu. Það var biskup Íslands sem reið á vaðið, og ef ég hef tekið rétt eftir fréttum átti hann tal við þig um málið. Varla ertu að saka hann um populisma.

Hins vegar vil ég gera gott úr hlutunum, og ég tel víst að þér hafi fundist umræðan óþægileg og þess vegna sértu svona úfin í þessu máli. En svona er lífið. Það eru ekki alltaf jólin.



JÓN KRISTJÁNSSON

**Í DAG** | Gagnrýni ráðherra svarað

*Passaðu þig á Samfylkingunni og láttu þá ekki hafa of mikil áhrif á þig. Ég held að þetta tal um okkur framsóknarmenn séu áhrif frá þeim.*

**Ósanngjörn gagnrýni**

Hitt atriðið sem ég rak augun í og mér finnst ósanngjarnt í garð okkar framsóknarmanna er að þú lætur að því liggja að við séum áhugalausir um menntaog menningarmál og það sé búið að tala meira um þau mál á hálfu ári nú í þessari ríkisstjórn en á fjórum árum áður, fyrir einskæran áhuga Samfylkingarinnar. Þú undanskilur þó Jón Sigurðsson, fyrrverandi formann.

Um þetta er það að segja að ríkisstjórnarfundirnir eins og ég þekkti þá í samvinnu við Sjálfstæðisflokkinn voru ekki málfundir. Ráðherrar bera þar upp sín mál til afgreiðslu og eftir umræður eru þau afgreidd eða þeim frestað eftir atvikum. Ég minnist þess ekki að á formlegum fundum hafi verið eldhúsdagur um áhugamálin, þótt margt bæri á góma áður en gengið var til formlegheitanna. Það getur vel verið að Samfylkingarmenn séu málglaðir um hin ýmsu mál á ríkisstjórnarfundum en það segir ekkert um áhuga eða virkni fyrri ríkisstjórnar.

**Stuðningur Framsóknar**

Ég vil minna á það að stærsta málið sem þú barst fram á síðasta kjörtímabili og það fyrirferðarmesta var að breyta ríkisútvarpinu í hlutafélag. Við framsóknarmenn studdum þig í þessu máli, en okkur þótti það mjög erfitt pólitískt, og lítil hrifning af því í okkar flokki.

Hins vegar töldum við að þetta myndi styrkja útvarpið og afstaða okkar var fullkomlega ærleg og málefnaleg í þessu stóra máli. Ég minnist ekki annars en að við höfum staðið við bakið á þér í öllum málum alltaf, bæði áður en Jón Sigurðsson kom í ríkisstjórn og eftir það.

Hins vegar þekkir þú það að ráðherrar sem fara með mikil útgjaldaráðuneyti fá ekki í gegn um ríkisstjórnina öll sín áhugamál, jafnvel þótt þau séu hin þörfustu. Þú þekkir veit ég nokkuð sem heitir rammafjárlög og stríðið við að troða inn í þann ramma sem hverju ráðuneyti er ákveðinn.

**Situr á góðu búi**

Sú ríkisstjórn sem nú situr virðist vera ósammála í mörgum stórum málum. Hins vegar situr hún í góðu búi fyrri ríkisstjórnar og getur leyft sér að ákveða rífleg ríkisútgjöld. Þau útgjöld fara til góðra og þarfra mála, og það er nú svo að um fæst þeirra er mikill ágreiningur. Hitt er svo gott að hafa í huga, ekki síst fyrir núverandi valdhafa að það skiptir mestu máli hvað gert er en ekki hvað mörg orð eru höfð um hlutina.

Mér þykir miður að þurfa að skrifa þér bréf í þessum tón því við áttum ágætis samstarf innan ríkisstjórnar og utan. Passaðu þig á Samfylkingunni og láttu þá ekki hafa of mikil áhrif á þig. Ég held að þetta tal um okkur framsóknarmenn séu áhrif frá þeim. Þeir voru vanir að tala illa um okkur út í eitt og vafalaust gera þeir það enn þegar hlé verður á talinu um mennta- og menningarmálin.

*Höfundur er fyrrverandi ráðherra.*

## Leyndarmál menntakerfisins

**UMRÆÐAN**

Kjaramál



ÓLAFUR ÖRN PÁLMARSSON

Kjarasamningar kennara eru lausir næsta vor en nú þegar eru kennarar byrjaðir að segja upp starfi sínu vegna þeirra launakjara sem þeim er boðið upp á. Dæmi er um að sami bekkurinn hafi haft þrjá umsjónarkennara frá því að skólastarf hófst í haust.

Í sambandi við launamál kennara tala tölurnar sínu máli og þarf ekkert að fara í grafgötur með það að kennarar hafa verið skildir eftir í kjaraþróun. Einstök sveitarfélög skýla sér bak við Launanefnd sveitarfélaganna og viðhalda láglaunastefnu í skólum. Á einu mesta góðærisskeiði Íslandssögunnar frá 2005 til maí 2007 hafa laun kennara hækkað um 3% á ársgrundvelli meðan launavísitalan hefur hækkað um 9%. Á þessum sama tíma hefur kaupmáttur launa kennara rýrnað um 5,6%. Kennarar á Íslandi eru meðal lægst launuðu kennara innan OECD þannig að ekki er hægt að skella skuldinni af dýru menntakerfi á ofurlaun kennara.

Skólastarf í dag er byggt upp af skólum með mikla starfsmannaveltu. Stjórnmálamenn sem hafa mikið um það að segja hvernig skólastarf er framkvæmt virðast ekki hafa áhyggjur af þessum þætti. Skammsýnin er látin ráða ferðinni og ekkert tillit er tekið til þeirrar staðreyndar að lítil reynsla og þekking byggist upp þegar starfsmannavelta er mikil.

Skólakerfi þar sem kúvending verður á starfsmannahaldi á nokkurra ára fresti er ekki líklegt til árangurs í alþjóðlegum samanburði. Ekki er litið á skólana sem þekkingarfyrirtæki þar sem haldið er í gott fólk á góðum launum og fríðindum heldur segir það góða fólk sem fyrir er upp störfum vegna bágra kjara. Í venjulegum fyrirtækjarekstri er litið á góðan starfsmann sem fjárfestingu en í hinu almenna opinbera skólakerfi er litið á hann sem kostnað fyrir samfélagið.

Væri ekki nær að borga kennurum mannsæmandi laun í stað þess að eyða fjármunum skattborgara í að þjálfa upp nýja starfsmenn? Er menntakerfi þar sem reynsla tapast á örfáum árum kerfi sem við getum verið stolt af?

*Höfundur er stjórnarmaður í Kennarafélagi Reykjavíkur.*

## BENSÍNIÐ SPARAÐ

Runólfur Ólafsson hjá Félagi íslenskra bifreiðaeigenda kann ýmis ráð til að spara eldsneyti. Hann ráðleggur fólki meðal annars að aka á löglegum hraða.

BÍLAR 2



## MISSTI AF FLUGI

Reynir Freyr Reynisson lagðist í þriggja vikna lestarferðalag um Evrópu fyrir tveimur árum, eftir að hafa misst af flugi heim frá Róm.

FERÐIR 3



allt

HEIMILI HEILSA HÚS BÖRN NÁM FERÐIR MATUR BÍLAR TÍSKA GRÆJUR ATVINNA TILBOÐ VINNUVÉLAR O.FL. FRÉTTABLAÐIÐ

Lærðu kínversku á skemmtilegan hátt




Námskeið byrjar 13. janúar

Gallery Kína

Ármúla 42 · Sími 895 8966

Útsalan er hafin

40% afsláttur

ENGLABÖRNIN

Laugavegi 51 • s: 552 2201

vísir.is

"...ég sá það á vísi"



Sæmundur Kristjánsson er eigandi veitingahússins Á Næstu grösum og naut þess að láta stjana við sig í mat og drykk í ítölsku Ölpunum yfir hátíðarnar á milli þess sem hann skíðaði í púðursnjó ofan við fjallaþorpið Santa Katarina.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Skíðað í jólakorti

***Sæmundur Kristjánsson matreiðslumeistari naut hátíðanna í dýrindis jólakúlu ítölsku Alpanna.***

„Ég var svo lánsamur að vera í hópi 200 Íslendinga sem Árni Sæmundsson smalaði saman í jólaskíðaferð til fjallaþorpsins Santa Katarina í ítölsku Ölpunum, en þar hefur skíðaferðamennska legið niðri um langa hríð þar til nú að uppbygging er hafin aftur. Við vígðum þar spánnýtt hótel og áttum fjöllin ein, því enn er staðurinn laus við massatúrisma en fullur af friðsæld, fámenni og fegurð," segir Sæmundur Kristjánsson, eigandi veitingastaðanna Á næstu grösum, sem í þessari ferð eyddi jólum fjarri Íslandsbyggð í fyrsta sinn.

„Santa Katarina stendur í þjóðgarði þar sem fjallgarðar, skóglendi og umhverfið allt er stórbrotið í fegurð sinni. Flesta dagana var heiðskírt og sólríkt, en þess á milli kyngdi niður hvítum jólasnjó þannig að maður fékk á tilfinninguna að vera staddur í fegursta jólakorti eða töfrandi jólakúlu," segir Sæmundur og skellir upp úr, og bætir við að ekki hafi hvarflað að honum að taka með sér íslenskan jólamat til Ítalíu.

„Til hvers?" spyr hann brosmildur. „Ítalir eru þekktir fyrir sælkeramatseld og við nutum þess í þeirra landi. Þótt ég sé matreiðslumaður reyni ég alltaf að stilla mig í útlöndum og njóta þess sem er í boði á hverjum stað, og þarna skorti ekkert upp á hátíðleikann eða velgjörning í mat og drykk," segir Sæmundur og rifjar upp aðfangadag í skíðabrekkunum.

„Þarna vorum við frúin og krakkarnir að skíða í frábæru færi þegar klukkan sló fjögur og við sögðum börnunum að nú væri aðfangadagur jóla. Þvílík forréttindi; ekkert stress, bara friður og kyrrð í fjallgarðinum, og jólin að koma. Svo dóluðum við okkur niður brekkurnar til að fara í jólabaðið og borða jólamatinn á hótelinu, og héldum síðar um kvöldið lítil jól í okkar vistarverum þar sem við opnuðum fáeina pakka og höfðum það notalegt saman," segir Sæmundur sem er alveg til í að sleppa takinu á íslenskum jólum aftur til að komast í slíka jóladýrð á ný.

„Það er dálítil fyrirhöfn að komast til Santa Katarina, en hægt að fara styttri leið en við gerðum. Við ókum frá Þýskalandi í gegnum Alpana í alls sjö tíma og það var heldur langt fyrir börnin eftir flugferðina að heiman, en algjörlega ógleymanlegur bíltúr sökum náttúrufegurðar. Fjölskyldan var alsæl með ferðina og þessar tvær vikur frá 22. desember til 5. janúar liðu hratt við útivist, hreyfingu, lúxusfæði, góða hvíld og samveru í undraverðu jólalandi. Ætli ég sé bara nógu hollur fósturjörðinni að grípa ekki hangikjötslærið með mér, en þarna var jólalegt fram úr hófi og gott að vera laus við lætin heima síðustu dagana fyrir jól og háannatíma matreiðslumanna í desember."

*thordis@frettabladid.is*

BÍLKÓ

Þjónustumiðstöð bílsins

Dekkjaþjónusta
Smurþjónusta
Bón og þvottur

25% afsláttur af Sunny vetrardekkjum



Smiðjuvegi 34 - rauð gata
www.bilko.is • Sími 557 9110

Opið: mán. - fös. kl. 8-18
laugard. kl.10-16



**Skutbílar** hafa löngum þótt góðir fjölskyldubílar og henta barnafólki vel þar sem mikið pláss er í skottinu.

# Ódýrara að skipuleggja sig

***Runólfur Ólafsson, framkvæmdastjóri Félags íslenskra bifreiðaeigenda, kann ýmis ráð til að spara eldsneyti.***

Bensínverð hækkaði um tuttugu prósent á síðasta ári og er bensínlítrinn nú kominn í um 134 krónur í sjálfsafgreiðslu og 140 krónur með þjónustu. Það getur því kostað sitt að fylla tankinn og eflaust velta margir því fyrir sér hvernig megi spara dropana.

Runólfur Ólafsson, framkvæmdastjóri FÍB, kann nokkur góð ráð til að draga úr eldsneytisnotkun.

„Aðalatriðið er að skipuleggja aksturinn. Þannig má koma í veg fyrir að verið sé að fara margar ferðir þegar ein nægir. Þá er mikilvægt að fylgja flæði umferðarinnar og halda sig á eins jöfnum hraða og kostur er. Það fer mikið eldsneyti til spillis ef verið er að taka hratt af stað og snögghemla,“ segir Runólfur.

Á höfuðborgarsvæðinu segir hann gott að miða við að fylgja grænu ljósunum. „Ef keyrt er á löglegum hraða ætti maður sem oftast að lenda á grænu ljósi,“ útskýrir Runólfur. Þá segir hann gott að fylgjast með vinnslu bílsins en í flestum bílum er snúningshraðamælir sem gefur til kynna hver snúningurinn á vélinni er. Gott er að miða við um 2.000 snúninga. „Ef bíllinn er beinskiptur er mælt með því að fara fljótt upp í háa gíra því þá er vélin ekki að erfiða eins mikið,“ segir Runólfur.



**RUNÓLFUR ÓLAFSSON** Framkvæmdastjóri FÍB ráðleggur fólki að keyra á löglegum hraða til þess að spara bensín. FRÉTTABLAÐIÐ/AUÐUNN

Hann segir mikilvægt að fylgjast reglulega með þrýstingi í hjólbörðum og hafa hann í samræmi við ábendingar framleiðanda. Þá bendir hann fólki á að vera ekki með toppgrind að óþörfu því hún eykur loftmótstöðu.

Runólfur segir nýrri bíla oft eyðslugrennri en eldri enda þurfi bílaframleiðendur í dag að fylgja ákveðnum reglum Evrópusambandsins um útblástur gróðurhúsalofttegunda. „Ef fólk hefur tök á því að kaupa slíka bíla er það auðvitað af hinu góða,“ segir Runólfur.

Þá hvetur hann fólk til að nýta sér sjálfsafgreiðslu og önnur afsláttarkjör olíufélaganna. „Ég mæli þó kannski ekki með því að fólk sé að fara í önnur byggðarlög til að ná sér í ódýrari dropa. Í gegnum tíðina höfum við svo hvatt fólk til að hjóla og ganga styttri vegalengdir.“

*vera@frettabladid.is*


Rafstilling ehf
startarar - alternatorar - perur
viðgerðir - sala
hröð og góð þjónusta
Dugguvogi 23 - s: 5814991 / 6634942
rafstilling@rafstilling.is

bfo.is
Bifreiðaverkstæði Friðriks Ólafssonar ehf
bfo@bfo.is
NISSAN SUBARU HONDA ISUZU OPEL
SMIÐJUVEGI 22 (GRÆN GATA) · 200 KÓPAVOGI · SÍMI: 567 7360

VINNUVÉLANÁMSKEIÐ
Næsta námskeið hefst 11. janúar n.k.

Staðsetning í Mjódd
www.ovs.is
Öku- og vinnuvélaskólinn ehf.
Eco Driving
UPPLÝSINGAR OG INNRITUN Í SÍMA 588-1414

KERRUÖXLAR Í ÚRVALI
og hlutir til kerrusmíða

FJALLABÍLAR
Stál og stansar ehf.
Vagnhöfða 7
110 Reykjavík
Sími: 517 5000


Hellisheiði ófær vegna illviðris og hálku.*
„Ég sá það fyrst á visir.is“
visir.is
...ég sá það á visir.is
*1. des. 2007

Aukin ökuréttindi - Meirapróf

Næsta námskeið hefst 9. janúar
ÖKUSKÓLINN Í MJÓDD
Upplýsingar og innritun í síma 567 0300

Hringdu í síma
512 50 60
ef blaðið berst ekki



**New York** er skemmtileg borg heim að sækja. Hún er full af orku og lífi og þar er auðvelt að hafa nóg fyrir stafni. Sannkölluð heimsborg sem mikil upplifun er að koma til og ekki úr vegi að bæta henni á listann yfir áhugaverða staði.



Reynir heimsótti norska vinkonu sína í Róm.



Reynir ásamt grísku stúlkunum sem hann kynntist í París.

# Á heimleið í þrjár vikur

*Fyrir tveimur árum missti Reynir Freyr Reynisson af flugi sem varð til þess að hann lagðist í þriggja vikna lestarferðalag um Evrópu.*

„Fyrir tveimur árum fékk ég stutt frí í vinnunni og ákvað að bregða mér til Rómar en þar þekki ég norska stúlku. Þegar ég sæki borgir heim finnst mér albest að þekkja einhvern sem hefur þar aðsetur. Þannig dettur maður fljótt inn í hið daglega líf í stað þess að versla og skoða mannvirki allan daginn,“ segir Reynir. Í Róm gerðist hann meðlimur í pílukastsklúbbi og söng fótboltalög með Lazio-fótboltabullum en komst ekki yfir að skoða Vatíkanið. „Hitt var örugglega jafn skemmtilegt,“ ályktar Reynir.

Reyni varð það svo á að gleyma brottfarardeginum og áttaði sig á því að hann ætti flug heim skömmu fyrir brottför. Hann pantaði leigubíl og í hönd fór hálfgert rallí um götur Rómar en engu að síður missti hann af fluginu. Hann ákvað þó að gera gott úr hlutunum og tók lest til Mílanó og þaðan til Parísar. „Þegar ég var kominn þangað hélt ég reyndar að ég væri í Lyon. Ég var í þrjá tíma að reyna að kaupa lestarmiða til Parísar sem gekk frekar illa þar sem ég var á staðnum,“ útskýrir Reynir.

„Í París hitti ég fjórar grískar stúlkur sem buðu mér í heimsókn til háskólabæjarins Metz Ég tók vel í það boð en stúlkurnar voru þó ekki væntanlegar þangað fyrr en viku seinna.“ Reynir kíkti á kortið og sá að bærinn Nancy var nálægt Metz. „Þar hitti ég ansi ágætan en drykkfelldan mann. Hann sýndi mér bæinn, bauð mér að gista og spilaði óperur í botni allar nætur,“ segir Reynir. Svo lá leið hans til Metz þar sem hann gisti hjá einni af grísku stúlkunum. Hún hafði boðið fleirum til sín og var einn gestanna maður frá Marokkó. Sá var á leið til Belgíu og bauð hann Reyni far.

„Ég stoppaði stutt í Belgíu og tók lest til Amsterdam. Hún var troðfull af fólki og lá við handalögmálum á hverri stoppistöð,“ segir Reynir. Hann kom til Amsterdam í niðamyrkri og var hálf hræddur við ræningja og annan óþverralýð. „ Ég gisti í nokkrar nætur en kíkti svo á internetkaffihús og sá þar fjölda tölvupósta frá vinnuveitanda mínum þar sem ýjað var að því að ég þyrfti að fara að mæta í vinnu. Ég gat í raun ekki ferðast mikið lengra í áttina heim nema með skipi svo ég pantaði mér flug,“ útskýrir Reynir

Hann segist ennþá halda sambandi við Marokkómanninn og grísku stúlkurnar en hefur ekkert heyrt frá drykkfellda óperuunnandanum.

*vera@frettabladid.is*

Outdoor Travel and More

Island - Grikkland /Albania - Marokko - Russland - Iran

Leyfðu jeppanum þínum að hvíla sig frá snjó og slyddu heima - á Saharasandi

MAROKKO í vor 2008. Draumurinn rætist
28 daga jeppaferð fyrir Íslendinga
2. - 28. april n.k.

verð 2440.- € á mann (miðað við tveggja manna áhöfn a bíl) frá Seyðisfirði báðar leiðir
Íslenskumælandi túlkur er með í ferðinni.

Síðasti skráningardagur 31. janúar 2008 - nánari upplýsingar á heimasíðu
http://www.outdoor-travel-and-more.de/ mailto:info@outdoor-travel-and-more.de
0049-172 8887819 0049-251 778394
Alfred Tischer




Ævintýralegar Borgir Evrópu - Páskar 2008
Frá Keflavík Akureyri Egilsstöðum

Borgirnar eru á minjaskrá Unesco og einna best varðveittu borgir Evrópu. Úrval veitingahúsa, verslana og kaffihúsa. Kastalar, hallir, gamlir markaðir, frábær þjónusta, ódýrt að versla og borða. Fjörugt næturlíf. Úrval skoðunarferða.

| Riga | Flogið frá | |
|---|---|---|
| 14.-20.mars (5 nætur) | Keflavík | kr. 76,294 |

| Tallinn | Flogið frá | |
|---|---|---|
| 15.-19.mars (4 nætur) | Akureyri | kr. 74,294 |
| 20.-24.mars (4.nætur) | Egilsstaðir | kr. 74,294 |

Setjum upp sérstakar ferðir fyrir fyrirtæki og hópa eftir óskum.

Munið frábæru kennaratilboðin!

Innifalið: Flug, skattar, **** hótel, morgunmatur, rúta og fararstjórn.

8.janúar 2008

Trans-Atlantic
Sími 588 8900
www.transatlantic.is




allt tíska
Alla fimmtudaga

vísir.is

vísir.is
...ég sá það á visir.is



# nýir bílar

MIÐVIKUDAGUR 9. JANÚAR 2008

## Skoda Fabia Combi

**Nýjasta afurðin frá Skoda þykir vera vönduð, stílhrein og laus við prjál.** BLS. 8






FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



01-9585

# Þarftu stærri bíl?

Þarftu betri, nýrri, lengri eða einfaldlega stærri bíl? Hjá Lýsingu bjóðum við þér hentuga lausn til þess að eignast draumabílinn.

Þú getur nálgast bílafjármögnun Lýsingar hjá bílaumboðum, bílasölum og ráðgjöfum okkar.

**Bílasamningur // Bílalán // Einkaleiga**

LÝSING

LYSING.IS // 540 1500



Nýr Audi A4 þykir sportlegri útlits en forverinn.

# Vígalegur á velli

Nýr Audi A4 verður kynntur í maí á Íslandi en hann þykir sportlegri útlits en forverinn og reyndar einn sportlegasti stallbakurinn í millistærðarflokki.

Minni slútun er yfir framhjólunum og vélarhlífin er lengri, sem og hjólhaf bílsins, en alls er Audi A4 4,7 metrar á lengd. Í drifrásinni er sú breyting að staðsetning mismunadrifs og kúplingar hefur breyst, sem gerir mögulegt að færa framásinn fram um 154 millimetra. Þessi lausn tryggir ákjósanlega þyngdardreifingu á ásana. Ný hönnun er á sportlegu fjöðrunarkerfinu, sem er að mestum hluta úr áli sem dregur úr ófjaðrandi þyngd bílsins.

A4 er til með nýjum tæknibúnaði; Audi-akstursval (drive select) lagar vél, sjálfskiptingu, stýringu og fjöðrunarkerfi að óskum ökumanns. Audi-sportstýring (dynamic steering) lagar stýringu að hraða bílsins og heldur honum stöðugum, jafnvel við ystu mörk í akstri, með breytingum á beygjuhring hans á nánast rauntíma. Stjórnbúnaður stýrir stífleika vökvafylltra höggdeyfa, sem leiðir til sportlegri upplifunar og aukins öryggis í akstri.

Bifreiðin fæst með fimm vélum, allt frá 143 hestöflum til 265 hestafla. Fjögurra strokka bensínvélin er með forþjöppu eins og díselvélarnar. Báðar gerðir eru með beinni innsprautun. Allar vélarnar eru þýðgengar og skila jafnri vinnslu á breiðu snúningssviði og eyðsla þeirra er minni en í eldri gerðum bifreiðarinnar.

A4 fæst með nokkrum gírskiptingagerðum; sex gíra handskiptingu, tiptronic-sjálfskiptingu, multitronic-reimskiptingu og annað hvort framhjóladrifinn eða með sítengdu quattro-fjórhjóladrifi, sem hefur verið endurbætt.

Nánar á www.hekla.is *- rve*



Nýr Citroën C5 kemur til Brimborgar í haust.

# Aldrei verið glæsilegri

Nýr Citroën C5 kemur á markað í Evrópu vorið 2008 og til Brimborgar um haustið, en bifreiðin þykir hafa tekið töluverðum breytingum til betri vegar.

Meðal breytinga sem gerðar hafa verið á þessum meðalstóra fjölskyldubíl má fyrst nefna útlitsbreytingar.

Bíllinn er þannig lengri og breiðari en fyrirrennari hans. Nýr framendi hefur sterka nálægð enda loftinntakið stærra og eftirtektarverðara en áður og með innbyggðum þokuljósum. Þá ljær bogadregin lína yfirbyggingarinnar bílnum glæsilegan heildarsvip, auk þess sem afturhluti bílsins þykir ekki vera síðri en flottur framendi.

Gæði hins nýja C5 þykja síðan koma vel fram í farþegarýminu. Stýrið er með sína föstu miðju líkt og í C4 og sæti með stillingarminni prýða bifreiðina.

Hið þriggja stiga vökvadrifna fjöðrunarkerfi sem Citröen er þekkt fyrir verður í nýju gerðinni. Nokkrar gerðir bensín- og díselvéla verða í boði í nýjum C5, meðal annars sex strokka og 208 hestafla díselvél með forþjöppu.

Nánari upplýsingar um Citröen C5 hjá Brimborg, www.brimborg.is. *- rve*



Nýja Imprezan fæst aðeins sem hlaðbakur og sker sig í útliti ekki lengur úr öðrum bílum í sínum flokki, ólíkt fyrirrennaranum.
FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Ný og gerbreytt Impreza

REYNSLUAKSTUR

**Mikið breytt þriðja kynslóð Subaru Impreza kom á markað í haust, en hún var valin bíll ársins á Íslandi í sínum flokki. Reynsluakstur á Impreza 2,0R með sjálfskiptingu.**



Ný og nútímalegri hönnun á innanrými.

Subaru-bílar hafa ekki að ástæðulausu notið mikilla vinsælda á Íslandi, enda henta þeir íslenskum aðstæðum sérlega vel þar sem þeir eru allir með sítengt aldrif. Auk þess hefur áreiðanleiki þeirra reynst með því besta sem gerist, sem endurspeglast í toppeinkunnum í könnunum á ánægju eigenda.

Það sætir því nokkrum tíðindum þegar alveg ný kynslóð Subaru-bíls kemur á markað. Nú er það Imprezan, sem keppir í sama stærðarflokki og Volkswagen Golf og Toyota Auris, sem hefur verið hannaður upp á nýtt frá grunni. Þetta er þriðja kynslóð Imprezunnar frá því Subaru með því nafni kom fyrst fram á sjónarsviðið snemma á tíunda áratugnum. Og óhætt er að segja að þessi kynslóðaskipti séu allbyltingarkennd.

Áður var aðeins hægt að fá Imprezu fjögurra dyra með skotti eða sem fimm dyra skutbíl. Nú hefur Subaru ákveðið að færa útlit Imprezunnar nær „meginstraumnum“ í þessum flokki bíla. Hún fæst nú aðeins sem fimm dyra hlaðbakur, með sléttu og felldu útliti sem sker sig lítið frá öðrum bílum, ólíkt fyrirrennaranum.

Með hlaðbaksforminu er nýja Imprezan nokkru styttri en fyrirrennarinn, þar sem yfirbyggingin teygir sig nú mjög skammt aftur fyrir afturhjólin. En flest önnur mál hafa stækkað; hjólhaf, sporvídd, breidd og hæð.

Farþegarými hefur líka aukist og hönnun innanrýmisins tekið miklum stakkaskiptum. Farangursrýmið hefur hins vegar minnkað og mælist nú um 300 lítrar.

Subaru-aðdáendur sem kunna að hafa áhyggjur af því að nýja Imprezan sé „of venjuleg“ geta huggað sig við að þegar kemur að fjöðrun og aksturseiginleikum er nýi bíllinn enginn eftirbátur fyrirrennarans. Hann liggur mjög vel á vegi, sérstaklega í beygjum, og rásfestan og stöðugleikinn sem lágur þyngdarpunktur boxer-vélarinnar og sítengt aldrifið gefa njóta sín jafnvel enn betur í þessum bíl en hjá fyrri kynslóð.

Þeir sem vilja njóta aksturseiginleikanna best ættu þó að velja beinskiptu útgáfuna, þar sem sá gírkassi er fimm gíra með háu og lágu drifi og mekanískum millikassa. Sjálfskipta útgáfan, eins og reynsluakstursbíllinn var, er aðeins fjögurra gíra og er mun svifaseinni í öllum viðbrögðum en sá beinskipti. Þetta endurspeglast meðal annars í því að uppgefinn hröðunartími úr núlli í hundrað er fullum tveimur sekúndum meiri í sjálfskiptu útgáfunni, 11,6 sekúndur í stað 9,6 í þeirri beinskiptu.

Í fyrstu fæst Imprezan einungis með tveggja lítra bensínvél, sem nú skilar 150 hestöflum og 196 Nm togi. Það er tíu hestöflum minna en sama vél skilaði áður, og skrifast það sjálfsagt á nýjustu útblástursreglur og tilraun til að gera vélina sparneytnari.

Í reynsluakstrinum var reyndar ekki að sjá að hún væri orðin neitt sparneytnari en áður. Samkvæmt aksturstölvunni eyddi hún yfir 11 lítrum á hundraðið, þótt uppgefin meðaleyðsla sé aðeins 8,2 lítrar. Reyndar eyða allir bílar meiru við vetraraðstæður, þegar kalt er og vindasamt og ekið er á grófum vetrardekkjum. En svo virðist sem raunverulega sparneytnir Subarubílar verði ekki fáanlegir fyrr en með nýju boxer-díselvélinni sem boðað hefur verið að verði fyrst fáanleg í Legacy í sumar og síðar bæði í Forester og Impreza.

Auk tveggja lítra vélarinnar á Imprezan að fást með 1,5 lítra, 107 hestafla vél. Hún verður eflaust sparneytnari, en bóka má að hún þurfi að erfiða mun meira til að hreyfa þennan ríflega 1.300 kílóa bíl. Síðar mun túrbóútgáfan WRX-Sti fást með yfir 300 hestafla vél, en með henni viðheldur Subaru þeirri hefð að bjóða upp á götuútfærslu af heimsmeistarakeppnirallbíl fyrirtækisins.

Sjálfskiptur kostar Impreza 2,0R í Sport-útfærslu, eins og reynsluakstursbíllinn, 2.590.000 kr. Það er þokkalegt verð að teknu tilliti til búnaðar í samanburði við keppinauta. Jafn vel búinn Legacy kostar reyndar aðeins 200.000 kr. meira, sem undirstrikar hvað sá bíll er á góðu verði þar sem þar er um mun stærri og meiri bíl að ræða.

*audunn@frettabladid.is*

## IMPREZA 2,0R SPORT

**Vél:** 4 str. H, 1994 ccm
**Afl:** 150 hö/196 Nm
**Skipting:** 4 þrepa sjálfsk.
**Eigin þyngd:** 1.360 kg.
**Hröðun 0-100 km:** 11,6 s.
**Uppg. meðaleyðsla:** 8,2 l
**PLÚS:** Akstureiginleikar
**MÍNUS:** Svifasein sjálfskipting, eyðsla
**Verð:** 2.590.000 kr.
**Umboð:** Ingvar Helgason


Hyundai i30
Staðalbúnaður
- Árekstrarvörn
- ABS búnaður
- Tvöfaldir styrktarbitar
- 8 loftpúðar
- Isofix festingar
- Útihitamælir
- iPod samhæfður
- USB
- AUX- tengi
- Hiti í framrúðu
- Samlitir stuðarar
- Reyklitað gler
Frá kr. 1.840.000
EURO2008
HYUNDAI
Official Partner
Hefur gæðin
HYUNDAI i30
„Fallegur? Já kannski...“
„En kann hann að gelta, sækja blaðið eða gæta hússins?“
Hyundai i30. Nýi besti vinur þinn!
Komdu og reynsluaktu! Þetta gæti verið upphafið að dásamlegri vináttu
B&L
Með bílinn handa þér
Nýjasti meðlimur Hyundai-fjölskyldunnar er vinur í raun. Hann er fagur á að líta að innan sem að utan, sparneytinn en kraftmikill í senn og á verði sem vekur verðskuldaða athygli. **Verð frá kr. 1.840.000.** Fæst bæði beinskiptur og sjálfskiptur, bensín og dísel.
HYUNDAI
www.hyundai.is
B&L • Grjóthálsi 1 • 110 Reykjavík • 575 1200 • www.bl.is
Keflavík 421 4444
Selfoss 575 1460
Akranes 431 2622
Akureyri 461 2533
Egilsstaðir 471 2524


Sportleg ljós og evrópskt útlit einkenna Hyundai i30.


Innréttingin er settleg með LED-lýsingu. Þá fær bíllinn plús fyrir iPod-tengi í boxinu milli framsætanna.


Hyundai i30 er bíll með góða nærveru. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Hyundai fyrir Evrópumarkað

**REYNSLUAKSTUR**

**Hyundai i30 er smábíll með góða nærveru, fallegar evrópskar línur en aðeins of lítinn kraft.**

Hyundai i30 er fyrsti bíllinn frá kóreska bílaframleiðandanum sem er sérstaklega stílaður inn á Evrópumarkað. Þetta má vel merkja á útliti hans og eiginleikum. Að aftan minnir hann marga á BMW, hliðarsvipurinn er dæmigerður evrópskur með hallandi skálínum, framljósin eru sportleg og heildarsvipurinn hinn prýðilegasti.

Bíllinn markar einnig upphaf annars konar nafnakerfis hjá framleiðandanum sem fór áður hefðbundnar leiðir með nöfn á borð við Getz, Sonata og Santa Fe. Nú er ætlunin að styðjast við tegundarheiti, þar sem bókstafur vísar til framleiðslulínu viðkomandi bíls og tölustafir til ólíkra útgáfa innan hverrar línu, ekki ósvipað því og sjá má hjá framleiðendum á borð við BMW og Mercedes-Benz. Hyundai hefur enda verið í töluverðri sókn undanfarið; hefur vaxið að gæðum og aukið hróður sinn frá því sem áður var.

Reynsluekinn var Hyundai i30 Comfort með 1600 bensínvél og sjálfskiptingu. Á blaði hljómar þetta nokkuð vel, 122 hestöfl og 154 Nm tog. Þrátt fyrir þetta urðu nokkkur vonbrigði með kraftinn. Bíllinn tók frekar illa við sér og virtist kraftlaus í brekkum. Þó má búast við að díselvélin sé eitthvað sprækari enda togið þar um 255 Nm.

Innra rými i30 minnir við fyrstu sýn á VW Polo og Golf. Mælaborðið er settlegt og stílhreint með LED-lýsingu og öllu nokkuð haganlega fyrir komið. Comfort-útgáfa i30 er ágætlega búin aukahlutum. Til viðbótar við það sem er í Classic-útgáfunni fylgir Comfort ESP-stöðugleikastýring, loftkæling, aðgerðastýri, kæliblástur í hanskahólfi, aksturstölva, regnskynjari í framrúðu og hiti í framrúðu undir þurrkublöðum sem reynist afar vel í rysjóttu veðurfari. Hér er margt óupptalið en þó má ekki gleyma iPod-tenginu í boxinu milli framsætanna. Margir bílar eru farnir að hafa slíkt tengi en ekki beintengja allir spilarann í útvarpið þannig að stjórna megi tónlistarvalinu úr mælaborðinu. Plús fyrir það.

Einnig er hægt að fara einu skrefi lengra og festa kaup á Style-útgáfunni þar sem lúxus á borð við sóllúgu, leðuráklæði og margt fleira fylgir með í kaupunum.

Í heildina má líta á Hyundai i30 sem samkeppnishæfan bíl sem hefur þó fátt fram yfir aðra bíla í sama flokki.

solveig@frettabladid.is

## HYUNDAI I30 COMFORT

**Vél:** 1,6 CVVT bensín, 122 hestöfl 154 Nm.

**Sjálfskipting.**

**Eyðsla, bl. akstur:** 6,9

**Þyngd:** 1.264 kg

**Farangursrými:** 340 til 1.250 lítrar.

**PLÚS:** Sniðugt iPod-tengi sem beintengist við útvarpið í bílnum, fallegt útlit.

**MÍNUS:** Krafturinn mætti vera meiri.

**Verð:** 2.180.000 kr.

**Umboð:** B&L.


Bílabankinn
www.bilabankinn.is 588-0700



**TOYOTA LAND CRUISER** 20 . 5.7
Nýr bíll einn með öllu verð 10.600 þús


**TOYOTA TUNDRA CREWMAX LIMITED**
Nýr bíll einn með öllu Verð 5.490 þús


**TOYOTA LAND CRUISER 120** 6/2006
Ek.61 þkm,álfelgur,filmur,hraðastillir,brett akantar,magasin,ofl.
Verð 4.890 þús Lán 3.750 þús


**HYUNDAI TUCON DÍSEL** ÁRG 2005
ek 59 þús km Fallegur bíll vel búinn verð 2.650 lán 2.500 afb 39 per mán fyrsta afb 3.4.2008



**MMC L-200 2.5 DÍSEL**
Verð aðeins 2.390 stgr !!!!


**M.BENZ S 550L** Árg 2007
Ek.4 þkm,leður,topplúga,litað gler,hraðas tillir,xenon,mjög vel búinn bíll
Verð 14.900 þús
--Ýmis skifti koma til greina


**NISSAN PATROL GR** 9/2004
Ek.99 þkm,Dráttarbeisli,filmur,gps,fr amdriflæsing, Gólf fyrir aftasta bekk niðurtekið.ofl
Verð 6.200 þús
—GOTT STAÐGREIÐSLUVERÐ


**TOYOTA YARIS TERRA 7/2005**
Ek.41 þkm,geislaspilari,ný nagladekk,filmur,ofl.
Verð 1.190 þús
—fæst gegn yfirtöku fyrsti gjaldagi 3.3.2008 afb 18 þús


**SUBARU LEGACY WAGON GL** 4WD
3/1999 Ek.199 þkm,geislaspilari, ný tímareim, ofl vel með farinn bill.
Verð 490 þús


**SUZUKI SWIFT** 6/2007
Ek.3 þkm,ssk,lyklalaust aðgengi ,ofl
Verð 1.990 þús
—Fæst gegn yfirtöku afb.30 þús


**MAZDA 5 T 3/2006**
Ek.31 þkm,filmur,álfelgur,hiti í sætum,geislaspilari,ofl.
Verð 2.200 þús


**RENAULT MEGANE SCENIC** 12/2006
Ek.7 þkm,álfelgur,spólvörn,ofl.
Verð 2.300 þús


**MMC LANCER COMFORT** 10/2003
Ek.72 þkm,filmur,geislaspilari,álfelgur,ný vetradekk,ofl.
Verð 1.190 þús
—lán 1030 þús afb 19 þús


**FORD TRANSIT T350** MILLILANGUR HÁÞEKJU ÁRG.2004
Ek. 59 þkm,loftkæling,vsk bíll,ofl.
Verð. 1.890 þús
-verð með vsk 2.350 þús


**VW POLO BASICLINE 7/2003**
Ek.35 þkm,geislaspilari,ofl.
Verð 890 þús
– Lán 790 þús

Bílakjarninn Eirhöfða · 110 Reykjavík · Sími 588 0700 · sala@bilabankinn.is



# Ekkert gjafabréf fylgir.

Ef þú kaupir nýjan bíl hjá Sparibíl verður þér **ekki** boðið til Glasgow, ávísun í Smáralind, jólagjafir eða flatskjá.

En þú færð bílinn á besta hugsanlega verði í staðinn.

**Sparibíll**
**fyrir þá sem vilja ráða hvað þeir gera við peningana.**

**www.sparibill.is**

Fiskislóð 16 - Granda, 101 Reykjavík
Sími: 577 3344



Útlit Land Cruiser 200 hefur ekki tekið stökkbreytingum.

# Bíllinn sem beðið hefur verið eftir

REYNSLUAKSTUR

**Nýr Land Cruiser 200 var frumsýndur um síðustu helgi. Toyota bauð blaðamönnum að reynsluaka bílnum á Kanaríeyjum í lok nóvember.**

Land Cruiser-bíllinn kom fyrst á markað árið 1951 og er Land Cruiser 200 áttunda kynslóð bílsins. Hægt er farið í sakirnar með útlitsbreytingar á nýjum Land Cruiser. Enginn ætti þó að freistast til að draga of miklar ályktanir af því vegna þess að Land Cruiser 200 er hvort tveggja í senn meiri lúxusbíll og meiri torfærubíll en fyrirrennarinn.

Útlitið bæði að utan og innan hvílir traustum fótum á fyrra útliti bílsins. Land Cruiser 200 er þó hærri, lengri og breiðari en forverinn. Hinar raunverulegu breytingar liggja þó fyrst og fremst í tæknibúnaði bílsins.

Díselvélin, sem búist er við að verði sú sem meirihluti íslenskra kaupenda muni halla sér að, er 40 prósentum aflmeiri en í fyrirrennaranum en þó 4 prósentum sparneytnari en sú vél. Sama er uppi á teningnum með bensínvélina. Hún er í senn aflmeiri og sparneytnari en áður.

Fjöðrunarbúnaður bílsins er aldeilis magnaður. Um er að ræða sjálfvirkan búnað sem miðar að því að halda bílnum stöðugum óháð því undirlagi sem ekið er á.

Stærsta nýjungin í nýjum Land Cruiser er hins vegar hið svo kallaða Crawl Controle, eða skriðstýring, sem þó er aðeins fyrir hendi í



Sadayoshi Koyari, aðalhönnuður Land Cruiser 200, var stoltur af verki sínu og mátti vera það.

bensínbílum, að minnsta kosti fyrst um sinn. Sá búnaður virkar þannig að í lága drifinu er hraði bílsins stilltur á 1, 3 eða 5 km/klst þannig að bílstjórinn getur alfarið einbeitt sér að því verkefni að stýra bílnum í gegnum torfærurnar.

Búnaðurinn aftengist svo samstundis sé annað hvort hemlað eða stigið á bensíngjöfina. Þetta er búnaður sem leynir á sér og vakti mikla lukku allra sem reyndu. „We are studying,“ sögðu japönsku verkfræðingarnir hjá Toyota aðspurðir um hvenær þessi magnaði búnaður kæmi í díselbílinn.

Á Fuerteventura var nýja Land Cruisernum ekið um fjölbreytta slóða. Sannast sagna reyndist bíllinn verulega umfram væntingar, sem voru þó ekki litlar. Fjöðrunarbúnaður bílsins vakti ekki síst athygli. Hann liggur vægast sagt ótrúlega á veginum og tekur allt upp í mjög grófa vegi þannig að bílstjóri og farþegar haggast vart inni í bílnum.

Allur búnaður að innan er eins og best er á kosið í lúxusbíl, án þess að hægt sé að segja að borist sé á í útliti. Því má segja að Land Cruiser 200 sé hvort tveggja í senn meiri lúxusbíll og meiri torfærubíll en fyrirrennarinn var.

Toyotamenn kalla Land Cruiser konung veganna og eru stoltir af afkvæminu. Það mega þeir líka vera. Þetta er afbragðsbíll fyrir þá sem vilja fyrsta flokks ökutæki með allan hugsanlegan búnað.

Markhópur nýs Land Cruiser 200 er fólk á aldrinum 40 til 50 ára með uppkomin börn og góðar tekjur. Hið síðastnefnda er kannski ekki síst mikilvægt í ljósi þess hvað bíllinn kostar.

steinunn@frettabladid.is

## LAND CRUISER 200

**Vél:** 4,5 l V8 dísel og 4,7 l bensín.

**Gírkassi:** 6 gíra sjálfskiptur dísel og 5 gíra sjálfskiptur bensín.

**Uppgefin eyðsla í bönduðum akstri:** 10,2 l/km dísel, 14,4 l/km bensín.

**0-100 km/klst.:** 8,2 sek. dísel og 9,2 sek bensín.

**Þyngd:** 3.300 kg

**PLÚS**

Framúrskarandi fjöðrun.

Mikið afl miðað við orkunotkun.

Skriðstýring.

**MÍNUS**

Útlitið gefur ekki næg fyrirheit um innihaldið.

**Verð:** frá 10.670.000.

**Umboð:** Toyota.



Að innan er útlit bílsins klassískt og einfalt.



Hér fær heldur betur að reyna á skriðstýringuna.




Það er öryggisatriði að vera á góðum vetrardekkjum. N1 er með mesta úrval landsins af hjólbörðum og á hjólbarðaverkstæðum okkar færð þú fyrsta flokks þjónustu og góð ráð fyrir veturinn. Svo getur þú auðvitað geymt dekkin hjá okkur.

**N1 - Meira í leiðinni**

**N1** HJÓLBARÐAÞJÓNUSTA

WWW.N1.IS

# Hin sanna stærð kemur að innan

REYNSLUAKSTUR

**Skoda Fabia Combi er smábíll með skott á við fjölskyldubíl. Bíllinn verður kynntur á Íslandi í mars.**

Bílaframleiðandinn Skoda hefur það sem marga aðra vantar: hækkandi sölutölur. Skoda Oktavía selst langmest en þar á eftir kemur hinn snaggaralegi Skoda Fabia sem fyrst var framleiddur árið 1999. Combi útgáfa Fabia var fyrst kynnt á Íslandi árið 2001 og tók við af gömlu Felicia útgáfunni og hefur bæði stutta og langa útgáfa bílsins átt miklum vinsældum að fagna hérlendis.

Í mars verður frumsýnd hér á landi ný útgáfa Skoda Fabia Combi. Má segja að það hafi löngu verið tímabært enda hefur bíllinn lítið sem ekkert breyst frá upphafi. Þó nokkrar breytingar hafa verið gerðar á bílnum. Til dæmis var hann lengdur um 7 cm og hækkaður um 4 cm. Þá hefur skottið verið lækkað til að auðvelda hleðslu auk þess sem smærri breytingar hafa verið gerðar í útliti og eiginleikum.

Fabia Combi er nú 4,24 metrar að lengd. Þó það sé ekki langt miðað við marga bíla er nýting rýmisins hreint ótrúleg. Mottó bílaframleiðandans virðist vera að „hin sanna stærð komi að innan.“ Rúmar skottið 480 lítra og ef aftursætin eru lögð niður myndast pláss sem rúmar 1.460 lítra. Þetta er aukning um 54 eða 235 lítra frá fyrri útgáfu og þess má geta að rýmið er meira en í mörgum combi útgáfum bifreiða í millistærðarflokki en Fabia Combi fellur í flokk með smábílum. Það er því ekki skrítið að í markaðssetningu bílsins sé miðað við að hann muni keppa bæði við bíla í smábílaflokki og millistærðarflokki.

Þrátt fyrir mikið farangursrými er bíllinn þó annað og meira en flutningsbíll. Farþegar og bílstjóri eru einnig í fyrirrúmi. Innviði bílsins er allt hið prúðasta. Ekkert óþarfa prjál þó aukahlutir sem staðalbúnaður séu eins og áður nokkuð áberandi í Fabia. Þá hafa nokkrar nýjar og sniðugar lausnir bæst við, eins og ný og handhæg farangursyfirbreiðsla, hankar fyrir innkaupapoka í skotti og sérstök hólf í hurðum fyrir landakort.

Vinsældir Skoda Fabia hafa að stórum hluta byggst á góðum gæðum og fjölda aukahluta en verðið er einnig sanngjarnt miðað við aðra bíla af svipuðum gæðastaðli. Þó er Fabia Combi ekki að öllu leyti sambærilegur öðrum bílum. Combi-útgáfan verður yfirleitt um 100 þúsund krónum dýrari en minni gerðin og því hægt að áætla að verðið sé frá um 1,8 milljón króna. Í flestum gerðum annarra combi-bíla er hægt að fella niður aftursætin með einum takka. Í Fabia þarf fyrst að setja upp sætin og leggja síðan bakið niður til að fá nokkuð sléttan flöt. Slík handavinna er lítil borgun miðað við það sem fæst á móti, smábíll með fjölskyldubílseiginleika sem rúmar börn, farangur og hunda.

*solveig@frettabladid.is*



**Skottið er aðalmálið í markaðssetningu smábílsins enda tekur skottið 1.460 lítra þegar aftursætin eru sett niður. Þá hefur bíllinn einnig verið hannaður þannig að auðvelt er að hlaða hann.**



**Skoda Fabia Combi er 4,24 metrar að lengd og flokkast sem smábíll. Hann er hins vegar í hörku samkeppni við fjölskyldubíla í stærðarflokknum fyrir ofan.**



Hellisheiði ófær vegna illviðris og hálku.

„Ég sá það fyrst á visir.is“

Visir.is er öflug frétta- og upplýsingaveita í stöðugri sókn, sem leggur metnað sinn í að flytja fréttir líðandi stundar fljótt og örugglega til notenda. Fréttir, dægurmál, umræða, blogg og VefTV – allt er þetta aðgengilegt á einum stað í einfaldri umgjörð og með skýrri framsetningu. Notendur vita að hverju þeir ganga þegar þeir heimsækja vísi.

vísir.is

...ég sá það á visir.is






# Þarftu betri bíl?

Þarftu stærri, nýrri, lengri eða einfaldlega betri bíl?
Hjá Lýsingu bjóðum við þér sniðuga lausn til þess að eignast draumabílinn.

Þú getur nálgast bílafjármögnun Lýsingar hjá bílaumboðum, bílasölum og ráðgjöfum okkar.

**Bílasamningur // Bílalán // Einkaleiga**

LÝSING

LYSING.IS // 540 1500



Nýr Subaru Forester er stærri og rúmbetri en eldri gerðir.

# Blandar sér í slaginn

Nýr Subaru Forester verður kynntur á árinu, en með tilkomu nýja bílsins hefur Subaru Forester fyrir alvöru blandað sér í samkeppni við jepplinga.

Subaru Forester hefur notið nokkurra vinsælda um árin, meðal annars fyrir akstursieginleika, gott aðgengi fyrir ökumann og farþega og góða veghæð, sem mörgum þykir taka öðru fram í sínum flokki.

Með tilteknum breytingum á bílnum er verið að höfða til þeirra sem rennt hafa hýru auga til jepplinga, en hingað til þykir Subaru Forester ekki hafa blandað sér að ráði í samkeppni við þess konar bíla. Nú hefur orðið breyting þar á og verður nýja bifreiðin til að mynda stærri og rúmbetri en eldri gerðir.

Nýjum Subaru Forester er að sögn talsmanna fyrirtækisins ætlað að standa öðrum fremur í gæðum og frágangi og því hefur mikil áhersla verði lögð á það við hönnun hans að allir þættir bílsins endurspegli þessar kröfur. Er þá ekki einungis átt við lága bilanatíðni og góða endingu heldur einnig að öll umgengni við bílinn, stjórntæki og takka sé með besta móti.

Nánari upplýsingar um Subaru Forester hjá Ingvari Helgasyni, sjá www.ih.is.

*-rve*



Ford sendir frá sér tengiltvinnbíl, sem verður fyrst um sinn eingöngu fáanlegur í Bandaríkjunum. Brimborg er með umboð fyrir Ford á Íslandi.

# Tengiltvinnbíll frá Ford

Ford Motor Company hóf í sumar samstarf við bandaríska orkufyrirtækið Southern California Edison um þróun tengiltvinnbíla, til að skoða möguleika á að gera þá raunhæfari kost fyrir almenning en nú þekkist.

Forsvarsmenn Ford telja markað fyrir þess konar bíla, með hliðsjón af hækkandi orkuverði. Með tengiltvinnbílum telja þeir jafnframt að auka megi nýtingu á bandaríska raforkukerfinu til muna.

Ford hefur þegar afhent Southern California Edison slíkan bíl til notkunar en hann verður í prófunum næstu mánuði.

Bílnum er stungið í samband við hefðbundna heimilisinnstungu til að hlaða rafhlöðu hans, sem tekur rétt um sex klukkustundir.

Að sögn Sue Cischke, aðstoðarframkvæmdastjóra Sustainability, Environment and Safety Engineering hjá Ford, er þróun tengiltvinnbíla þáttur í ráðagerð fyrirtækisins um sjálfbærni, sem felur í sér aðgerðir til að þróa vetni sem orkugjafa við hlið hefðbundins eldsneytis.

Cischke sagði jafnframt við það að tækifæri að áhugi á tengiltvinnbílum hefði aukist mikið í Bandaríkjunum undanfarna mánuði.

Afhending Ford á þessum fyrsta Ford Escape tengiltvinnbíl bæri vitni um nýtt skref í þróun Ford Motor Company á þessari tækni. Tækni sem væri enn fremur viðbót við núverandi orkumöguleika í samgöngukerfinu í Bandaríkjunum.

Hinn nýi tengiltvinnbíll frá Ford Motor Company verður fyrst eingöngu fáanlegur í Bandaríkjunum.

Nánari upplýsingar um bifreiðina má fá hjá Brimborg sem er með umboð fyrir Ford á Íslandi. Sjá heimasíðuna www.brimborg.is

*- rve*



Mazda2 er sportlegur útlits. Framrúðan er stór og mikið hallandi og hliðarlínan upp á við gefur bílnum sterkt svipmót og rennilegt yfirbragð.
FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Snaggaralegur smábíll

**REYNSLUAKSTUR**

**Þeim sem standa frammi fyrir vali á nýjum smábíl er vandi á höndum. Framboðið er mikið og þróunin hröð.**

Smábílar eru í sókn af ýmsum ástæðum. Þróun þeirra hefur verið hröð og akstursieginleikar þessara bíla hafa aukist mikið og einnig öryggi þeirra sem er ekki síður mikilvægt. Fólk vill stöðugt neyslugrennri bíla af umhverfisástæðum og vegna hækkandi bensínverðs. Smábíll er því ljómandi valkostur fyrir þá sem hyggjast nota bílinn að mestu innanbæjar og leggja upp úr lipru og meðfærilegu ökutæki.

Nýr Mazda2 er endurhannaður frá grunni. Útlitið gerbreytt og bíllinn er bæði léttari og örlítið styttri en fyrirrennarinn sem er skemmtilega á skjön við þá tilhneigingu bílaframleiðenda að stækka alltaf bílana. Allt yfirbragð Mazda2 er líka léttleikandi og sportlegt, bæði að utan og innan.

Þau tæplega hundrað kíló sem bíllinn missti milli kynslóða skila sér vel í akstursieginleikum.



Hönnun bílsins að innan er skemmtileg. Staðsetning gírstangarinnar er bæði þægileg og kemur vel út útlitslega.

Óhætt er að segja að 1,3 lítra vélin í bílnum sem reynsluekið var hafi nýst vel. Hún reyndist snörp og svara ökumanni vel. Bíllinn er líka vel þéttur þannig að veghljóð og gnauð er í lágmarki.

Útblástur þessa bíls er 22 prósentum minni en hjá fyrirrennaranum sem er í takti við vaxandi kröfur neytenda um lágmarksmengun af völdum bíla.

Mazda2 er snaggaralegur og um leið lipur bíll. Hann hefur alla þá kosti sem smábíl má prýða; meðfærilegur með afbrigðum í borgarumferð, rúmbetri að innan en ytra útlit gefur vísbendingu um og tengi fyrir iPod er dæmi um þann þægindabúnað sem er að finna í bílnum.

Bíllinn fær góða einkunn hjá Euro NCAP. Hann er með DSC-stöðugleikakerfi og sex loftpúða, svo dæmi séu tekin af öryggisbúnaði.

Bílstjórasætið er vel stillanlegt og hiti er í báðum framsætum. Í þessum bíl er hitahnappurinn staðsettur á hlið sætisins sjálfs, hurðarmegin, sem kemur vel út og dregur úr hnappafári í miðju bílsins.

Innréttingin er að öðru leyti skemmtileg. Útlitið hefur karakter og allt yfirbragð bílsins vandað. Mazda2 hefur enda hlotið heilmikið lof erlendra bílablaðamanna og var til dæmis valinn bíll ársins 2008 í Danmörku.

Miðað við allt hlýtur verðið á Mazda2 að teljast nokkuð gott. Þessi bíll ætti því að koma vel til álita hjá þeim sem standa frammi fyrir vali á smábíl.

Litavalið er ágætt og nú er kominn tími til að gefa silfurgráu bílunum smá frí og hressa upp á götumyndina með litskrúðugum og fallegum bílum.

Mazda2 verður formlega frumsýndur hjá Brimborg um aðra helgi. Bílinn má þó þegar sjá í sal umboðsins.

*steinunn@frettabladid.is*



Farangursrýmið er býsna rúmgott og opnast vel.

## MAZDA2

**Vél:** 1,3 l, 86 hestöfl.
**Skipting:** Beinskiptur, 5 gíra.
**Eyðsla bl. akstur:** 5,4 l.
**Útblástur:** 129 g/km.
**0-100 km/klst.:** 12,9 sek. (?).
**Þyngd:** 1030.
**Farangursrými:** 250 l (787 séu aftursæti felld).

**PLÚS**
Lipur og snarpur
Góð fjöðrun
Rúmgott farangursrými

**MÍNUS**
Útsýni um hliðarrúður að aftan
Skortur á geymsluhólfum

**Verð:** 1.690.000.
**Umboð:** Brimborg.




## Komdu og reynsluaktu Suzuki 4x4, upplifunin verður ánægjuleg.




**GRAND VITARA frá 2.940 þús.**
Sterkbyggð grind, aflmikil vél og fullkomið fjórhjóladrif, með háu og láu sídrifi. ABS/EDB hemlakerfi, ESP stöðugleikakerfi og spólvörn, 4 öryggisloftpúðar og hliðargardínur auk ISO FIX barnastólafestinga eru staðalbúnaður.




**Swift 4X4 1.799 þús.**
Bíll ársins á Íslandi 2006, Swift er einstaklega vel búinn, aflmikill, lipur og síðast en ekki síst sparneytinn fjórhjóladrifsbíll. Bíll sem á sér engan sinn líka á íslenskum bílamarkaði. 92 hö vél, afburða aksturseiginleikar og mikið veggrip veita einstaka akstursánægju.




**JIMNY 1.859 þús.**
Öflugur og léttur þriggja dyra jeppi með hátt og lágt drif, sem hefur sannað sig í 8 ár við íslenskar aðstæður. Algjör "sparibaukur"sem fæst sjálfskiptur.

---

**SUZUKI SPARNEYTNI**

**SUZUKI**

**TRAUST UMBOÐ Í 27 ÁR**

**SUZUKI BÍLAR HF · SUZUKIBILAR.IS · SKEIFUNNI 17 · SÍMI 568 5100**

# ÍS BAND.IS

ÍSLENSK BANDARÍSKA EHF.

BÍLAINNFLUTNINGUR

Funahöfða 1 - 110 Reykjavík - Sími 534 4433 - Fax 534 4430 - is-band@isband.is - www.isband.is

# Nú með bakkmyndavél




Erum að afgreiða út síðustu nýju dísel pallbílana sem fást án hraðatakmarkara.
Eigum nokkra nýja Ford F350 King Ranch og Lariat einnig Dodge Ram Mega Cab Laramie og Quad Cab Laramie
(Samkvæmt Evrópu reglugerð sem tók gildi 1 janúar 2008 fást þessir bílar ekki skráðir nýir hér á landi þar sem hraðatakmarkari fyrir þessar bifreiðar er ófáanlegur)

# Útsala – Útsala – Útsala

## ótrúleg verðlækkun frá okkar lágu verðum á nokkrum nýjum 2007 bílum




Ford Edge SEL 4.690 stgr.




Explorer Eddie bouer lux 4.690 stgr.




Porsche Cayenne Turbo S 11.900 stgr.




Charger R/T 4x4 4.690 stgr.




Toyota Tundra Limited 5.150 stgr.




F150 King Ranch 4.150 stgr.

## Stórlækkað verð á notuðum bílum




Cayenne turbo 8,690 þ.
tilb. 7,390 stgr.




Lexus GS 4x4 verð 5,890 þ.
tilb. 4,990 þ. stgr.




ML dísel 2 stk. 2007
verð tilb 6.390 þ. og 6.190 þ.



## Aloe vera drykkurinn

Var með ristil- og magavandamál í 22 ár. Aloe Vera næringardrykkurinn hjálpaði mér. Tilboð 3 drykkir kr. 7 þ. Sjálfstæður dreifingaraðili FLP, Guðmundur A. Jóhannsson, s. 662 2445 eða á www .4ever.is



## Þyngdarstjórnun - ráðgjöf - Livestyle 30

Heilsuráðgjöf, þyngdarstjórnun Fjóla Þorsteinsdóttir einkaþjálfari sjálfstæður dreifingaraðili. FLP. S. 899 2445. www .4ever.is.

## Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Prófaðu Herbalife! Ólöf 861 5356, olsiar@hotmail.com

## Nudd

Whole body massage Telepone 844 9083.

Nudd nudd nudd heilnudd. Uppl. í s. 616 6469.

## Ýmislegt



Súrefnismettunarmælar á frábæru verði. Einnig höfum við aðgang að öllum mögulegum vöruflokkum. Það sem við eigum ekki reynum við að útvega. K-Matt ehf. S. 421 8999 eða k-matt@simnet.is Opið 09-11:30 & 13:15-16:30 alla virka daga.

# SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

## Námskeið

### Skartgripasmíði - Tréútskurður - Tálgun

Skráðu þig á námskeið hjá fagmönnum. Silfurleir, tifsögun, koparsláttur ofl. Handverkshúsið Bolholti 4 s: 5551212 Handverkshusid.is

## Ökukennsla

Ökukennsla hæfnisvottorð. Kenni allan daginn alla daga. Ökukennsla G.F.G S.893-4515 fengur@hive.is

## Dýrahald

Hundaskóli Heimsenda Hunda Nýtt grunnnámskeið hefst fyrir hunda frá 4 mánaða aldri þann 14.01. www.hundaskoli.net uppl. 897 1992

6 yndislegir Chihuahua hvolpar til sölu. Tilbúnir til afhendingar. 4 tíkur og 2 rakkar. Ættbók frá Rex. Uppl. í s. 663 9230.

## Ferðalög

Golfferðaklúbburinn ( www.klubburinn.com ) Klikkaðu. Ódýrar ferðir . s. 5554596

## Gisting

### Gistiheimili sólheimar 1. 601 Akureyri

Gisting í lengri eða skemmri tíma. Uppl. í s. 897 7613 & 461 2962.

## Hestamennska

Tek að mér hross í hirðingu í vetur. Allar Uppl. í s. 616 1569.

# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

4 herb. íbúð í bökkunum. Langt.leiga kr. 130þ. Einnig til leigu 24 fm herb. m.húsg.og aðg.að baði í 2 mán. uppl. 863-8099

### Leigjendur, takið eftir!

Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

Mjög góð 4 herb. (130fm) íbúð til leigu í bryggjuhverfinu Grafarvogi. Bílastæði í bílakjallara fylgir með. Leigutími 12 mán. eða lengur. Laus strax. Verð 180 þús. með hússjóð. Uppl. í s. 897 6655.

Góð 2. herb. Íbúð í vesturbæ 107 Rvk. laus nú þegar. Leigu verð 120 þ. á mán. innifalið hússjóður og hiti. bankaáb./tryggingavíxill skylirði. Uppl. í s. 898 1188, e. kl. 14.

Herb. með aðgangi að eldhúsi, baði, þvottvél í Hfj. Uppl. í s. 897 5946.

3. herb. íbúð til leigu á svæði 101. Laus frá 1. febrúar nk. Uppl. í s. 861-7001.

Herbergi til leigu. Herb. fylgir salerni með sturtu og þvottavél, einnig er sjónvarspkrókur til afnota og net-tenging fylgir. Aðgengi að fullbúnu eldhúsi. Staðsetning, Hfj. við Lónsbraut. Uppl. í s. 895 8843 m. kl. 09-12.

Herbergi til leigu á sv. 101 með öllum húsgögnum og interneti. þvottavél og þurrkari. Uppl. í s. 662 0072. Room for rent in zone 101. Everything included. Info in tel. 662 0072.

2 herb, 60fm íbúð á jarðhæð með sér garði í 108 Rvk til leigu. Snyrtilegt og rólegt húsnæði. Leiga 120 þús. Hússjóður innifalinn. Uppl. í s. 899 8824.

4ra herb. íbúð á svæði 101 til leigu. Hentar vel fyrir starfsmenn fyrirtækja. 4 stór herbergi. Uppl. í s. 695 1730.

3. Herb. Íbúð í Vesturbæ til leigu til 1. júní er laus strax. Leiga 120 á mán. Reglusemi áskilin. Uppl. í s. 431 2758 eftir kl. 17.

Meðleigjandi óskast í 90fm íbúð í vesturbæ. S. 659 0576.

Glæsileg 85 fm Sjávaríbúð í Garðabæ. m. húsg. og tækjum V. 140 þ. m. hússj. og hita. 2 mán fyrirfram. Laus strax. Reykleysi og reglusemi skilyrði. S. 693 0221.

2 manna herb. í Hraunbæ til leigu m. eldhúsaðst., baði og þvottah. S. 698 8037.

Reglusamur, kvenkyns leigjandi óskast í 15fm herb. á sv. 107. Aðgangur að wc. V. 40 þús á mán. 2 mán fyrirfram. S. 695 4169.

## Húsnæði óskast

Róleg, reglusöm eldri hjón óska eftir íbúð strax á höfuðborgarsv. í lengri eða skemmri tíma. Uppl. í s. 554 6566 / 823 8181.

## Húsnæði til sölu



Óska eftir tilboði í Brekkukot í Hrísey. Tilboð sendast á vidar5559@simnet.is s. 896 2888.

## Atvinnuhúsnæði



Seltjarnarnes, 2ja+stæði í bílag. Nýtt eldh, nýtt parket, sjávarútsýni, stórar svalir, þvottah. m. vélum, laus strax. Stutt í alla þjónustu. Leiga 110 Þ. S 864-7070

## Geymsluhúsnæði

Til leigu sér geymslubil 7, 10 og 17 m2. Einnig bretti. Búslóðir, fyrirtæki, iðnaðarmenn. Upphitað og vaktað. S. 564 6500. www.geymslaeitt.is

# ATVINNA

## Atvinna í boði

**Loftorka Reykjavík.**
**Óskar eftir vélamanni á jarðýtu. Matur í hádeginu og heimkeyrsla.**
**Upplýsingar í síma 565 0875 & 892 0525**

### Vaktstjóri á Pizza Hut Nordica

Pizza Hut leitar að vaktstjóra í veitingasal á Pizza Hut Hótel Nordica. Um er að ræða framtíðarstarf. Starfið felst í: stjórnun vakta, þjónustu og mannastjórnun í samráði við veitingastjóra. Hæfniskröfur: Þjónustulund, samviskusemi, reglusemi, hæfni í mannlegum samskiptum. Lágmarks aldur er 22 ár. Áhugasamir sendi inn umsókn á www.pizzahut.is . Nánari uppl. hjá Birgir veitingastjóra Pizza Hut Nordica 694-8022 og 533-2002.

### Fullt starf á Pizza Hut Nordica

Pizza Hut leitar að duglegu og stundvísu starfsfólki í fullt starf í veitingasal. Lágmarksaldur er 18 ára. Umsóknir sendist á www.pizzahut.is eða hafið samband við Birgir veitingastjóra Nordica í síma 694-8022 og 533-2002.

Hressingarskálinn

### Hressingarskálinn Austurstræti

**Hressingarskálinn óskar eftir þjónum í fulla dagvinnu, helst reyndum. Ef þú ert jákvæð/ur, brosmild/ur og vinnuþjarkur, þá endilega komdu hingað á Hressó of fylltu út umsókn hjá okkur á Austurstræti 20.**
**Hressingarskálinn Austurstræti 20**

### Kornið auglýsir

Kornið Bíldshöfða óskar eftir eldri konum til starfa í afgreiðslu. Vinnutími frá 8-17. Góð laun í boði. Uppl. í s. 864 1593 Ella.

### Aktu Taktu

Aktu Taktu Leitar eftir rösku og áreiðanlegu starfsfólki í afgreiðslu. Um er að ræða bæði fullt starf og hlutastarf. Ef þig langar til að vinna á skemmtilegum og líflegum vinnustað þá gæti þetta verið rétta vinnan fyrir þig. Góð laun í boði fyrir rétta aðila. Umsóknir á aktutaktu.is.

### Pylsuvagninn Laugardal

Pylsuvagninn Laugardal óskar eftir fólki til starfa. Um er að ræða hlutastarf, tilvalið fyrir skólafólk. Aðeins stundvísir, heiðarlegir og reglusamir starfsmenn koma til greina. Góða laun í boði fyrir rétta aðila. Umsóknareyðublöð fast á staðnum.

**Neglur og list**
**Óskum eftir að ráða snyrtifræðing, naglafræðing, fótaaðgerðafræðing og nuddara til starfa. Einnig vantar manneskju í þrif. Upplýsingar í síma 553 4420 eða á www.negluroglist.is**



### Frábært atvinnutækifæri

Leitaðu nánari uppl. á heimasíðu okkar www.4ever.is. Hafðu samband Guðmundur 662 2445.

### Dyraverðir / Aðstoð í sal / Barþjónar

**Óskast á THE ENGLISH PUB. Áhugasamir hringið í síma 690 9996 eða 821 8500**

### Wilson Pizza auglýsir eftir starfsmanni í fullt starf.

**Um er að ræða í vinnslu og snatti. Einnig vantar fólk í kvöld og helgarvinnu í Gnoðavog og Austurströnd. Umsóknareyðublöð eru á staðnum, einnig upplýsingar í síma 869 2426, Villi.**

### Devitos pizza

**Óskar eftir starfsfólki í afgreiðslu á dagvaktir. Upplýsingar í síma 692 4327.**

### Nýtt bakarí/kaffihús Holtagarðar - Smáralind

**„Jói FelL" opnar glæsilegt bakarí og kaffihús í Holtagörðum. Okkur vantar starfsfólk í afgreiðslu. Einnig vantar okkur starfsfólk í bakarí okkar í Smáralind strax. Framtíðarstarf. Áhugasamir hafið samband við Lindu v. Holtagarða í s. 863 7579 eða Huldu v. Smáralindar í s. 695 2933 eða á JOIFEL@JOIFEL.IS**

### Óska eftir vönum beltagröfumanni

**Óska eftir vönum beltagröfumanni í vinnu sem first. Þeir sem hafa áhuga hafið samband í s. 891 8338.**

# ÞJÓNUSTA




# EININGAHÚS




# ÚTSALA



### Helgarstarfsfólk óskast
Bæjar Bakarí í Hfj. óskar eftir starfskröftum í afgreiðslu um helgar. www.bakstur.is eða í s. 555 0480, Sigurður.

### Keiluhöllin í Öskjuhlíð
**Óskar eftir vaktstjórum í kvöld og helgarvinnu. Upplýsingar í síma 864 6112 og á www.keiluhollin.is**

### Vantar þig vinnu með skóla?
**Subway óskar eftir jákvæðu og duglegu fólki með mikla þjónustulund. Um er að ræða vaktavinnu um kvöld og helgar. Breytilegar vaktir í boði sem henta vel með skóla. Hægt er að sækja um á subway.is. Nánari upplýsingar veitir Helga í síma 696-7005. Aldurstakmark er 16 ár.**

### Vaktstjóri á Subway
**Subway óskar eftir jákvæðu og duglegu fólki á besta aldri með mikla þjónustulund. Um er að ræða hlutastarf sem hentar vel með skóla. Umsóknir fyllist út á www.subway.is. Góð laun í boði fyrir réttan aðila. Nánari upplýsingar veitir Helga í síma 696-7005. Aldurstakmark er 17 ár.**

### Sveigjanleg dagvinna
**Subway óskar eftir jákvæðu fólki á besta aldri með mikla þjónustulund. Um er að ræða sveigjanlegan vinnutíma á daginn, 50-100% starf. Góð laun í boði. Hægt er að sækja um á subway.is. Nánari upplýsingar veitir Helga í síma 696-7005. Aldurstakmark er 18 ár.**

### Bakaríið Hagamel 67
**Óskar eftir að ráða hresst og duglegt starfsfólk til afgreiðslustarfa. Um er að ræða vaktavinnu, 75-100%. Vinnutími eftir frekara samkomulagi. Ekki yngri en 16 ára. Íslenskukunátta nauðsynleg. Nánari uppl. veita Anna Rósa í s. 869 3320 og Gunnar í s. 897 8101.**

### JC Mokstur
**Óskum eftir mönnum með vinnuvélaréttindi eða meirapróf. Góð laun í boði, næg vinna. Uppl. í s. 693 2607.**

### Atvinna Atvinna Sölumaður í húsgagnadeild
**Rúmfatalagerinn Skeifunni óskar eftir hressum og duglegum starfsmanni til starfa í húsgagnadeild. Upplýsingar gefur Ívar í síma 820-8003 eða á staðnum Rúmfatalagerinn Skeifunni 13.**

### Kornið Langarima.
Kornið óskar eftir starfsfólki í Langarima. Vinnutími frá kl. 13-18:30 virka daga. Góð laun í boði. Upplýsingar í s, 864 1593 Ella.

### Kornið Hrísateig
Óskum eftir starfsfólki í afgreiðslu. Vinnutími 07-13 & 13-18. Góð laun í boði. Uppl. í s. 864 1593, Ella.

### Kornið Hjallabrekku.
Kornið óskar eftir Helgarstarfsfólki í Hjallabrekku. Uppl. í s. 864 1593, Ella.

### Eldsmiðjan
**Eldsmiðjan auglýsir eftir góðu starfsfólki í sal og útkeyrslu, kvöld og um helgar. Upplýsingar í síma 844 0809, Brynjar.**

### Brauðgerð
**Brauðgerð í Hafnarfirði vantar starfsfólk nú þegar. Stundvísi, dugnaður og heiðarleiki skilyrði. Upplýsingar í síma 867 1715 milli kl.16 og 18**

### Furðufiskar ehf.
**Furðufiskar ehf sem reka meðal annars Kokkana veisluþjónustu, fiskborðin í Hagkaupum og Osta og sælkeraborðin í Hagkaupum kringlunni og Smáralind. Vantar Bílstjóra sem starfar einnig við samantekt á vörum ásamt fleiru. Nauðsynlegt er að viðkomandi hafi mikla þjónustulund og hæfni í mannlegum samskiptum því starfið er andlit fyrirtækisins út á við. Áhugasamir sendið tölvupóst á runar@kokkarnir.is eða hringið í síma 511-4466 milli kl 9 og 17 á virkum dögum. Furðufiskar ehf Fiskislóð 81a 101 Reykjavík**

### Oddur Bakari
**Oddur bakari óskar eftir starfsfólki virka daga í bakarí okkar í Hafnarfirði. Einnig vantar okkur helgarfólk á Grensásveg. Upplýsingar gefur oddur í síma 699 3677**

### Leikskólinn Ösp
**Leikskólinn Ösp er þriggja deilda leikskóli staðsettur í Fellahverfinu. Við leggjum áherslu á fjölmenningu og jákvætt viðhorf. Okkur vantar frábæra kennara til liðs við okkur. Deildarstjóra, Leikskólakennara/leiðbeinendur, -Þroskaþjálfa/sérkennara, -Aðstoð í eldhús 50% staða, -Skilastöðu. Upplýsingar gefa Svanhildur og Kristín í síma 557 6989 & 693 9819**

### Stjörnufiskur-Harðfiskur-Grindavík
**óskar eftir handflakara, þarf að geta unnið sjálfstætt. Framtíðar starf getur verið um að ræða. Uppl. 897 6302 Uppl. í s. 897 6302**

### American style
Vantar þig góða vinnu í föstu vaktavinnukerfi? Erum með störf í 100% vaktavinnu. Skemmtilegt vinnuumhverfi, mjög samkeppnishæf laun og frábært folk. Sæktu um á americanstyle.is

Sótthreinsun og þrif ehf. Starfsmann með bílpróf vantar. Óskum eftir hraustum starfsmanni 17 ára eða eldri í vinnu við háþrýstiþvott og sótthreinsun. Þarf að hefja störf sem fyrst. Umsóknir og umsögn um reynslu berist til: sotthreinsun@sotthreinsun.is - www.sotthreinsun.is

KRÝSUVÍK- Meðferðarheimilið í Krýsuvík óskar að ráða áfengis-og vímuefnaráðgjafa í fullt starf, sem fyrst.Nánari upplýsingar á netfanginu: lovisa@krysuvik.is

### Góð íslenskukunnátta!
Rótgróið markaðsfyrirtæki óskar eftir traustum starfsmanni, 35+ ára í símasölu á skrifstofutíma. Þjálfun á staðnum. Upplýsingar í síma 869 0291 Kristín.

### Ísbúðin smáralind & Ísbúðin í Hagkaupum í Kríngluni
Starfsfólk óskast í vinnu 12-19 virka daga getum einnig bætt við okkur aukafólki virkadaga og um helgar. Uppl. í síma 660 1770 & á staðnum.

CASTELLO Pizzeria óskar eftir stundvísri, áreiðanlegri starfsmanni (bilstjóra) i dagvakt nánari upplýsingar í síma 8241221 eða 5773333

### Byggingavinna
Óskum eftir að ráða aðstoðarmenn í byggingarvinnu í Hfj. Uppl. í s. 899 0909 eða 893 5114.

Húsasmiðir. Lítið fyrirtæki óskar eftir tveimur samhentum smiðum í mótauppslátt o.fl. Uppl.í síma 8933322. Þil sf.byggingarfélag

Óska eftir að ráða stafskraft frá 12-17. Og um helgar. Zidon Sol s. 588 1710.

32 ára reyklaus kk óskar eftir vinnu, hef menntun og meðmæli. Margt kemur til greina. S. 662 3623.

Óska eftir smiðum og kranamanni í ýmis verkenfi á höfuðbogarsvæðinu. Uppl. í s. 899 6482 & 898 2062.

Nuddari óskast á snyrtistofuna Hrund. Uppl. gefur Guðrún í s. 554 4025 eða 899 4025.

Smiðir og verkamenn HR Verktakar ehf Vegna mikilla verkefna framundan viljum við bæta við okkur smiðum og verkamönnum í byggingavinnu. Óskum einnig eftir verktökum í tilboðsverk. upls. 896-4616

### Ræstingafólk óskast
Óska eftir fólki í ræstingar og morgunverð á hóteli. Umsóknareyðublöð fást á Hótel Leifi Eiríkssyni, Skólavörðustíð 45, sími 562 0800.

Hársnyrtifólk óskast á Hársögu. Hársaga austurstræti 8-10 og radison sas. S. 552 1690 & 896 8562 (Sigrún).

## Atvinna óskast

### Vantar þig Smiði, múrara eða járnabindingamenn?
**Höfum á skrá menn sem að óska eftir mikilli vinnu. Geta hafið störf nú þegar. Proventus starfsmannaþjónusta s. 661 7000.**

25ára Ísl KK óskar eftir starfi. Flest kemur til greina. Hef m.a. meira- og lyftarapróf. Uppl. í s. 821 4347.

### Matreiðslumaður
Óskar eftir starfi hef mikla reynslu, margt kemur til greina. Uppl. í s. 895 2235 & budarfell@simnet.is.

## TILKYNNINGAR

## Tilkynningar

### GÁMUR AF MÓTORHJÓLUM
**Honda, Kawasaki, Yamaha, Harley-Davidson Hjól sem henta þeim sem eru að byrja að hjóla eða eru að byrja aftur eftir langt hlé. Einnig stór hjól fyrir vana hjólamenn. ÓTRÚLEGT VERÐ Á HJÓLUNUM. Svona verð hafa ekki sést hér á landi fyr! Fyrstir koma fyrstir fá. Skoðið innihald gámsins á heimasíðu okkar: www.motors.is**

Englakórinn

## TÓNLISTARUPPELDI FYRIR BÖRN 2JA TIL 8 ára

**Kóræfingartími:** laugardagar kl.11:00-11:35----------2ja og hálfs til 4ra (foreldrar vera með)
laugardagar kl.11:45-12:35----------4ra til 6 ára
laugardagar kl.12:45-13:45----------6-8 ára

**Kennsluefni:** öndun, raddbeiting, söngur á mörgum tungumálum, taktur, tónhæð, hlustun á klassíska tónlist, hreyfing við tónlist, leikur á ásláttarhljóðfæri og fl.

**Staður:** Tónlstarskóli Kópavogs

**Kennarar:** Natalía Chow(M.A) og Julian Hewlett(B. A.)

**Skráning:** laugardaginn 12. jan kl.11.00-12.00 í Tónlistarskóla Kópavogs.

*Kórgjaldið greiðist við skráningu.*

Fyrirspurn má senda á netið nataliachow89@msn.com eða í síma 555 1346 / 699 4613

Allar upplýsingar eru á vef Englakórsins: englakor.googlepages.com

## TILBOÐ / ÚTBOÐ

Vinnslustöðin Vestmannaeyjum VSV

# Útboð-Niðurrif

Vinnslustöðin hf Vestmannaeyjum óskar eftir tilboði í að rífa norðurhús Vinnslustöðvarinnar við Hafnargötu 2 Vestmannaeyjum.

Húsið skal rífa og fjarlægja með undirstöðum og grunnplötu, húsið er 4 hæðir ca. 1300m2 að grunnfleti. Ganga skal frá svæðinu þar sem húsið stendur, allt efnið skal flutt á brott og fargað á viðurkenndum förgunarstað.

Verkinu skal að fullu lokið 15. mai 2007.

Útboðsgögn verða seld á Teiknistofu Páls Zóphóníassonar ehf , Kirkjuvegi 23 Vestmannaeyjum, frá og með þriðjudeginum 8. janúar 2008, á 5.000 kr hvert eintak.

Tilboð merkt "Niðurrif" skal skila á Teiknistofu P.Z. kirkjuvegi 23 í Vestmannaeyjum eigi síðar en þriðjudaginn 29. janúar 2007 kl.16.00 og verða opnuð þar í viðurvist þeirra bjóðenda, sem þess óska.

visir.is
"...ég sá það á vísi"

## ATVINNA

### Stýrimaður óskast!
***Stýrimann vantar á dragnótarbát frá Reykjavík.***

***Upplýsingar í síma 892 2556.***

### Bókari óskast
Inn og útflutnings fyrirtæki óskar eftir að ráða starfskraft í bókhalds og gjaldkerastarf. Æskilegt er að viðkomandi hafi reynslu af Navision Financials bókhaldskerfi, sé heiðarlegur, skipulagður, lipur í samskiptum og geti unnið sjálfstætt. Um er að ræða hlutastarf og vinnutími getur verið sveigjanlegur. Umsóknum ásamt ferilskrá sendist á:
**arnar@astund.is S 691 3871**

## FASTEIGNIR

FASTEIGNASALAN GIMLI 570 4800
Árni Stefánsson, lögg. fasteignasali
**Grensásvegi 13, 2. hæð - 108 Reykjavík - Sími 570 4800**

## ÓSKA EFTIR TIL LEIGU

Frum

Óska eftir ca. 100 - 200 fm atvinnuhúsnæði í Reykjavík fyrir félagasamtök. Æskilegt er að húsnæðið hafi gott aðgengi að bílastæðum á kvöldin.

*Allar nánari upplýsingar veitir Sveinbjörn Halldórsson í símum 892 2916 eða 570 4800*

FASTEIGNASALAN GIMLI
*Traust þjónusta í 30 ár*
GRENSÁSVEGI 13,
SÍMI 570 4800 - FAX 570 4810
Árni Stefánsson, viðskiptafræðingur og löggiltur fasteignasali

## ATVINNUHÚSNÆÐI ÓSKAST

Frum



Höfum **fjársterka** kaupendur að **atvinnuhúsnæði** á **Höfðanum** í Reykjavík.

*Allar nánari upplýsingar gefur Sveinbjörn Halldórsson lögg. fast.sali í síma 892 2916*



## VANTAR ÞIG VANA SMIÐI?

Voot starfsmannamiðlun hefur milligöngu um að útvega innlenda sem erlenda starfsmenn fyrir ýmsar greinar atvinnulífsins

Er starfsmannaleiga rétta lausnin fyrir þig?

**SÍMI 420 9500**

VOOT STARFSMANNAMIÐLUN

HAFNARGATA 90• 230 REYKJANESBÆR • WWW.VOOT.IS



## VANTAR ÞIG VANA MÚRARA?

Voot starfsmannamiðlun hefur milligöngu um að útvega innlenda sem erlenda starfsmenn fyrir ýmsar greinar atvinnulífsins

Er starfsmannaleiga rétta lausnin fyrir þig?

**SÍMI 420 9500**

VOOT STARFSMANNAMIÐLUN

HAFNARGATA 90• 230 REYKJANESBÆR • WWW.VOOT.IS



## VANTAR ÞIG PÍPU-LAGNINGARMENN?

Voot starfsmannamiðlun hefur milligöngu um að útvega innlenda sem erlenda starfsmenn fyrir ýmsar greinar atvinnulífsins

Er starfsmannaleiga rétta lausnin fyrir þig?

**SÍMI 420 9500**

VOOT STARFSMANNAMIÐLUN

HAFNARGATA 90• 230 REYKJANESBÆR • WWW.VOOT.IS

MENNTASKÓLINN Í KÓPAVOGI

## Bókavörður

Menntaskólinn í Kópavogi óskar eftir að ráða starfsmann í fullt starf á bókasafn skólans til afleysingar vegna barneignaleyfis.

Starfið felur í sér almenn störf á bókasafni s.s. við útlán og afgreiðslu, ljósritun, heimilda- og upplýsingaleit, frágang, miðlun upplýsinga til starfsmanna og nemenda, auk sérverkefna. Æskilegt er að umsækjandi hafi góða grunnmenntun og reynslu af sambærilegum störfum.

Ráðið er í starfið til 1. nóvember n.k. og fara launakjör eftir samningi Starfsmannafélags ríkisins og fjármálaráðherra. Ekki þarf að sækja um á sérstöku umsóknareyðublaði en í umsókn þarf að greina frá menntun og starfsreynslu. Umsókn skal senda til skólameistara.

Frekari upplýsingar um starfið veitir Helga Jónsdóttir forstöðumaður safnsins og skrifstofustjóri Sigríður Jóhannsdóttir í síma 594 4000.

**Skólameistari**

## Tískufataverslun

óskar eftir starfsmanni í fullt starf.

Upplýsingar í s. 8201299

## SMIÐIR

Erum með vana smiði á skrá sem eru klárir til vinnu.

**Kraftafl ehf S: 840-1616**

MENNTASKÓLINN Í KÓPAVOGI

## ÞJÓNUSTULIÐI / RÆSTING

**í Menntaskólanum í Kópavogi**

Menntaskólinn í Kópavogi óskar eftir að ráða þjónustuliða til ræstinga og umsjónar með umgengni í skólanum á dagvinnutíma. Möguleiki á hlutastörfum.

Laun eru skv. sérstökum samningi Eflingar og fjármálaráðuneytis.

Nánari upplýsingar eru veittar á skrifstofu skólans í síma 594 4000 hjá skrifstofustjóra eða ræstingastjóra.

**Skólameistari**

FERSKAR KJÖTVÖRUR

## Aukavinna skólafólk

Óskum eftir starfsmönnum í kjöt og fiskborð Hagkaupa sveigjanlegur vinnutími í boði fyrir fólk á öllum aldri endilega hafið samband.

Nánari upplýsingar veitir Ómar í s: 6606300 eða Rúnar s:6994000

KOKKARNIR VEISLUÞJÓNUSTA

## Skipstjóra vantar á 150 brt Dragnótabát sem rær frá Suðurlandi Frá 15.01.2008.

Upplýsingar í síma 864-8096

LUSH

**Framsækið fyrirtæki óskar eftir metnaðarfullu og áreiðanlegu starfsfólki í fullt starf og hálft starf.**

Sendið umsókn á annetta@lush.is eða hringja í síma 846 7579

das HRAFNISTA

Reykjavík | Hafnarfjörður | Vífilsstaðir | Víðines

## Nám og starf með framtíðar-möguleikum

Hrafnista býður einstaklingum af erlendum uppruna að taka þátt í þróunarverkefni þar sem áhersla er á íslenskukennslu, kennslu í umönnunarstörfum og samfélagsfræðslu. Markmiðið er að umsækjendur komi til starfa á Hrafnistu þar sem þeir hafa góða möguleika á frekari starfsþróun. Undirbúningur tekur 2 mánuði og er hann launaður. Áætlað er að verkefnið fari af stað um miðjan febrúar. Umsóknarfrestur er til 16. janúar 2008.

**Nánari upplýsingar veitir Hrönn Ljótsdóttir í síma 693 9567 eða á netfangið hronn@hrafnista.is**

## On the job training with long term employment opportunities

Hrafnista is offering individuals of foreign descent to participate in a developmental project. The project includes Icelandic lessons, training in care giving and civics lessons. The goal of the project is that applicants seek employment at Hrafnista where they will have the possibility of further career development. The training takes 2 months during which time the trainee receives a salary. The project is due to begin in the middle of February. Application must be submitted by 16. January 2008.

**For further information contact Hrönn Ljótsdóttir at 693 9567, or send an e-mail to hronn@hrafnista.is**

## Kurs zawodowy z możliwością stałego zatrudnienia

Hrafnista oferuje możliwość udziału w projekcie rozwojowym osobom pochodzenia zagranicznego. Projekt obejmuje lekcje islandzkiego, zajęcia z teorii praw obywatelskich i opieki. Celem projektu jest zatrudnienie uczestników w Hrafnista, gdzie będą mieli możliwość rozwoju zawodowego. Trening zajmuje dwa miesiące, podczas których praktykant otrzymuje wynagrodzenie i rozpoczyna się w połowie lutego. Zgłoszenia muszą być dostarczone nie później niż 16 stycznia.

**Więcej informacji można uzyskać kontaktując się z Hrönn Ljótsdóttir (693 9567) albo hronn@hrafnista.is**

vilborg@centrum.is

**www.hrafnista.is**



## Ævintýri alla daga

**Leikskólinn Rofaborg, Skólabæ 6 í Árbæ auglýsir:**

Vegna stækkunar leikskólans vantar fleira gott fólk til starfa. Við óskum eftir að ráða leikskólakennara og starfsfólk með aðra menntun eða reynslu. Einnig er laus staða í sérkennslu.

Einkunnarorð Rofaborgar eru leikur - gleði - vinátta. Unnið er eftir námskrá sem hefur öðlast reynslu og fest sig í sessi. Glæsileg viðbygging verður tekin í notkun í janúar.

Verið velkomin í heimsókn á Rofaborg eða hafið samband við Þórunni Gyðu Björnsdóttur leikskólastjóra í síma 587-4816 eða 693-9863.

*Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum og að vinnustaðir borgarinnar endurspegli það margbreytilega samfélag sem borgin er.*

Reykjavíkurborg
Leikskólasvið

www.leikskolar.is

# Ég áfrýja

**UMRÆÐAN**
Dómsmál


JAKOB BJARNAR GRÉTARSSON

Tuttugasta desember 2007 féll furðudómur í Héraðsdómi Reykjavíkur í máli sem laut að ærumeiðingum. Ingveldur Einarsdóttir héraðsdómari komst að þeirri merkilegu niðurstöðu að dæma orð sem aldrei féllu dauð og ómerk. Blaðamenn hafa fengið marga sérkennilega kveðjuna frá dómsölum á undanförnum mánuðum og árum, einkum á þeim forsendum að dómstólar hafa það alveg á hreinu hvað á erindi við almenning og hvað ekki, en líklega er hámarki vitleysunnar nú náð.

Magnús Ragnarsson fyrrverandi sjónvarpsstjóri Skjás eins höfðaði mál á hendur 365 en málatilbúnaður lögmanna hans, fyrst Sigríðar Rutar Júlíusdóttur og þá Finns Þórs Vilhjálmssonar, gekk út á að sýna fram á að til þess að gera ótengd fyrirbæri á borð við markaðssvið 365, DV og Fréttablaðið hefðu með sér samantekin ráð til að rægja Magnús með öllum tiltækum ráðum. Viðamikið samsæri. Því var fjórum ótengdum fréttum og pistlum dengt saman í eina körfu. Tvennt sem um Magnús hafði verið skrifað í DV og tvennt sem að honum sneri í Fréttablaðinu. Nú er rétt að nefna að tengsl milli Fréttablaðsins og DV hafa aldrei verið nein þó eignarhald hafi að einhverju leyti verið á sömu hendi. Liður númer 3 og 4 eru raktir til skrifa minna í Fréttablaðið. Og þó það þyki ekki góð latína að málsaðili sem farið hefur halloka í dómsal tjái sig frekar – hann hljóti eðli málsins samkvæmt að vera sorrý, svekktur og sár – þá fæ ég ekki orða bundist og hlýt að leitast við að koma ákveðnum sjónarmiðum á framfæri. Því þó þetta sé kannski umfram allt hlálegt þá er niðurstaðan grafalvarleg. Og hreinlega hrollvekjandi á hvaða leið dómstólar eru þegar blaðamennska er annars vegar.

### Stór munur

Þriðji liður ákæru Magnúsar snýst um smáfrétt þar sem greint er frá því að tiltekinn hópur manna á markaðsdeild 365 nefni Magnús sín á milli, í stráksskap, „Magga glæp“. Frá þessu var sagt til að varpa ljósi á mál sem þá hafði verið í deiglunni, kenningar sem uppi voru þess efnis að Stöð 2 og Skjár einn væru hugsanlega að sameinast. Og fylgdi með í kaupunum að Magnús yrði sjónvarpsstjóri Stöðvar 2. Með því að greina frá þessu, í ef til vill full grallaralegri örfrétt, mátti leiða að líkum að ólíklegt væri að af því yrði. Nú getur verið fréttnæmt að tilteknar sögur eða ummæli séu uppi. Með því er þó á engan hátt verið að staðfesta slíkt. Það að segja að einhver hafi sagt eitthvað um einhvern er ekki það sama og að segja það eða staðfesta. Á því er stór munur. Svo dæmi sé nefnt: Engum hefði dottið í hug að telja fréttamanninn, sem sagði fyrstur frá því þegar Ólafur Ragnar Grímsson þá þingmaður sagði Davíð Oddsson þá forsætisráðherra þjakaðan af skítlegu eðli, vera að halda því fram sjálfur. Né miðilinn sem þetta kom fram í. Með öðrum orðum, hvorki blaðamaður Fréttablaðsins, né blaðið ef því er að skipta, hafa nokkru sinni kallað Magnús Ragnarsson „Magga glæp“. Meira að segja lá fyrir í dómsal Ingveldar að heimildir fyrir örfréttinni sem greindi frá umtalinu voru sannarlega til staðar. Auðvitað. En ummælin voru engu að síður eignuð Fréttablaðinu og það dæmt til að sitja uppi með dauð og ómerk ummæli blaðinu óviðkomandi.

### Ummæli sem aldrei féllu

Fjórði liður ákærunnar er jafnvel enn fráleitari en sá fyrri. Snýst um fjölmiðlapistil sem ég skrifaði undir fyrirsögninni „Geðþekkur geðsjúklingur“ sem Magnús kaus að taka til sín. Pistillinn var fremur jákvæður og fjallaði um dagskrá Skjás eins. Ég greip til persónugervingar sem er elsta stílbragð í bókinni og má rekja allt til þess að Hómer fann upp epíkina í Ilíonskviðu þegar hann skrifaði um hina rósfingruðu morgungyðju. Að mínu viti var þá að finna allt hið besta og jafnframt það versta sem finna má í sjónvarpi á dagskrá Skjás eins. Nefndi, að mig minnir, House og The Batchelor í því sambandi. Sagði þá eitthvað á þá leið að ef dagskráin væri einstaklingur væri sá, með fullri virðingu, líklega sjúkdómsgreindur geðklofa. En þetta væri geðþekkur geðsjúklingur því enginn er neyddur til að kaupa áskrift. Umbrotið gerir ráð fyrir myndskreytingu við hvern slíkan pistil og þarna var gripið til þess að hafa mynd af andliti Skjás eins – téðum Magnúsi sjónvarpsstjóra í staðinn fyrir lógó stöðvarinnar eða húsi. Rétt eins og ef blaðamaður skrifar um hugbúnað frá Microsoft mun hann líklega kjósa að birta með mynd af Bill Gates. Án þess að það hvarfli að nokkrum manni að greinin fjalli um persónuleika Gates. Í dómi sínum tekur Ingveldur sérstaklega til þess hve myndin er stór. Nú er það einfaldlega þannig að eftir því sem pistillinn er knappari í fyrirframgefið rýmið þeim mun stækkar myndin. Pistillinn kom persónu Magnúsar ekki hið minnsta við enda hann hvergi nefndur til sögunnar. Með öðrum orðum, hvorki ég, né blaðið ef því er að skipta, höfum nokkru sinni kallað Magnús „geðþekkan geðsjúkling“. Það myndi einfaldlega aldrei hvarfla að mér. En … ummæli sem aldrei féllu þóttu í dómsal Ingveldar móðgandi og meiðandi fyrir Magnús og dæmd dauð og ómerk.

Mál þetta sýnir í raun að nú dugir hreinlega að menn sem til umfjöllunar eru móðgist svo dómarar dæmi fjölmiðla seka. Skiptir engu máli hvort rétt er með farið, það skiptir ekki máli þó merking sé slitin úr samhengi, menn eru dæmdir ekki samkvæmt merkingu orða heldur hvernig má hugsanlega túlka þau, það skiptir ekki einu sinni máli þó móðgunin byggi á misskilningi – þeir hinir móðguðu sem leggja mál sín í dóm munu njóta ítrasta skilnings dómara. Óútfylltur tékki. Þetta mál er ekki til að auka á virðingu fyrir dómstólum og ég bara trúi því ekki að almenningur vilji sjá fjölmiðla sem lúta forskrift frá dómstólum sem þessum.

*Höfundur er blaðamaður.*


VORNÁMSKEIÐIN HEFJAST Í FEBRÚAR

Söng- leik- og dansnámskeið fyrir börn og unglinga!

ATH: Nú er hægt að nota Frístundakortin til að greiða niður námskeið hjá Tónvinnsluskólanum*



Barna- og unglinganámskeið sem er undirbúningur að skemmtiþætti fyrir sjónvarp

Þetta námskeið vakti mikla lukku hjá okkur á síðustu önn og verður afraksturinn í sjónvarpinu fljótlega á þessu ári.

Nú hafa **Tónvinnsluskóli Þorvaldar Bjarna** og Dansskóli Birnu Björnsdóttur tekið höndum saman um framhald á þessu stórskemmtilega námskeiði.

25.000 kr. niðurgreiðsla fyrir þá sem geta notað Frístundakort ÍTR*

*Nánari upplýsingar á www.itr.is um möguleika Frístundakortsins




Nemendur fá að syngja, dansa og leika í mörgum mismunandi atriðum undir handleiðslu krafmikilla leiðbeinanda í 10 vikur.

Þegar atriðin eru fullæfð er farið í myndver og gerður sjónvarpsþáttur upp úr afrakstrinum og allir fá að vera með.

Birgitta Haukdal verður umsjónarmaður þáttarins.


Birgitta Haukdal

**Námskeiðin hefjast í febrúar.**
**Kennt verður í Kópavogi og Grafarvogi í Snælands- og Foldaskóla eftir að venjulegum skólatíma líkur.**

**Nú verður einnig kennt í Lækjarskóla í Hafnarfirði.**

**Skráningar á heimasíðunni www.tonvinnsluskoli.is eða í síma 534 9090**

TÓNVINNSLUSKÓLI ÞORVALDAR BJARNA
Sponsored Digidesign School

# Vegið að íslensku lýðræði

**UMRÆÐAN**
Forsetakosningar



ÁSTÞÓR MAGNÚSSON

Stöð2 segist hafa átt viðtal við mig um komandi forsetakosningar. Ég hef ekki rætt um forsetakosningar við fréttamenn undanfarið ár og vísa slíkum uppspuna til föðurhúsanna!

Ég vil ítreka fyrri athugasemdir um lágkúrulega aðför að íslensku lýðræði sem aftur er hafin hjá stuðningsmönnum Ólafs Ragnars Grímssonar með svipuðum hætti og 2004. Hræðsluáróður um stórýktan kostnað við forsetakosningar er aftur í fréttum. Reynt er að hræða gegn mótframboðum.

2004 skoruðu stuðningsmenn Ólafs á mig í fjölmiðlum að hætta við framboð, annars yrði, vegna kostnaðar sveitarfélagsins, að hætta við ferðalag grunnskólabarna á Ísafirði, fæðingarbæ Ólafs Ragnars. Nú er fyrrum oddviti yfirkjörstjórnar Reykjavíkur Norður dreginn fram á skjáinn til að hræða þjóðina með að slíkt mótframboð væri misnotkun á lýðræðinu.

Áður en ég ræði komandi forsetakosningar óska ég eftir svörum Þórunnar Guðmundsdóttur oddvita yfirkjörstjórnar í Reykjavík við eftirfarandi spurningum:

1. Er það lýðræði að einstaklingur setjist í forsetastól með stuðningi minnihluta þjóðar og sitji þar í áskrift án kosninga til eilífðarnóns? Í flestum lýðræðisríkjum er tekið fyrir svona misnotkun á lýðræðinu.
2. Er yfirhöfuð þörf á forsetakosningum á Íslandi? Mætti nota rafrænar kosningar til að draga úr kostnaði eða eftirlátum við tækniþróunina og lýðræðið háværum skellinöðrum bloggs og ljósvakamiðla?
3. Er eðlilegt í lýðræðisríki að starfsmenn yfirkjörstjórnar sem hafa með höndum opinbert eftirlit og framkvæmd kosninga beri á torg persónulegar skoðanir sínar á einstökum framboðum? Samræmist slíkt lögum og reglum um óhlutdrægar kosningar?
4. Var eðlilegt af dómsmálaráðuneytinu að hafna beiðni Öryggis- og samvinnustofnunar Evrópu um að fylgjast með forsetakosningum á Íslandi eftir að fram voru komnar alvarlegar kvartanir um aðdraganda kosninganna árið 2004?
5. Var eðlilegt af dómsmálaráðuneytinu að halda framboði Ástþórs Magnússonar í fjársvelti fleiri mánuði með því að neita afgreiðslu happdrættisleyfis fyrr en nokkrum dögum fyrir kosningar, en slík synjun eða tafir á afgreiðslu fjáröflunarleyfis til stjórnmálasamtaka eða forsetaframboða var einsdæmi í sögu ráðuneytisins og gerði fjáröflunarverkefnið að engu.
6. Var það eðlilegt 2004 að RÚV, fjölmiðill í opinberri eigu, lokaði fyrir málefnalega umræðu þar til kvöldið fyrir kjördag?
7. Var eðlilegt 2004 af yfirstjórn RÚV að ritskoða viðtal við heimsfrægan fræðimann Dr. Dietrich Fischer og klippa burt allar tilvitnanir þessa merka fræðimanns um að Ástþór sem forseti Íslands gæti valdið straumhvörfum í friðarmálum heims. Prófessorinn var svo hneykslaður er hann frétti þetta að hann skrifaði RÚV og líkti við það sem gerðist í Júgóslavíu undir einræðisherranum Slobodan Milosevic. Eru slík vinnubrögð eðlileg í íslensku lýðræði?
8. Var það eðlilegt 2004 að Baugsmiðlarnir Stöð2 og fleiri neituðu algerlega að ræða við einn virtasta sérfræðing heims í friðarmálum, Dr. Johan Galtung, höfund handbóka Sameinuðu þjóðanna um friðarsamninga, er hann kom sérstaklega til Íslands að kynna hugmyndir um hlutverk smáríkja í friðarumleitunum og hvernig forseti Íslands gæti orðið leiðandi afl á þessum vettvangi?
9. Var það eðlilegt 2004 að umboðsmaður framboðs sitjandi forseta væri jafnframt framkvæmdastjóri stærstu fjölmiðla landsins og þeir væru notaðir til að birta ítrekaðar ærumeiðingar, svívirðingar og ósannindi um mótframbjóðanda en á sama tíma lokað að mestu fyrir birtingu málefnalegs efnis um baráttumál framboðsins?

*Höfundur er formaður samtakanna Friður 2000.*


IÐNAÐARRÁÐUNEYTIÐ

## Mótvægisaðgerðir ríkisstjórnarinnar 2008 og 2009

### FERÐAÞJÓNUSTA

Ríkisstjórnin hefur ákveðið að veita alls 160 milljónum króna til eflingar ferðaþjónustu á þeim svæðum sem verða fyrir aflasamdrætti vegna skerðingar á veiðiheimildum.

**Auglýst er eftir umsóknum um stuðning við verkefni til atvinnusköpunar í ferðaþjónustu á viðkomandi svæðum. Umsækjendur geta verið sveitarfélög, einstaklingar og fyrirtæki og er hámarksstyrkur til hvers verkefnis 8 milljónir kr.**

Verkefnin verði unnin á árunum 2008-2009 og verður styrkurinn greiddur í tvennu lagi, helmingur hvort ár. Seinni greiðslan er háð árangursmælingu í samræmi við ákvæði í umsókn, en hver umsækjandi gerir tillögu að árangursmælikvarða fyrir viðkomandi verkefni.

Við afgreiðslu umsókna verður sérstaklega litið til langtímaáhrifa verkefna á sköpun nýrra starfa á svæðunum og hversu hratt störfin geta orðið til. Ekki er um að ræða styrki til menntunar eða rannsókna.

Umsóknum skal skila á sérstökum umsóknareyðublöðum, sem hægt er að nálgast á vefsíðum Byggðastofnunar (www.byggdastofnun.is) og Ferðamálastofu (www.ferdamalastofa.is)

**Umsóknum skal skila til Byggðastofnunar, Ártorgi 1, 550 Sauðárkróki eða Ferðamálastofu, Lækjargötu 3, 101 Reykjavík fyrir 5. febrúar 2008.**

Ferðamálastofa Icelandic Tourist Board

Byggðastofnun


# Aukið öryggi í umferðinni þjóðarnauðsyn

**UMRÆÐAN**
Umferðarmál



STURLA BÖÐVARSSON

Þær gleðilegu fréttir hafa verið sagðar í fjölmiðlum að dregið hafi úr slysum á þjóðvegunum og á árinu 2007 hafi banaslysum fækkað verulega. Þessar fregnir eru vissulega jákvæðar því ökutækjum hefur fjölgað mikið, umferðin hefur aukist hröðum skrefum og flutningar á vegum einnig.

Það var mat ríkisstjórnarinnar á síðasta kjörtímabili að eðlilegt væri að tengja saman stjórnsýslu umferðaröryggismála og vegamálin innan samgönguráðuneytisins.

Þegar samgönguráðuneytið tók við umferðaröryggismálum 1. janúar 2004 af ráðuneyti dómsmála var ákveðið að breyta um taktinn í vinnu við umferðaröryggisáætlun og tengja hana samgönguáætlun. Á vettvangi dómsmálaráðuneytis, Umferðarráðs og Umferðarstofu hafði verið unnið mikið starf árum saman sem auðveldaði þá breytingu sem gerð var og skapaði skilyrði til þess að taka umferðarmálin nýjum tökum á vettvangi samgönguráðuneytisins. Var þessi breyting gerð í góðu samstarfi ráðuneytanna og við Björn Bjarnason dómsmálaráðherra vorum sammála um þessa breyttu skipan.

**Breytingar mótaðar á nýjum forsendum**

Ég tók þá ákvörðun að láta móta breytingarnar á öllum sviðum sem tengdust umferðaröryggismálum. Þar var um að ræða vinnu Umferðarstofu, Umferðarráðs, Vegagerðar, Rannsóknarnefndar umferðarslysa og ráðuneytisins sjálfs. Til þess að ná þeim markmiðum sem sett voru var ráðinn verkfræðingur til starfa í samgönguráðuneytinu sem hafði það verkefni að móta nýja umferðaröryggisáætlun sem væri tengd samgönguáætlun eins og fyrr segir og hefði tekjur frá henni. Jafnframt var lögfræðingum ráðuneytisins falið að vinna að breytingum á reglugerðum og undirbúa breytingar á löggjöf er snerti þennan mikilvæga málaflokk í samstarfi við Umferðarstofu, Vegagerð og lögregluna. Fræðilegar forsendur vinnu við nýja umferðaröryggisáætlun tengdust mati á kostnaði við slysin og kostnaði við þær aðgerðir sem nauðsynlegt var að grípa til svo komið væri í veg fyrir slys í umferðinni.

Til þess að ná tilgreindum markmiðum var m.a. unnið að eftirfarandi aðgerðum er allar höfðu það markmið að draga úr slysum í umferðinni:

1. Rannsóknir umferðarslysa endurskipulagðar og efldar með nýrri löggjöf um Rannsóknarnefndina. Voru hafðar til hliðsjónar þær miklu breytingar sem gerðar voru á vettvangi flugöryggismála og rannsóknum flugslysa og höfðu gefist vel.
2. Umferðarlögum og reglugerðum var breytt til að auka ábyrgð ökumanna.
3. Umferðaröryggisáætlun unnin og forgangsröðun gerð miðað við áætlaðan ábata hverrar aðgerðar.
4. Umferðaröryggisáætlun felld inn í samgönguáætlun og tekjur af umferðinni nýttar til framkvæmda og kostnaðar við aukið umferðareftirlit.
5. Samningar um stóraukið umferðareftirlit gerðir milli Vegagerðar, Umferðarstofu og Ríkislögreglustjóra. Má segja að þeir samningar hafi markað tímamót og skapað lögreglu og Vegagerð nýja viðspyrnu til árangursríkra aðgerða.
6. Settar upp myndavélar við þjóðvegina til þess að auka eftirlit með hraðakstri og margvíslegur búnaður lögreglu kostaður af útgjaldaramma samgönguráðuneytis.
7. Eftirlit Vegagerðar og lögreglu aukið með fólks- og vöruflutningum á þjóðvegunum og settar strangar reglur um meðferð farms flutningavagna.
8. Lagarammi um eftirlit með hvíldartíma ökumanna tryggður í samræmi við evrópskar reglur sem höfðu ekki verið að virka vegna skorts á lagaheimildum.
9. Heimildir settar í lög til þess að auðvelda lögreglu eftirlit með ólöglegri fíkniefnanotkun ökumanna.
10. Hertar reglur um gerð og búnað ökutækja.
11. Lögum og reglugerðum breytt og viðurlög aukin vegna ofsaaksturs á þjóðvegum og vegna endurtekinna brota á umferðarlögum.
12. Tekið upp samstarf við FÍB um skoðun á gerð og ástandi vega frá sjónarhorni öryggisþátta svo sem frágangi vegriða og umhverfi vega.
13. Auknir fjármunir veittir til vegagerðar, jarðgangagerðar, vetrarþjónustu, upplýsinga um færð og ástand vega og almennrar þjónustu á vegakerfinu í þágu umferðaröryggis.

**Aðgerðir skila árangri**

Allar þessar aðgerðir á vettvangi lögreglu, Umferðarstofu, Vegagerðar og samgönguráðuneytis eru að skila árangri. Það bendir allt til þess að breytt skipulag umferðaröryggismála og skipuleg vinnubrögð við eftirlit sé að skila sér. Ástæða þess að ég skrifa þessa grein er að ég taldi nauðsynlegt að minna á það hversu umferðaröryggismálin eru mikilvæg og einnig vil ég minna á að ekki voru þessar aðgerðir allar sem nú eru að skila árangri taldar nauðsynlegar eða skynsamlegar þegar til þeirra var stofnað. Varð undirritaður að verjast harkalega bæði á Alþingi og í fjölmiðlum til þess að ná fram þessum nauðsynlegu breytingum. Það er ástæða til þess að þakka öllum sem koma að umferðaröryggismálum fyrir árangurinn. Það hefur tekist að hægja á umferðinni og ökumenn sýna aukna ábyrgð í umferðinni. Með skipulegu starfi og samstilltum aðgerðum hefur tekist að fækka slysum sem engu að síður eru of mörg. Auknu öryggi í umferðinni ber að fagna og við eigum að sameinast um allar þær aðgerðir sem geta leitt til færri slysa. Til þess að frekari árangur náist þarf þjóðarátak. Þess er vert að geta að Suðurnesjamenn með Steinþór Jónsson, athafnamann og bæjarfulltrúa, í broddi fylkingar hafa sýnt mikið og þakkarvert frumkvæði í umferðaröryggismálum. Ég hvet áhugafólk um aukið umferðaröryggi í öllum landshlutum til að kynna sér starf þeirra undir merkjum „Samstöðu“.

*Höfundur er forseti Alþingis.*

Tölvunám í viðurkenndum skóla - skráðu þig núna í nám:

# Tölvunám vorið 2008
# Menntun sem gefur þér forskot



1986 - 2008 • 22 ár í fremstu röð

Nýttu þér tölvunám TV til aukinnar þekkingar. Núna! Eyddu ekki tíma og peningum. Menntaðu þig hjá viðurkenndum skóla sem veitir þér öruggari aðgang að betra starfi til framtíðar. Tölvuskóli Tölvu- og verkfræðiþjónustunnar við Grensásveg er viðurkenndur af menntamálaráðuneytinu sem einkaskóli á framhaldsskólastigi. Skólinn er elsti tölvuskólinn á Íslandi og hafa um 36.000 nemendur sótt tölvumenntun sína til skólans á rúmu 21 ári. Nýttu þér tækifærin og skráðu þig strax. Hringdu núna í síma 520 9000 og talaðu við okkur um greiðslukjör.

**Tölvuskóli TV er vottaður af innlendum og erlendum aðilum til að tryggja hagsmuni nemenda.**

PEARSON VUE AUTHORIZED CENTER SELECT

Microsoft CERTIFIED Partner

## Veldu nám sem hentar þér og skráðu þig strax hjá Tölvuskóla TV:

## MCSA og MCP nám

### MCSA netstjórnun 2. hluti

Frábært nám sérstaklega sniðið fyrir þá sem lokið hafa fyrri áfanga MCSA náms og vilja læra það sem til þarf til að taka gráðuna. Kenndar eru námsgreinarnar Windows Vista Client (70-620 og Windows 2003 Network Infrastructure (70-291). Forkröfur eru Windows XP (70-270) og Windows Server 2003 (70-290).

Tvö MCP próf innifalin.

**Lengd**: 121 stund/81 klst. **Verð**: 169.900

### MCSA netstjórnun

Taktu MCSA (Microsoft Certified Systems Administrator) gráðu og vertu í hópi þeirra eftirsóttustu. Fáðu yfirburða þekkingu á netstjórnun, Windows XP og Windows Vista.

Þú lærir netfræði, TCP/IP, Windows XP Professional (70-270), Windows 2003 Server MCP (70-290), stjórnun Windows neta og netumhverfi Windows 2003 (70-291) og Windows Vista (70-620).

Öll (4) nauðsynleg próf innifalin.

**Lengd**: 243 stundir/162 klst. **Verð**: 319.900

### Einstakar MCP greinar

- Windows Vista Client (70-620) **Lengd**: 60 st./40 klst. **Verð**: 92.900
- Netw. Infrastr. Win 2003 (70-291) **Lengd**: 63 st./42 klst. **Verð**: 99.900

## C# .NET forritun

### Visual C# .NET forritun

Frábært námskeið til að læra á það forritunarmál sem flestir nota. Hnitmiðað og yfirgripsmikið mál sem undirbýr þig fyrir krefjandi forritunarverkefni.

Krafist er góðrar tölvuþekkingar.

**Lengd**: 94 stundir/63 klst. kvöldnám
**Verð**: 139.900

## Tölvuumsjón

### Tölvuumsjón

Einstakt nýtt nám fyrir þá sem vinna við umsjón tölva og/eða notendaþjónustu eða vilja hasla sér völl á því sviði:

- Microsoft Office 2007(expert)
- Windows Vista og Server (intermediate)
- DreamWeaver, Photoshop og Flash

**Ath**: Aðeins fyrir fólk með góða tölvuþekkingu
**Lengd**: 200 stundir/133 klst, **Verð**: 299.000

## Skrifstofunám

### Hagnýtt bókhaldsnám

Bókhaldsnám sem borgar sig strax. Námið er fyrir þá sem vilja ná góðum tökum á bókhaldi, t.d. sjálfstæða atvinnurekendur og þá sem vinna við bókhald.

Kennt er meðal annars fjárhagsbókhald, töluvbókhald, uppgjör og skil á virðisauka-skatti, grunnur launaútreikninga, afstemm-ingar, undirbúningur uppgjörs og fleira

**Lengd**: 94 stundir/63 klukkust. **Verð**: 99.900

### Skrifstofu- og tölvunám

Ef þú vilt verða liðtæk(ur) við margskonar skrifstofustörf og vinnu við tölvu þá er þetta hnitmiðaða skrifstofunám það rétta.

*Helstu kennslugreinar:*

- Tölvugrunnur, Windows, fingrasetning, Internetið, Word, PowerPoint, Outlook, Access og Excel.
- Almennar viðskiptagreinar og verslunarreikningur

**Lengd**: 200 stundir/133 klst. **Verð**: 159.900

### Skrifstofu- og bókhaldsnám

Þú verður í hópi eftirsóttustu starfskrafta ef þú menntar þig í bókhaldi, rekstri og skrifstofustörfum.

*Helstu kennslugreinar:*

- Tölvugrunnur, Windows, fingrasetning, Internetið, Word, PowerPoint, Outlook, Excel og Access.
- Almennar viðskiptagreinar og verslunarreikningur.
- Hagnýtt bókhald

**Lengd**: 300 stundir/200 klst. **Verð**: 229.900

*Allt skrifstofunám er í boði á morgnana (9:00-12:00) eða á kvöldin (19:30-22:30)*

## Vefsíðugerð

### Vefhönnun og myndvinnsla

Þetta nám er ætlað þeim sem vilja ná þeirri færni sem þarf til þess að starfa við vefhönnun, vefstjórnun og grafík.

Kennd er HTML forritun og notkun Flash, DreamWeaver og Photoshop forritanna.

**Lengd**: 90 stundir/60 klst. 16:15-19:15
**Verð**: 99.900

### DreamWeaver og Photoshop

Frábær samsetning af öflugum forritum og skemmtilegri kennslu gera það að verkum að vefsíðugerð verður leikur einn.

**Lengd**: 54 stundir/36 klst, **Verð**: 52.900

## Góð byrjun

### Almennt tölvunám

Ef þú hefur litla reynslu af tölvunotkun eða vilt fá gott og ítarlegt námskeið um allt það helsta sem gert er með tölvum þá er þetta frábæra námskeið fyrir þig.

*Helstu kennslugreinar*

- Windows, Word og Excel
- PowerPoint, Outlook og Internetið

**Lengd**: 90 stundir/60 klst. dag eða kvöld
**Verð**: 79.900 • Allt að 3 ára lán

### Tölvuþekking fyrir konur

Námskeið sem hefur slegið í gegn, ætlað þeim konum sem vilja ná færni í notkun tölva við margvísleg verkefni hvort sem er í vinnu eða heima.

*Helstu kennslugreinar:*

- Tölvugrunnur, Windows og Word
- Excel, Internetið og tölvupóstur

**Lengd**: 60 stnd./40 klst. morgun eða kvöld
**Verð**: 47.900 • Allt að 3 ára lán

### Tölvunám fyrir 50+

Ef þú hefur ekki ennþá lært á tölvu og ert komin(n) yfir fimmtugt er þetta rétta námskeiðið fyrir þig.

Þægilegur hraði, spennandi efni og frábær kennsla gerir þig að öflugum tölvunotanda.

*Helstu kennslugreinar:*

- Tölvugrunnur, Windows og Word
- Excel, Internetið og tölvupóstur
- Stafræn ljósmyndun og vinnsla

**Lengd**: 72 stnd./48 klst. dag eða síðdegi
**Verð**: 59.900 • Allt að 3 ára lán

## Verkefnastjórnun

### Hagnýt verkefnastjórnun

Vertu betri verkefnisstjóri. Lærðu grund-vallaratriði góðrar verkefnastjórnunar, PRINCE2 aðferðafræðina og Microsoft Project við gerð áætlana og stjórnun verka.

**Lengd**: 54 stundir/36 klst. **Verð**: 89.900

### PRINCE2 verkefnastjórnun

Lærðu PRINCE2 aðferðafræðina við verkefnastjórnun, fáðu betri yfirsýn og stjórnaðu verkefnunum óaðfinnanlega.

**Lengd**: 18 stundir/12 klst. **Verð**: 49.900

### Project verkefnastjórnun

Náðu betri tökum á áætlanagerð og utanumhaldi um verkefni með þessu frábæra forriti frá Microsoft.

**Lengd**: 22 stundir/15 klst. **Verð**: 39.900

## Veldu stutt og hnitmiðuð námskeið:

### Byrjendanámskeið

Windows, Word og Internetið • *22 stundir/verð 24.500*
Internetið og tölvupóstur • *9 stundir/verð 10.900*
Windows fyrir byrjendur • *9 stundir/verð 12.900*
Fingrasetning - tölvuvélritun • *6 stundir/verð: 6.900*

### Stafræn ljósmyndun

Ljósmyndavinnsla með Picasa • *9 stundir/verð 12.900*
Stafræn ljósmyndun • *13 stundir/verð 16.900*
Photoshop Elements • *13 stundir/verð 16.900*

### Access

Access I: Almenn gagnagrunnsgerð • *22 stundir/26.900*
Access II: Sérhæfð gagnagrunnsgerð • *18 stundir/34.900*
Access 2007 - uppfærsla og nýjungar • 4 stundir/8.900

### Word

Word I: Grunnur og betri ritvinnsla • *22 stundir/verð 24.500*
Word 2007 - uppfærsla og nýjungar • 4 stundir/8.900
Word II: Framhald • *18 stundir/verð 26.900*
Töflur og eyðublöð í Word • *4 stundir/verð 6.900*
Vinnsla langra skjala í Word • *13 stundir/verð 18.900*
Dreifibréf og markpóstur í Word • *4 stundir/verð 8.900*

### Excel

Excel I: Almenn töflureiknisnotkun • *22 stundir/verð 24.500*
Excel 2007 - uppfærsla og nýjungar • 4 stundir/8.900
Excel IIa: Sérhæfð notkun • *18 stundir/verð 29.900*
Excel IIb: Fjármál,bókhald og endursk. • *18 st./verð 36.500*
Excel III: Fjölvar og forritun með VBA • *32 st./verð 45.900*

### FileMaker

FileMaker I: Byrjendanám • *9 stundir/verð 16.900*
FileMaker II: Gagnagrunnsgerð • *13 stundir/verð 24.900*
FileMaker III: Forritun gagnagrunna • *27 stund/69.900*

### PowerPoint

PowerPoint I: Glærur og kynningar • *13 stundir/verð 16.900*
PowerPoint 2007 - uppfærsla og nýjungar • 4 stund/8.900
PowerPoint II: Hreyfimyndir og hljóð • *9 stundir/verð 13.900*
PowerPoint I + II • *22 stundir/verð 24.500*

### Outlook

Outlook: póstur, tímareiða og verkefni • *13 st./verð 16.900*
Outlook 2007 - uppfærsla og nýjungar • *4 stundir/8.900*
Tímastjórnun með Outlook • *6 stundir/verð 12.900*

### Publisher

Publisher: Bæklingar og kynningar • *13 st./verð 16.900*

### Vefsíðugerð og Flash

DreamWeaver vefsíðugerð • *27 stundir/verð 29.900*
DreamWeaver og Photoshop • *54 stundir/verð 52.900*
DreamWeaver, Photoshop og Flash • *72 st./verð 69.900*
Flash: Gerð hreyfimynda og mynda • *18 st/verð 24.900*

### Photoshop og Visio

Photoshop: Ljósmyndir og grafík • *27 stundir/verð 29.900*
Visio: Viðskiptagrafík og teikning • *18 stundir/verð 24.900*

www.tv.is

VR, Efling og flest önnur stéttarfélög **styðja** félagsmenn sína til náms hjá okkur

**Afsláttur** er veittur til félaga í VR, Eflingu og mörgum öðrum félögum, allt að 15%

- 30 daga ókeypis **símaþjónusta** að loknu námi
- Ókeypis **forfallatrygging** felur í sér að þú getur bætt þér upp veikindi og forföll, innan árs
- Mjög hagstæðir **greiðsluskilmálar** og **lán til allt að 5 ára** (leitið nánari upplýsinga um kjör).

**Tölvunám TV til betri verka**
**– hringdu núna í síma 520 9000**
**– og skoðaðu www.tv.is til að fá meiri upplýsingar**
**– eða komdu í heimsókn, þú ert alltaf velkomin(n)!**

TÖLVU- OG VERKFRÆÐIÞJÓNUSTAN
Tölvu- og viðskiptaskóli • Ráðgjafarstofa

**Viðurkenndur einkaskóli á framhaldsskólastigi**

Grensásvegi 16 · 108 Reykjavík · Sími 520 9000 · tv@tv.is · www.tv.is

**IMELDA STAUNTON LEIKKONA ER 52 ÁRA.**

*„Þú getur bara gert þitt besta. Það er það eina sem þú getur gert og ef það er ekki nógu gott, þá er það bara ekki nógu gott.“*

***Breska leikkonan Imelda Staunton er í miklu uppáhaldi hjá leikstjóranum Mike Leigh og hefur hlotið fjölda verðlauna fyrir frammistöðu sína.***



# tímamót

timamot@frettabladid.is

**ÞETTA GERÐIST:** 9.JANÚAR 1431

## *Réttarhöld yfir Jóhönnu af Örk*



Jóhanna af Örk sem útleggst á frönsku: Jeanne d'Arc og hefur einnig verið kölluð mærin frá Orléans. Jóhanna var frönsk sveitastúlka sem skyndilega hélt því fram að hún hefði fengið sýnir frá guði sem skipuðu henni að vinna Frakkland undan enskum yfirráðum seint í Hundrað ára stríðinu. Henni tókst að sannfæra hinn ókrýnda Karl 7 um sannfæringu sína og því varð úr að hann sendi hana til borgarinnar Orléans þar sem hún aflétti umsátri englendinga á aðeins níu dögum.

Þetta var aðeins upphafið af sigurgöngu Jóhönnu sem var aðeins sautján ára þegar hún hóf þessa sigurgöngu. Fleiri sigrar á her Englendinga fylgdu í kjölfarið og að lokum leiddu þeir til þess að Karl 7 var krýndur í Reims og Frakkar fengu endurnýjað sjálfstraust. Hún var tekin höndum af Englendingum nærri Compiègne og var dæmd fyrir villutrú af dómi undir enska landstjóranum Jóhanni hertoga af Bedford sem lét brenna hana í Rúðuborg aðeins nítján ára. Tuttugu og fjórum árum síðar veitti Kallixtus 3. páfi henni uppreisn æru og hún var tekin í dýrlinga tölu af Benedikt 15. þann 16. maí 1920. Hún vék aldrei frá trúarsannfæringu sinni sem hún hélt fast í fram til hinnar síðustu stundu.

### MERKISATBURÐIR

1788 Connecticut varð fimmta ríki Bandaríkjanna.

1793 Jean-Pierre Blanchard fyrstur til að fljúga yfir Bandaríkin í loftbelg.

1799 Básendaflóðið á Íslandi. Talið vera einhver dýpsta lægð sem gengið hefur yfir landið á sögulegum tíma.

1935 Lög um aldurshámark opinberra starfsmanna og embættismanna sett.

1982 Hús íslensku óperunnar vígt, óperan Sígaunabaróninn frumsýnd.

1986 Hafliði Hallgrímsson hlýtur tónskáldaverðlaun Norðurlandaráðs fyrir verk sitt Poemi.



**BORGARNES** Rótaryklúbbur Borgarness styrkti FSMA, félag aðstandenda og þeirra sem haldnir eru SMA-sjúkdómnum á Íslandi.

# Rótarý styrkir aðstandendur

Rótaryklúbbur Borgarness hefur tekið upp þann sið að styrkja félagasamtök á jólafundum sínum.

Að þessu sinni var það FSMA sem fékk peningagjöf. FSMA er félag aðstandenda og einstaklinga sem haldnir eru SMA sjúkdómnum á Íslandi.

Inga Björk Bjarnadóttir tók við styrknum fyrir skömmu fyrir hönd félagsins.

www.skessuhorn.is

KRISTINN ÓSKARSSON KÖRFUKNATTLEIKSDÓMARI: ÞÚSUNDASTI LEIKUR FYRIR KKÍ

# Brennandi áhugi nauðsynlegur



**BRENNANDI ÁSTRÍÐA** Kristinn Óskarsson hefur sinnt dómgæslu í körfuknattleik í tuttugu ár, bæði hérlendis og um alla Evrópu. VÍKURFRÉTTIR/ÞORGILS JÓNSSON

Kristinn Óskarsson körfuknattleiksdómari hefur sinnt dómgæslu í rúmlega tuttugu ár og fyrir skömmu dæmdi hann þúsundasta leikinn fyrir Körfuknattleikssamband Íslands.

„Ég hef dæmt um 1.400 leiki á ferlinum og hélt upp á þúsundasta leikinn, þegar á heildina er litið, fyrir um fjórum til fimm árum. Þá pantaði ég pítsu með konunni og var svolítið grand á því,“ segir Kristinn brosandi, en í síðustu viku var hann heiðraður fyrir að dæma þúsundasta leikinn fyrir KKÍ.

„Leikurinn var í sjálfu sér eins og hver annar leikur og þrátt fyrir að ég hafi þegar dæmt þúsund leiki í heildina var þetta góð tilfinning og gaman að þessum heiðri. Þetta er löng leið sem hefur tekið mig rúmlega tvo áratugi að fara og ég hef lagt mikið á mig og tekið margar beygjur á lífsleiðinni til að geta staðið í þessu,“ segir Kristinn, sem er borinn og barnfæddur Keflvíkingur og alinn upp við mikla íþróttaiðkun. Þó var það hálfgerð tilviljun að hann hóf að sinna dómgæslu. „Ég var alltaf mikið í íþróttum, fyrst í fótbolta, handbolta og náttúrulega í körfu. Síðan gerist það að dómarar voru þrekprófaðir í fyrsta sinn árið 1988. Þá hættu margir af gömlu dómurunum sem voru ekki í formi og nánast allir sem vildu fengu möguleika á því að flauta. Ég fékk því óvænt tækifæri og var farinn að dæma í efstu deild kvenna átján ára og í efstu deild karla nítján ára,“ minnist Kristinn sem segir þetta mjög sérstakt, því dómarar sem byrja í dag 24-25 ára teljist ungir. Til þess að vera góður dómari þarf brennandi áhuga á íþróttinni og auk þess nefnir Kristinn ýmsa kosti sem margir íþróttadómarar eiga sameiginlega. „Ég get nefnt staðfestu, ákveðni og sanngirni sem mikilvæga sameiginlega þætti meðal dómara sem skara fram úr. Síðan finnst mér körfuboltadómarar sem ég þekki eiga það sameiginlegt að vera með mjög góðan húmor, en því miður fæst ekki alltaf tækifæri til að sýna það í þessu starfi,“ segir Kristinn hlæjandi og bætir við: „Það sem hefur hjálpið mér mest við efnið er félagsskapur starfsfélaganna. Við höldum mikið hópinn og aðrir körfuboltadómarar eru mínir bestu vinir. Þeir eru um allan heim og ég get alltaf hringt í einhvern þeirra þegar ég er á ferðalögum,“ segir Kristinn, sem lýsir áhuganum á starfinu sem brennandi ástríðu. „Ég hef svo gríðarlegan áhuga á þessari íþrótt að ég get eiginlega ekki alveg útskýrt það. Þegar maður er dómari tekur maður það mjög alvarlega og í mínu samfélagi er ég fyrst og fremst körfuboltadómari og ég held að margir skilji ekki hvað maður leggur mikið á sig fyrir þetta,“ útskýrir Kristinn, sem fær mikinn stuðning heima fyrir. „Ég á náttúrulega stórkostlega konu sem hefur sýnt mér bæði mikinn skilning og stuðning því tilfinningasveiflurnar í þessu starfi eru rosalegar. Ég er mjög heppinn því ég hef notið mikillar velgengni og það er gaman að gleðjast yfir því, en eðli starfsins er samt þannig að stundum lendir maður í miklu mótlæti og er að berjast við erfiðar og þungar tilfinningar og þá er mjög mikilvægt að eiga góða að sem klappa manni og strjúka,“ segir Kristinn, sem er íþróttakennari að aðalstarfi.

„Enginn körfuboltadómari á Íslandi sinnir því starfi eingöngu og þó við fáum greitt er þetta að mínu mati áhugamennska. Hins vegar menntaði ég mig sem íþróttakennara, meðal annars til að geta skilið íþróttamenn betur, og verið betri dómari,“ segir Kristinn, sem hefur einnig dæmt fjölmarga leiki erlendis, ýmist í Evrópukeppni félagsliða og landsliða sem alþjóðlegur FIBA-dómari og á Spáni þar sem hann var einn vetur við dómgæslu.

„Ég hef dæmt erlendis í ellefu ár og þrátt fyrir að leikirnir séu alltaf skemmtilegir er þetta hætt að vera spennandi og er bara hörkuvinna. Margir sem dæma finnst störfin erlendis vera ákveðin gulrót en það er öfugt hjá mér. Samskiptin sem ég á við fólkið hérna heima eru svo skemmtileg að ég vil helst geta gefið erlendu gæsluna upp á bátinn og verið bara sem mest hérna heima,“ segir Kristinn.

**rh@frettabladid.is**



†

*Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar og bróðir, og mágur,*

**Gísli Þór Agnarsson**

Skarðshlíð 23a, 603 Akureyri,

andaðist á heimili sínu miðvikudaginn 2. janúar. Jarðarförin fer fram í Möðruvallaklausturskirkju föstudaginn 11. janúar kl. 13.30. Starfsfólki Heimahlynningar er sérstaklega þökkuð hjúkrun og stuðningur í veikindum hans.

**Hrefna Þorbergsdóttir**
**Eyrún Huld Gísladóttir og Bergvin Þór Gíslason**
**Aðalsteinn Rúnar Agnarsson Ragnheiður Brynjólfsdóttir**
**Þórir Páll Agnarsson J. Nicoleta Lacramiora**
**Jórunn Kolbrún Agnarsdóttir Sigurgeir Pálsson**
**Þórey Agnarsdóttir Árni Björnsson**
**Ingi Stein Agnarsson**
**Gissur Agnar Agnarsson Sigrún Sigfúsdóttir**



†

*Elskuleg móðir mín, systir okkar og mágkona,*

**Guðríður Bjarney Ágústsdóttir**

frá Stíghúsi, Stokkseyri,

lést laugardaginn 5. janúar. Útförin fer fram frá Stokkseyrarkirkju laugardaginn 19. janúar kl. 14.00

**Valborg Sonya Guðríðard. Hassan**
**Guðbrandur Stígur Ágústsson Brynhildur Arthúrsdóttir**
**Sigríður Inga Ágústsdóttir**
**Dagrún Mjöll Ágústsdóttir Aron Hauksson**
**Hólmfríður Hlíf Steinþórsdóttir Einar Páll Bjarnason**
**Ragnheiður Drífa Steinþórsdóttir Logi Hjartarson**
**Kristín Steinþórsdóttir**
**Jason Steinþórsson Hrönn Sturlaugsdóttir**



†

*Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir og amma,*

**Elfa Vilborg Björnsdóttir**

verður jarðsungin frá Lágafellskirkju föstudaginn 11. janúar kl. 13.00.

**Björn Birgir Ingimundarsson**
**Bjarnheiður Margrét Ingimundardóttir Björgvin Sigurðsson**
**Þorgils Björn Björgvinsson og Margrét Björgvinsdóttir.**



†

*Bróðir okkar,*

**Sigurgeir Pétursson**

frá Gautlöndum,

lést 4. janúar á líknardeildinni á Landakoti. Jarðað verður í kyrrþey.

**Fyrir hönd aðstandenda,**
**Þorgerður Pétursdóttir**
**Ásta Pétursdóttir**

# Nýtt björgunarskip vígt í Grindavík

Nýtt björgunarskip var vígt í Grindavík síðastliðinn sunnudag og var það séra Elínborg Gísladóttir sem vígði nýja skipið sem fékk nafnið Oddur V. Gíslason.

Þetta er því fjórða skipið sem ber nafn sr. Odds V. Gíslasonar. Nýja skipið er af sömu gerð og það gamla en þó nokkuð öðruvísi, tíu árum yngra og smíðað úr stáli. Ákveðið var að velja þennan bát vegna þess að hann gegndi áður hlutverki æfingabáts hjá konunglegu bresku sjóbjörgunarsamtökunum RNLI og var því einstaklega vel við haldið.

Nýi Oddur er útbúinn með nýjustu og fullkomnustu siglingatækjum og sjúkrabúnaði sem völ er á og er hann í raun eins og fljótandi sjúkrabíll að því er fram kemur í fréttatilkynningu frá Slysavarnafélagið Landsbjörg. Báturinn er meðal annars útbúinn súrefnisþjöppu sem gerir súrefniskúta óþarfa við súrefnisgjafir í sjúkraflutningum, en súrefnisþjappan var gjöf frá K-MATT ehf. í Reykjanesbæ. Einnig er í bátnum Flir-hitamyndavél sem gerir leit og siglingu mun auðveldari við erfiðar aðstæður.

Fjöldi fólks var viðstatt vígsluna og fagnaði þessum tímamótum hjá björgunarsveitinni Þorbirni sem fram fór á flotbryggjunni þar sem Oddur V. Gíslason liggur vanalega. Björgunarsveitin Þorbjörn í Grindavík fagnaði einnig á dögunum öðrum merkum áfanga þegar sveitin fagnaði sextíu ára afmæli en frá upphafi hefur sveitin bjargað 232 mönnum úr sjávarháska. Sjá nánari upplýsingar. www.grindavik.is




**VÍGSLA VIÐ FLOTBRYGGJUNA** Björgunarskipið Oddur V. Gíslason er það fjórða sem ber þetta nafn. Báturinn er í raun fljótandi sjúkrabíll og er meðal annars útbúinn súrefnisþjöppu

# FÍB stækkar þjónustusvæði

Sjóvá og FÍB hafa gert með sér samkomulag um að FÍB-Aðstoð veiti þeim viðskiptavinum Sjóvár sem eru í Stofni, aðstoð ef bifreiðar þeirra bila eða hefta för þeirra á einhvern hátt. Í tilefni 90 ára afmælis Sjóvár í ár verður þjónustan ókeypis út árið 2008. Með þessu samkomulagi bætast enn fleiri viðskiptavinir við þjónustu FÍB-Aðstoðar og stefnt er að því að stækka þjónustusvæðið enn frekar að því er fram kemur í fréttatilkynningu frá félaginu. Reykjanesbær mun bætast við í upphafi árs en þjónustan er nú þegar í boði á öllu höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og Selfossi.

Samkvæmt athugunum Sjóvár hafa viðskiptavinir félagsins mikinn áhuga á því að félagið bjóði þeim aðstoð ef bifreiðar þeirra bila í umferðinni. Með þessari nýju þjónustu fetar Sjóvá í svipaða átt og erlend tryggingafélög sem hafa í auknum mæli boðið þessa þjónustu fyrir sína viðskiptavini. Eftirfarandi aðstoð fæst: Rafmagn, ef bíllinn er straumlaus; bensín, ef bíllinn er bensínlaus, þá fæst aðstoð og brúsi með fimm lítrum af bensíni eða olíu til að komast á næstu bensínstöð; dekk, ef springur og dekkjaskipti eru vandamál, til dæmis ef vantar tjakk eða felgulykil kemur Aðstoðin til hjálpar við að skipta; verkstæði og ef eitthvað er að sem ekki er hægt að kippa í lag á staðnum, er hringt á dráttarbíl eða verkstæði að ósk viðskiptavinar.



**AÐSTOÐ Í NEYÐ** Sjóvá býður nú viðskiptavinum upp á vegþjónustu í samstarfi við FÍB og er hún ókeypis út árið 2008 vegna 90 ára afmæli Sjóvár.

## AFMÆLI



**Baltasar Samper** listmálari 70 ára.



**Sean Lennon** tónlistarmaður 33 ára.



**Joey Lauren Adams** leikkona 40 ára.



**Joely Richardson** leikkona er 43 ára.

---



*Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Magnús Ásmundsson**

Hjúkrunarheimilinu Sóltúni,
áður að Bústaðavegi 83,

lést á heimili sínu, Sóltúni, föstudaginn 4. janúar. Útförin fer fram frá Grensáskirkju föstudaginn 11. janúar kl. 13.00.

**Ásmundur Magnússon**
**Auður Magnúsdóttir** **Halldór Kristiansen**
**Stefanía Júlíusdóttir**
**Sigurður Jónsson**
**Magnús Ásmundsson**
**Hrefna Ásmundsdóttir**
**Einar Halldórsson**
**Davíð Einarsson**
**Gabríel Aron og Mikael Máni Sigurðarsynir.**

---



*Ástkæra mamma, tengdamamma, amma og langamma,*

**Jóhanna Eiríksdóttir**

Sólvallagötu 72, Reykjavík,

verður jarðsungin frá Fríkirkjunni í Hafnarfirði fimmtudaginn 10. janúar kl. 15.00. Blóm og kransar afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hennar er bent á Minningarsjóð Sjómannadagsins, Hrafnistu í Reykjavík.

**Jón Boði Björnsson**
**Hrefna Ragnarsdóttir** **Sigurður Gíslason**
**Sif Ólafsdóttir**
**börn og barnabörn.**

---



*Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi, langafi og langalangafi,*

**Friðþjófur Hraundal**

fv. rafmagnseftirlitsmaður, Gljúfraseli 13,
áður Kársnesbraut 78, Kópavogi,

sem lést 1. janúar sl. verður jarðsunginn frá Bústaðakirkju fimmtudaginn 10. janúar nk. kl. 11.00.

**Guðmundur Antonsson** **Sigríður Kristjánsdóttir**
**Ómar Friðþjófsson** **Sigurbjörg Þórmundsdóttir**
**Friðþjófur Friðþjófsson** **Hrafnhildur I. Halldórsdóttir**
**Berglind Friðþjófsdóttir** **Stefán Högnason**
**barnabörn, barnabarnabörn og barnabarnabarnabörn.**

---



*Okkar ástkæri,*

**Helgi S. Jóhannsson**

skipstjóri,

sem lést 25. desember af slysförum, verður jarðsunginn frá Víðistaðakirkju fimmtudaginn 10. janúar kl. 13.00.

**Kristín S. Þórhallsdóttir**
**Soffía Helgadóttir** **Reynir Kristjánsson**
**Þórhallur Helgason** **Pálína Hildur Ísaksdóttir**
**Elva Rut Helgadóttir**
**Sunna Björg Helgadóttir** **Geir Birgisson**
**og barnabörn.**

---



*Þökkum samúð og hlýhug við andlát og útför elskulegrar móður, ömmu og langömmu okkar,*

**Ingibjargar Svövu Guðjónsdóttur**

Skálagerði 9.

**Fyrir hönd aðstandenda,**

**Guðný G. Kristjánsdóttir**

---



*Ástkær sonur okkar, bróðir, mágur og frændi,*

**Jón Gíslason**

Hraunbæ 42, Reykjavík,

andaðist á heimili sínu þriðjudaginn 1. janúar. Útförin fer fram frá Hjallakirkju í Kópavogi, föstudaginn 11. janúar, kl. 13.00.

**Ingunn Jónsdóttir** **Eggert Bergsson**
**Bergdís I. Eggertsdóttir** **Grettir Sigurðarson**
**Pálína S. Eggertsdóttir** **Nikulás K. Jónsson**
**Sonja Eggertsdóttir**
**Hlynur Eggertsson**
**systkinabörn og aðrir aðstandendur.**

---



*Ástkær eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Guðmundur Gíslason**

frá Seyðisfirði, Fífuhjalla 11, Kópavogi,

lést á hjúkrunarheimilinu Sunnuhlíð miðvikudaginn 2. janúar. Útförin fer fram frá Hjallakirkju fimmtudaginn 10. janúar kl. 15.00. Blóm og kransar eru vinsamlega afþakkaðir, en þeim sem vildu minnast hans er bent á að láta Alzheimerfélagið njóta þess.

**Jónhildur Friðriksdóttir**
**Guðrún Valdís Guðmundsdóttir** **Valdimar Örn Karlsson**
**Friðrik Guðmundsson** **Guðný Árnadóttir**
**Valur Guðmundsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



*Okkar ástkæri,*

**Eyjólfur Jónsson**

Rauðagerði 22, Reykjavík,

lést á heimili sínu í Adelaide í Ástralíu þann 29. nóvember sl. Minningarathöfn verður í Bústaðakirkju föstudaginn 11. janúar nk. kl. 13.00. Blóm vinsamlegast afþökkuð en þeir sem vilja minnast hans er bent á Líknar- og hjálparsjóð Landssambands lögreglumanna.

**Mary Pilgrim**
**Berglind Eyjólfsdóttir** **Kolbeinn R. Kristjánsson**
**Katrín Dagmar Jónsdóttir**
**Eyjólfur Jónsson**

---



*Hjartans þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð og hlýhug við veikindi, andlát og útför elskulegs eiginmanns míns, föður, tengdaföður, afa og langafa,*

**Lárusar Gunnólfssonar**

skipstjóra, Tröllateigi 20, Mosfellsbæ.

Sérstakar þakkir færum við Heimahlynningu LSH fyrir einstaka nærgætni og fagmennsku í sínu starfi.

**Guðríður Bjarnadóttir**
**Gunnólfur Lárusson** **Unnur Lilja Elíasdóttir**
**Örnólfur Lárusson** **Linda S. Aðalbjörnsdóttir**
**Bjarnólfur Lárusson** **Þóra Björg Clausen**
**afabörn og langafabarn.**

# Þjóðleikhúsið um helgina

ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ

Afgreiðsla miðasölu á Hverfisgötu er opin frá kl. 12.30–18.00 mán. og þri. Aðra daga frá kl. 12.30–20.00. Símapantanir frá kl. 10.00 virka daga.

Miðasala í síma 551 1200 og á www.leikhusid.is













## STUÐ MILLI STRÍÐA Gæsir á floti

**SUNNA DÍS MÁSDÓTTIR** GERIR KLISJUR AÐ LEIÐARLJÓSI SÍNU



Fróður maður sagði mér eitt sinn, þar sem ég sat í tíma á niðdimmu þriðjudagseftirmiðdegi, að klisjur væru klisjur af því að þær virkuðu. Þessi spakmæli féllu af vörum hans í ritlistartíma, þar sem við nemendurnir gerðum okkar besta til að skila af okkur framúrskarandi óvenjulegum, skapandi og áhugaverðum textum í hverri viku – með misjöfnum árangri. Mín eigin mappa er ágætis dæmi um það. Þó að ég hafi mörgu gleymt úr þessum tímum, eins og allri minni skólagöngu, situr þetta sannleikskorn enn í mér. Klisjur eru klisjur af því að þær eru ofnotaðar. Þær eru ofnotaðar af því að þær virka.

Ég hef ákveðið að reyna að haga þessu ári sem nú er rétt hafið eftir boðskap klisjanna. Þetta framkallar kannski hroll hjá einhverjum, hreinræktaðan aulahroll hjá öðrum og mögulega uppköst hjá þeim klisjufælnustu. Mér er alveg sama.

Mitt leiðarljós verður að fljóta með flæðinu (ólöguleg þýðing á að go with the flow). Ég hef hingað til þrjóskast við að reyna að skipuleggja mig og vera skynsöm, og það þrátt fyrir að það virðist vera andstætt eðli mínu. Ég get svo svarið það, ónæmiskerfi mitt kemst í uppnám við það eitt að taka fram dagatalið. Hvað um það, ég ætla að hætta að rembast eins og rjúpa við þann staur og leyfa því að verða sem vill. Komin með klígju? Nei, ég held þá áfram.

Á meðan ég flýt með flæðinu ætla ég hins vegar líka að stinga hausnum upp af og til og grípa þær gæsir sem gefast. Ó já. Gæsirnar eru allt um kring, ef maður bara lítur upp af og til. Það er til dæmis krökkt af þeim í kringum æðstu menntastofnun landsins, svo hver veit nema ég grípi eina slíka.

Árið mitt verður þess vegna, ef allt fer að óskum, ansi hreint flæðandi og fullt af gæsum, sem ætti að gera einhverja veiðimenn öfundsjúka. Þið sem hafið fengið bakflæði af hryllingi yfir þessu – takið töflu. Eða prófið klisjurnar. Þær virka. Ég lofa því.

## myndasögur

### Pondus
Eftir Frode Øverli




### Gelgjan
Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### Handan við hornið
Eftir Tony Lopes




### Kjölturakkar
Eftir Patrick McDonnell




### Barnalán
Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



# Gestakoma í skoðun


**LEIKLIST** Guðjón Pedersen leikhússtjóri

Símon Birgisson leiklistarnemi heldur því fram á bloggsíðu sinni að fyrirhuguð heimsókn Schaubuhne-leikhússins í Berlin til Íslands sé í uppnámi og hafi Leikfélag Reykjavíkur afboðað leikför flokksins hingað en til stóð að hann sýndi Draum á Jónsmessunótt á Listahátíð. Fréttablaðið hafði samband við Guðjón Pedersen sem sagði heimsóknina í skoðun en henni væri ekki aflýst. Miklar annir væru í Borgarleikhúsinu á komandi mánuðum og væri tímasetning heimsóknarinnar meðal annars til skoðunar. Aðsókn er mikil á sýningar í húsinu, en sviðsetning Thomasar Ostermeyer sem er einn virtasti leikstjóri Evrópu um þessar mundir er mikil að umbúnaði: „Þetta er svona álíka að umfangi og sýningar Pinu Bausch en búnaður vegna þeirra fyllti tvo gáma,“ segir Guðjón. Hann segir margt koma til álíta við heimsóknina hingað en allt sé í skoðun.

Sjálfur er Guðjón á förum til Svíþjóðar þar sem hann mun setja á svið Ofviðrið eftir Shakespeare í Málmey. Er frumsýning áætluð um miðjan mars en þá kemur hann hingað aftur til að setja Kirsuberjagarðinn á svið fyrir Leikfélag Reykjavíkur. Guðjón lætur af störfum sem leikhússtjóri Leikfélags Reykjavíkur í haust en eftirmaður hans verður ráðinn fljótlega. Borgarleikhúsið verður lokað í sumar vegna viðgerða á sætum í aðalsal en skipt verður um bak og setu í öllum salnum. Annast þá framkvæmd erlendir aðilar.

**- pbb**

# Villatzon syngur á ný

Mexíkóski stórsöngvarinn Rolando Villatzon kom fram á laugardagskvöld í Vínaróperunni og söng í fyrsta sinn hlutverk Werthers í samnefndri óperu Massanets á móti Charlotte Koch. Stjörnutenórinn missti á liðnu sumri röddina og hefur haft hægt um sig síðan. Óttuðust margir að þessi glæsilegi söngvari og kraftmikli leikari ætti ekki afturkvæmt á svið, en fullt hús í Vínaróperunni tók honum fagnandi á laugardag og samkvæmt fréttum var Rolando ekki síður glaður: langvarandi veikindi og erfiðleikar með rödd geta lagst á sálina á söngvurum. Fram undan eru fleiri sýningar á Werther og í sumar er hann bókaður í Salzburg til að syngja Róméó á móti Önnu Netrebko sem Júlíu í óperu Gounoud um elskendurna feigu, en þau vöktu alþjóðlega athygli fyrir glæsilega frammistöðu sína í La Traviata fyrir tveimur árum á sama stað.

**- pbb**

# Ungir einleikarar láta ljós sitt skína annað kvöld

**Fjórir ungir tónlistarnemendur munu stíga á svið með Sinfóníuhljómsveit Íslands annað kvöld. Ungmennin fjögur urðu hlutskörpust í forkeppni sem hljómsveitin og Listaháskóli Íslands stóðu fyrir. Þrjú þeirra stunda nám við tónlistardeild LHÍ, en ein kemur alla leið frá Tónlistarháskólanum í München.**


**STJÖRNUR FRAMTÍÐAR** Einleikararnir ungu sem koma fram með Sinfóníuhljómsveit Íslands annað kvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT ÍSLANDS

Einleikararnir eru þau Theresa Bokany og J. Páll Palomares fiðluleikarar, klarinettuleikarinn Arngunnur Árnadóttir og Hákon Bjarnason píanóleikari. Á efnisskránni eru fiðlukonsertar eftir Wieniawski og Sibelius, píanókonsert eftir Prókofíev og Premiére Rhapsodie fyrir klarinett og hljómsveit eftir Debussy. Stjórnandi á tónleikunum er Kristofer Wahlander.

Tónleikar Sinfóníuhljómsveitarinnar með ungum einleikurum er árviss viðburður sem ávallt hefur gefið góða raun. Atli Heimir Ingólfsson, tónlistarstjóri Sinfóníunnar, segir hugmyndina að baki tónleikunum vera þá að gefa ungu tónlistarfólki tækifæri til að koma fram með atvinnutónlistarfólki. „Árin á milli fimmtán ára og rúmlega tvítugs er ákaflega mikilvægur tími í menntun tónlistarfólks og það er á þessum árum sem fólk tekur ákvörðun um hversu mikil alvara þeim er með tónlistarnáminu. Við hjá Sinfóníunni reynum að veita tónlistarnemum hvatningu til þess að æfa sig og taka tónlistina alvarlega með því að bjóða upp á þennan möguleika.“

Sinfónían hefur staðið fyrir tónleikum af þessu tagi í mörg ár og hafa sumir af okkar fremstu klassísku tónlistarmönnum tekið sín fyrstu skref á sviðinu í Háskólabíói. Má þar nefna Sigrúnu Eðvaldsdóttur, Elfu Rún Kristinsdóttur og Víking Heiðar Ólafsson. „Þetta er auðvitað mjög spennandi reynsla fyrir þessa krakka. Það eru gerðar miklar kröfur til þeirra og þau verða að standa sig, en þau gera það líka alltaf. Meðan á leik þeirra stendur finnur maður áþreifanlega fyrir bylgju af velvild í garð þeirra, bæði frá áhorfendum og frá hljómsveitinni. Því má með sanni segja að það ríki ávallt mjög góður andi á þessum tónleikum,“ segir Árni Heimir.

Tónleikarnir, sem fara fram í Háskólabíói annað kvöld og hefjast kl. 19.30, eru því kjörið tækifæri til að kynnast þessu unga tónlistarfólki sem væntanlega verður áberandi í tónlistarlífi framtíðarinnar.

**vigdis@frettabladid.is**


LÚXUS | Glæsilegt úrval lúxusbíla
Komdu núna í **Bílaland B&L** og kynntu þér kostina


**LAND ROVER - RANGE ROVER**
Nýskr: 02/2007, Supercharged Vogue
4200cc, 400 hestöfl
5 dyra, Sjálfskiptur, Svartur
Ekinn 16.000 þ.
**Verð kr. 14.500.000**


**LAND ROVER - RANGE ROVER**
Nýskr: 12/2006, V8 diesel Vogue
3600cc 282 hestöfl
5 dyra, Sjálfskiptur, Grár
Ekinn 25.000 þ.
**Verð kr. 11.100.000**


**LAND ROVER - DISCOVERY 3**
Nýskr: 03/2007, Windsor HSE
2700cc diesel
5 dyra, Sjálfskiptur, Ljósbrúnn
Ekinn 21.000 þ.
**Verð kr. 7.800.000**


**BMW 520 diesel**
Nýskr: 07/2007, 2000cc
4 dyra, Sjálfskiptur, Grár
Ekinn 10.000 þ.
**Verð kr. 5.700.000**

Opið virka daga frá kl. 10 til 18 og á laugardögum frá kl. 12 til 16.
Bílaland B&L, Grjóthálsi 1 - 110 Reykjavík - 575 1230 - luxusbilar@bilaland.is.

bílaland B&L notaðir bílar
**bilaland.is**
**575 1230**

## > ENDURVINNANLEG TÍSKA

Marc Jacobs, Stella McCartney, Burberry, Calvin Klein og Versace eru á meðal hönnuða sem munu taka þátt í sérstakri tískusýningu í lok mánaðar. Hver hönnuður mun sýna eitt sköpunarverk, og á að leggja áherslu á endurvinnanleg efni og aðferðir sem ekki menga. Sýningin mun ýta tískuvikunni í New York úr vör.



# Fólk

folk@frettabladid.is

# Svín skárri en J.Lo

Mariah Carey hefur vísað orðrómi þess efnis að hún hyggi á samstarf við Jennifer Lopez alfarið á bug, og segir að það myndi „aldrei gerast“. Aðspurð um mögulegan samsöng þeirra, í viðtali við stjórnanda skemmtiþáttarins Inside Hollywood, sagði söngkonan að hún „myndi heldur vera á sviði með svíni. Dúett með mér og Jennifer Lopez verður aldrei að veruleika.“

Það er vart hægt að segja að það hafi verið hlýtt á milli söngkvennanna tveggja í gegnum tíðina. Sá kuldi í samskiptum þeirra á rætur að rekja til ársins 2001, þegar Jennifer notaði stef úr tveimur lögum Mariuh úr myndinni Glitter, til að búa til tvær útgáfur af laginu I'm Real, af plötunni J-Lo.



**SYNGUR FREKAR MEÐ SVÍNI** Mariah Carey útilokar að hún og Jennifer Lopez syngi saman dúett, en það hefur andað frekar köldu á milli söngkvennanna á síðustu árum.

# Kidman á von á barni

Óskarsverðlaunaleikkonan Nicole Kidman á von á barni með eiginmanni sínum, sveitasöngvaranum Keith Urban. Kidman, sem er fertug, á tvö börn fyrir sem hún ættleiddi með fyrrverandi eiginmanni sínum Tom Cruise. Í fyrra viðurkenndi hún að hafa misst fóstur tvívegis á meðan á tíu ára hjónabandi þeirra stóð.

Kidman, sem fékk Óskarinn árið 2003 fyrir myndina The Hours, giftist Urban árið 2006. Í viðtali í fyrra sagðist hún endilega vilja eignast barn með Urban. „Það kemur í ljós. Það er í höndum guðs,“ sagði hún.

# Fær aldrei að kyssa konu

Leikarinn Stephen Fry er orðinn þreyttur á því að vera alltaf látinn leika samkynhneigða eða einhleypa menn. „Af því að allir vita að ég er hommi þá virðist vera erfitt fyrir fólk að sannfærast ef ég á í ástarsambandi við konu í bíómynd eða sjónvarpsþætti,“ sagði Fry.



**STEPHEN FRY**

Honum finnst einnig undarlegt að gagnkynhneigðum leikurum sé ávallt hrósað fyrir að leika samkynhneigða. „Fólk segir: „En hvað þú varst hugrakkur“. Hvers vegna ætti það að vera eitthvað erfitt fyrir mann að kyssa annan mann?“ sagði hann.

# Umslagið í níunda sæti

**Umslag plötu Bjarkar Guðmundsdóttur, Volta, var það níunda flottasta á síðasta ári samkvæmt lesendum bandaríska tónlistartímaritsins Rolling Stone.**



**Í efsta sæti var umslagið við plötu Arcade Fire, Neon Bible, og númer tvö var Sky Blue Sky með Wilco. Í þriðja sætinu var platan Year Zero með Nine Inch Nails. Á meðal hljómsveita sem voru á eftir Björk á listanum eru Smashing Pumpkins, Interpol, White Stripes og Mika.**

**Myndband við lag Bjarkar, Declare Independence, var jafnframt valið sautjánda besta myndband ársins af lesendum tímaritsins.**

# Hollywood-stjörnur leika Íslendinga

**Ef allt gengur að óskum verður kvikmynd Ridleys Scott um leiðtogafundinn í Höfða tekin upp hér á landi. Og í hinum fullkomna heimi verða Hollywood-stjörnur í hlutverki Íslendinga sem léku stórt hlutverk á meðan á þessum sögulega fundi stóð. Freyr Gígja Gunnarsson beitti hávísindalegum aðferðum við að aðstoða Scott og félaga hans í að finna hentuga leikara fyrir íslensku þjóðhetjurnar.**

Með forritinu My Heritage er hægt að finna með nákvæmum útreikningum hvaða tvífara hver á. Með gömlum myndum úr ljósmyndasafni Fréttablaðsins var unnt að leggja mat á hvaða leikarar hentuðu best í hlutverk Íslendinganna. Þegar hefur verið nefnt að Warren Beatty leiki Ronald Reagan og Anthony Hopkins verði Gorbatsjov. Með hliðsjón af því má fastlega gera ráð fyrir að engu síðri stórstjörnur verði í hlutverkum Íslendinganna sem léku stórt hlutverk á meðan á leiðtogafundinum stóð.

„Á bak við þessar luktu dyr...“, setning sem er mörgum enn í fersku minni, sagði hinn ungi sjónvarpsfréttamaður Hallur Hallsson þar sem hann stóð fyrir utan Höfða, mitt á meðal helstu fréttastofa heims, á meðan Ronald Reagan og Mikhail Gorbatsjov sátu á rökstólum og reyndu að binda enda á kalda stríðið. Þjóðin stóð á öndinni, beið eftir því að eitthvað gerðist og á meðan þurfti Hallur ásamt félögum sínum á RÚV að lýsa því sem fyrir augu bar. Var hurðarhúninn á Höfða að hreyfast? Skyldi friður komast á með þessum fjandmönnum sem héldu heimsbyggðinni í heljargreipum?

Hallur man vel eftir þessum tíma en hann var þá nýbyrjaður á fréttastofu Sjónvarpsins. „Mér líst bara vel á þessa hugmynd Scotts enda er þetta sögulegur fundur,“ segir Hallur en bætir því við að þetta hafi nú ekki verið í fyrsta skipti sem augu alheimsins beindust að Íslandi. Menn skyldu ekki gleyma glímu Spasskís og Fischers um heimsmeistaratitilinn í skák fjórtán árum áður í Laugardalshöllinni. „En þarna voru þungavigtarmennirnir sjálfir mættir og það vakti að sjálfsögðu gríðarlega athygli,“ segir Hallur.





**COSTNER OG ÖGMUNDUR** Þingmaður Vinstri grænna var einn örfárra fréttamanna sem lögðu leið sína upp á flugvöll þegar Gorbatsjov mætti til landsins. Og það skyldi ekki koma neinum á óvart ef Kevin Costner fengi að bregða sér í hlutverk íslenska sjónvarpsmannsins.





**IDLE OG HALLUR** Þrátt fyrir að vera að lýsa einhverjum merkasta viðburði í Íslandssögunni tókst Halli alltaf að hafa létt yfirbragð yfir fréttum sínum frá Höfða. Breski húmoristinn Eric Idle, kunnastur fyrir störf sín með Monthy Python, er samkvæmt My Heritage líkastur Halli og eflaust einn örfárra sem gætu sett setninguna „Behind these closed doors...“ að sinni. Kannski er þarna líka kominn titillinn á myndina.





**HACKMAN OG INGVI HRAFN** Hið hörkulega útlit Ingva hefur síður en svo elst af honum og því leikur ekki nokkur vafi á að eðalnaglinn Gene Hackman væri ákaflega heppilegur í hlutverk íslenska fréttastjórans.





**VIGDÍS OG NAOMI WATTS** Glæsileiki Vigdísar Finnbogadóttur þegar hún rölti með Ronald Reagan vakti mikla athygli. Naomi Watts þykir samkvæmt My Heritage líklegust til að hreppa hnossið.





**WILSON OG STEINGRÍMUR** Hið hæfilega kærulausa fas forsætisráðherrans Steingríms Hermannssonar kom erlendum fréttamönnum skemmtilega á óvart. Og því er ekki að undra að tvífaraforritið skuli velja Owen Wilson í hlutverk Denna.






# Svekktur yfir Golden Globe

Hætt hefur verið við Golden Globe-verðlaunahátíðina vegna verkfalls handritshöfunda í Bandaríkjunum. Þess í stað verður haldinn klukkutímalangur blaðamannafundur þar sem nöfn sigurvegaranna verða lesin upp.

Útvarpsmaðurinn Ívar Guðmundsson hefur lýst hátíðinni undanfarin ár á Stöð 2 og er vitaskuld afar svekktur yfir tíðindunum. „Maður var búinn að gíra sig upp í næturvakt 13. janúar en ætli maður verði ekki bara að fylgjast með fréttamannafundinum,“ segir Ívar, sem hefur einnig lýst Óskarsverðlaununum undanfarin ár. „Þetta er miklu léttari hátíð en Óskarinn og skemmtilegri að því leytinu til að þarna kemur bæði sjónvarps- og kvikmyndaliðið saman. Síðan er það spurning hvort þetta teygist í Óskarinn. Þetta er allt komið í tóman hnút,“ segir hann. „Þetta sýnir samt styrkleika þessa félags handritshöfunda í Bandaríkjunum. Þeir hafa gríðarleg ítök.“

Fjölmargir leikarar í Hollywood höfðu heitið því að sniðganga verðlaunahátíðina ef hún færi fram auk þess sem sjónvarpsstöðvar ætluðu ekki að sýna frá henni. Þrátt fyrir að einungis verði haldinn blaðamannafundur hafa samtök handritshöfunda einnig hvatt stjörnur Hollywood til að sniðganga hann. Verður George Clooney á meðal þeirra sem ætla að sýna stuðning sinn í verki. **- fb**



**GEORGE CLOONEY** Hjartaknúsarinn ætlar að sniðganga blaðamannafundinn sem haldinn á sunnudag.



**ÍVAR GUÐMUNDSSON** Útvarpsmaðurinn knái er ósáttur við það að hætt hafi verið við Golden Globe-verðlaunahátíðina.

# TÖLVUNÁM á vorönn 2008



## Innritun hafin

Computer and office courses
for beginners and advanced users

**María Björk Guðmundsdóttir**
**Skrifstofustjóri Hive á Akureyri**



„Tölvu- og skrifstofunámið hjá Tölvuskólanum Þekkingu var fróðlegt, fjölbreytt, skemmtilegt og umfram allt mjög gagnlegt.
Ég var í vinnu samhliða náminu og strax í byrjun gat ég nýtt mér þekkingu úr skólanum í starfi mínu. Kennararnir voru líka alveg frábærir og skiluðu sínu í tímum og því var ekki mikið um heimanám. Góður skóli, gott starfsfólk, góð menntun."

## STARFSNÁM OG VIÐSKIPTI

### Tölvu- og skrifstofunám
Sérlega viðamikið og hagnýtt nám í takt við þarfir markaðarins, nám sem hentar fólki á öllum aldri, hvort sem það er á leiðinni út á vinnumarkaðinn að nýju eða vill skapa sér sterkari stöðu á vinnumarkaði með aukinni menntun. Hentar einnig vel sjálfstætt starfandi atvinnurekendum sem vilja vera sem mest sjálfbjarga í allri tölvuvinnu og við bókhaldið.
Að námi loknu eiga þátttakendur að geta unnið sjálfstætt við öll almenn skrifstofustörf og sem öflugir tölvunotendur í öllum helstu skrifstofuforritunum, sem ritarar eða í bókhaldi.
Kennd er ein námsgrein í senn sem lýkur með prófi eða verkefni, tölvugreinunum lýkur flestum með alþjóðlegri prófgráðu.

**Tölvugreinar:**
Windows XP tölvugrunnur og skjalavarsla, Word, Excel, Internetið, MSN og Outlook tölvupóstur, dagbók og skipulag.

**Margmiðlun:**
PowerPoint glærukynningar, Stafrænar myndavélar og stafrænar myndir í tölvu, tónlist í tölvunni og spilurum, brennsla CD og DVD diska.

**Persónuleg færni:**
Tjáning og framkoma, atvinnuumsóknir, atvinnuviðtöl og ferilskrár, sölutækni og markaðsmál. Verslunarbréf, íslensk og ensk.

**Viðskiptagreinar:**
Verslunarreikningur, VSK meðferð og reglur, bókhald, tölvubókhald í Navision og tollskýrslur.

Hefst 28. janúar. Kennt er þrisvar í viku og er boðið upp á morgun og kvöldhópa. Sjá stundaskrá á heimasíðu skólans.
Lengd: 260 std. - Námið er metið til eininga. Verð: 199.000,-

### Tölvu- og bókhaldsnám
200 stundir Verð kr. 153.000,- Morgun og kvöldnámskeið.
Hefst 28. janúar á Akureyri og 7. febrúar í Reykjavík.

### Tollskýrslugerð
21 stund. Verð kr. 28.000,- Hefst 16. janúar.

### Bókhald 1
Hagnýtt 100 std. Bókhaldsnámskeið fyrir byrjendur í bókhaldi. Verslunarreikningur, VSK, bókhaldsgrunnur og tölvubókhald í Navision. Hefst 3. mars. Verð kr. 94.000,-
Morgun- og kvöldhópar.

### Bókhald 2
32 std hagnýtt framhaldsnámskeið. Hentar þeim sem lokið hafa bókhaldsgrunni eða hafa bókhaldsreynslu. Fjárhagsbókhald upprifjun og framhald, VSK uppgjör og leiðréttingarskýrslur, launabókhald, launamiðar, launaframtal og skil til skatts. Afstemmingar og skil á bókhaldi til endurskoðenda ásamt lestri ársreikninga.
Verð kr. 36.000

## ALMENN TÖLVUNÁMSKEIÐ

### Tölvunám byrjenda
Vinsælt námskeið ætlað fólki á öllum aldri sem hefur enga tölvukunnáttu. Á þessu námskeiði er allt tekið fyrir sem byrjandinn þarf til að komast vel af stað í notkun tölvu.
Kennt er þriðjudaga og fimmtudaga og er hægt að velja um morgun- eða kvöld námskeið. Hefst 31. janúar. Lengd 42 std. Verð kr. 32.900,-

### Almennt tölvunám
Sérstaklega hagnýtt námskeið fyrir þá sem komnir eru af byrjunarstiginu og eru að nota tölvu í vinnu eða heima. Tilvalið námskeið fyrir þá sem vilja auka öryggi sitt í allri tölvuvinnslu með aukinni þekkingu, hraða og færni.
Helstu kennslugreinar: Windows tölvugrunnur og skjalavarsla, Word, Excel, Internet og Outlook tölvupóstur.
Kennt er mánudaga og miðvikudaga og er hægt að velja um morgun- eða kvöld námskeið. Hefst 30. janúar. Lengd 63 std. Verð kr. 44.900,-

### ECDL tölvunám
Alþjóðlegt tölvunám hentar fólki á öllum aldri sem vill fá ítarlega þekkingu og þjálfun í öllum helstu tölvugreinunum og alþjóðlega vottun því til staðfestingar.
Helstu kennslugreinar: Windows, Word, Excel, Internet, Outlook og PowerPoint.
Kennt er þrisvar í viku og er hægt að velja um morgun- eða kvöldnámskeið.
Hefst 7. febrúar. Lengd: 84 std. Verð kr. 65.000,- (Bækur og próf innifalin).

## ÖNNUR NÁMSKEIÐ AÐ HEFJAST

### Grafísk hönnun
Photoshop – Illustrator – InDesign – PDF (örfá sæti laus).

### Vefsíðugerð I
Photoshop og Dreamweaver.

### Stafrænar myndavélar
- og meðferð stafrænna mynda í heimilistölvunni.

### Illustrator
Fyrir byrjendur í teikningu og hönnun. Hefst 26. jan.

### Eldri borgarar 60+
30 kennslustunda byrjenda- og framhaldsnámskeið á góðu verði.

- Vefsíðugerð II
- Photoshop grunnur
- Photoshop ljósmyndun
- Myndbandavinnsla
- Excel grunnur og framhald
- Word grunnur og framhald
- Outlook
- Flash
- Office 2007
- MCSA
- MCP XP
- MCDST
- Windows 2003 Server
- Windows 2003 Network Infrastructure
- MS Exchange Server
- Navision

## VAKTAVINNUFÓLK

*Flest námskeið skólans geta hentað ykkur sérstaklega vel þar sem möguleiki er að skipta milli morgun- og kvöldtíma eftir vöktum án þess að missa úr.*

TÖLVUSKÓLINN ÞEKKING

REYKJAVÍK & AKUREYRI

FAXAFEN 10 | 108 REYKJAVÍK | GLERÁRGATA 36 | 600 AKUREYRI | WWW.TSK.IS | SKOLI@TSK.IS | SÍMI: 544 2210

NÝTT Í BÍÓ!




SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000 — AUKAKRÓNUR 5%

| | | |
|---|---|---|
| THE NANNY DIARIES | kl. 5.40 - 8 - 10.20 | |
| THE GOLDEN COMPASS | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | 10 |
| THE GOLDEN COMPASS LÚXUS | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | |
| ALVIN & ÍKORNARNIR | kl. 4 - 6 ÍSLENSKT TAL | |
| ALVIN & ÍKORNARNIR | kl. 8 - 10 ENSKT TAL | |
| HITMAN | kl. 8 - 10.10 | 16 |
| DUGGHOLUFÓLKIÐ | kl. 4 - 6 | 7 |

REGNBOGINN SÍMI 551 9000 — 450 kr. í bíó! Gildir á allar sýningar í Regnboganum merktar með rauðu

| | | |
|---|---|---|
| I'M NOT THERE | kl. 6 - 9 ótextuð | 12 |
| THE GOLDEN COMPASS | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | 10 |
| WE OWN THE NIGHT | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | 16 |
| RUN FAT BOY RUN | kl. 8 - 10.10 | |
| DAN IN REAL LIFE | kl. 5.45 | |

AUKAKRÓNUR 5%

HÁSKÓLABÍÓ SÍMI 530 1919

| | | |
|---|---|---|
| THE NANNY DIARIES | kl. 5.40 - 8 - 10.20 | |
| THE GOLDEN COMPASS | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | 10 |
| I AM LEGEND | kl. 5.40 - 8 - 10.20 | 16 |
| WE OWN THE NIGHT | kl. 8 - 10.30 | 16 |
| DUGGHOLUFÓLKIÐ | kl. v6 | 7 |

AUKAKRÓNUR 5%

Borgarbíó SÍMI 462 3500

| | | |
|---|---|---|
| THE NANNY DIARIES | kl. 8 - 10 | |
| THE GOLDEN COMPASS | kl. 8 - 10.10 | 10 |
| ALVIN & ÍKORNARNIR | kl. 6 ÍSL TAL | |
| DUGGHOLUFÓLKIÐ | kl. 6 | 7 |

AUKAKRÓNUR 5%

AUKAKRÓNUR — FÆRÐ 5% ENDURGREITT EF ÞÚ BORGAR BÍÓMIÐANN MEÐ KREDITKORTI TENGDU AUKAKRÓNUM! — AUKAKRÓNUR

SAMbio.is SAMBÍÓIN
REYKJAVÍK • AKUREYRI • KEFLAVÍK • SELFOSS




SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | |
|---|---|---|
| NAT. TREASURE 2 DIGITAL | kl. 5:30 - 8D - 10:40D | 12 |
| NAT. TREASURE 2 | kl. 8 - 10:40 | VIP |
| I AM LEGEND DIGITAL | kl. 5:30 - 8 - 10:30 | 14 |
| I AM LEGEND | kl. 5:30 | VIP |
| TÖFRAPRINSESSAN ÍSL TAL | kl. 5:30D | L |
| ENCHANTED M/- ENSK TAL | kl. 5:50 - 8:10 - 10:30 | L |
| BÝFLUGUMYNDIN M/- ÍSL TAL | kl. 5:30 | L |
| SIDNEY WHITE | kl. 8 | L |
| AMERICAN GANGSTER | kl. 10:40 | 16 |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI

| | | |
|---|---|---|
| NAT. TREASURE 2 | kl. 8D - 10:40D | 12 |
| I AM LEGEND | kl. 8D - 10:10D | 14 |
| TÖFRAPRINSESSAN ÍSL TAL | kl. 5:50D | L |
| ENCHANTED M/- ENSK TAL | kl. 5:50 - 8 | L |
| FRED CLAUSE | kl. 10:10 | L |
| BEOWULF Síðustu sýningar | kl. 5:50(3D) | 12 |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| NATIONAL TREASURE 2 | kl. 8 - 10:20 | 12 |
| I AM LEGEND | kl. 8 - 10:20 | 14 |

SAMBÍÓIN KEFLAVÍK

| | | |
|---|---|---|
| NATIONAL TREASURE 2 | kl. 8 - 10:30 | 12 |
| THE GOLDEN COMPASS | kl. 8 | 10 |
| SAW IV | kl. 10:20 | 16 |

SAMBÍÓIN SELFOSS

| | | |
|---|---|---|
| NAT. TREASURE 2 | kl. 8 - 10:30 | 12 |
| I AM LEGEND | kl. 8 - 10 | 14 |

Nýtt í bíó — LAUGARÁSBÍÓ — Sími: 553 2075 - bara lúxus




LAUGARÁSBÍÓ - SÝNINGARTÍMAR

| | | |
|---|---|---|
| NATIONAL TREASURE 2 | kl. 5, 8 og 10.30 | 12 |
| THE GOLDEN COMPASS | kl. 8 og 10.15 | 10 |
| RUN FATBOY RUN | kl. 8 og 10 | L |
| ALVIN OG ÍKORNARNIR - ÍSL TAL | kl. 6 | L |


# Sprengjuhöllin á vínyl

Sprengjuhöllin var tvímælalaust spútnikband síðasta árs og sló í gegn með fyrstu plötunni sinni, Tímarnir okkar. Nú berast þær fréttir að hljómsveitin ætli að gefa plötuna út á vínyl, sem yrði þá fyrsta íslenska alvöru LP-platan síðan Ágætis byrjun Sigur Rósar kom út.

„Atli Bollason hljómborðsleikari er svo mikill vínyl-perri og hugmyndin er frá honum komin," segir Snorri Helgason, annar gítarleikari og söngvari Sprengjuhallarinnar. „Við höfum fengið „gó" frá Senu til að gera þetta og erum nú að skoða tilboð hjá alls konar plötuverksmiðjum í Evrópu. Við ætlum að borga plötuna úr eigin vasa. Tja, ætli þetta kosti ekki svipað og eitt ball."

Eflaust verður um takmarkað upplag að ræða, enda markaðurinn ekki stór. Margir munu gleðjast við þessar fréttir enda fleiri „vínyl-perrar" á landinu en Atli. Þeir allra hörðustu fullyrða að ekkert taki „vínyl-upplifuninni" fram og að hljómgæðin séu aldrei betri en af brakandi svörtu plastinu.



**SPRENGJUHÖLLIN ER GAMALDAGS** Gefur út LP-plötu.

Annars ætlar Sprengjuhöllin að hamra járnið meðan það er heitt og strákarnir stefna á að gefa út sína aðra plötu á árinu – „Við erum á leið í vinnubúðir," segir Snorri.

- glh

# Biðröð fyrir utan alla daga

**Það myndast oft biðraðir við búðir á Íslandi. Til dæmis þegar Toys R Us opnaði og þegar Just 4 Kids fór í verðstríð. Biðraðir á Íslandi eru þó ekki dag eftir dag allt árið um kring nema fyrir utan eina búð: Góða hirðinn við Fellsmúla. Áður en búðin er opnuð klukkan 12 á hádegi má alltaf sjá heillanga biðröð spenntra kaupenda fyrir utan. Fólk sem veit að fyrir innan má finna gullmola.**



FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

## BÍÐUM EFTIR FYRSTA FLATSKJÁNUM

**Róbert Örn Hjálmtýsson** í Góða hirðinum er oft gapandi hissa á því hverju fólk hendir. Hann segir starfsfólkið þó enn bíða þess að fyrsti flatskjárinn berist í hús. Við Góða hirðinn er biðröð á hverjum degi. Stundum bíða yfir hundrað manns þess að búðin opni klukkan 12 á hádegi. **Svavar Halldórsson** fréttamaður (hér að neðan til hægri) var að leita sér að magnara í Góða hirðinum í gær en fann ekki þann rétta.



„Ég hef stundum talið hve margir eru í röðinni og það hafa oft verið vel yfir 100 manns," segir Róbert Örn Hjálmtýsson, starfsmaður Góða hirðisins. „Við starfsfólkið mætum klukkan átta á morgnana til að setja nýjustu hlutina fram og svo gildir það algjörlega að fyrstur kemur fyrstur fær. Með batnandi afkomu þjóðarinnar batnar auðvitað úrvalið hér. Maður er oft gapandi hissa á því hverju fólk er að henda. Maður bara trúir því ekki. En nei, flatskjáir hafa ekki sést hérna ennþá. En alveg geðveikt mikið af venjulegum sjónvörpum. Við bíðum nú bara í ofvæni eftir fyrsta flatskjánum."

Þegar dyr Góða hirðisins ljúkast upp á slaginu tólf kemur fát á röðina. Það er æsingur í fólki þegar það hleypur inn. Næstum því slagsmál. Mesta kapphlaupið er í bækurnar og raftækin. Þarna er Svavar Halldórsson fréttamaður í leit að magnara. „Þegar ég kom síðast sögðu þeir mér að raftækin kæmu inn á þriðjudögum og fimmtudögum." segir hann og stikar að hillunum. Hann hefur þó ekki heppnina með sér í dag. „Ég sá einn magnara sem mér leist ágætlega á en það voru einhver undarleg plögg aftan á honum. Ég reyni síðar þegar ég verð í hverfinu á réttum tíma."

Róbert Örn segir verðin í Góða hirðinum fáránleg lág. „Þau verða að vera það til að við losnum pottþétt við dótið. Þetta er svoddan færiband, það kemur svo rosalega mikið inn, þetta tveir og upp í fimm troðfullir gámar á dag. Þar sem allur ágóði fer til góðgerðamála reynum við stundum að hækka verðið. Til dæmis kemur Megas stundum og við látum hann árita plöturnar sínar ef einhverjar eru til."

Róbert þvertekur fyrir að starfsmenn sitji að bestu bitunum. „Nei, maður þyrfti nú að eiga helvíti stóra íbúð til að geta staðið í slíku og okkur er þar að auki bannað að taka frá fyrir venslafólk. Sjálfur hef ég lítið keypt. Fékk mér ágætis plötuspilara um daginn og greip plötur með David Green og John Mayall þegar þær birtust í einum gámnum."

Róbert segir hálfgerða smábæjarrómantík ríkja í Góða hirðinum. „Það er mikið sama fólkið sem kemur og margir eru hér meira og minna allan daginn. Sitja kannski og fá sér kaffi og vakta hillurnar með smáótinu. Eru svo snöggir að bregðast við þegar eitthvað fínt kemur, listmunir eftir Guðmund frá Miðdal og svoleiðis."

gunnarh@frettabladid.is



**SYSTKININ DANÍEL ÞÓR KNÚTSSON OG ALMA KAREN KNÚTSDÓTTIR.**



**BJÖRK DAVÍÐSDÓTTIR MEÐ AFA SÍNUM MAGNÚSI KJARTANSSYNI**

# Ungir leikarar spreyttu sig

Vesturport og Leikfélag Reykjavíkur stóðu fyrir áheyrnarprufum fyrir uppfærslu sína á leikritinu Tillsammans í Borgarleikhúsinu á mánudag. Leitað var að ungum leikurum á aldrinum 8-12 ára og miðað við mætingu fer leiklistaráhuginn síst dvínandi hjá ungu kynslóðinni.



**EMILÍANA BIRTA HJARTARDÓTTIR**

FRÉTTABLAÐIÐ/AUÐUNN

# NÝTT DANSAFL Á NÝJU ÁRI!

– fylgstu með á dancecenter.is




# Dansfestival 2008

**SJÓÐHEITIR DANSÍTMAR** hjá dómurum og danshöfundum
So You Think You Can Dance?

## Shane Sparks og Dan Karaty í febrúar!

Föstudaginn 15. og laugardaginn 16. febrúar í íþrótta- og sýningarhöllinni í Laugardal

**100% skemmtun lofað!!!** - námskeiðin eru fyrir alla!

**Tryggðu þér sæti og skráðu þig strax!**
Seinast var **UPPSELT** og komust færri að en vildu

Skráning fer fram á www.dancecenter.is. Nánari upplýsingar fást með því að senda fyrirspurn á info@dancecenter.is, eða hjá Nönnu Ósk Jónsdóttur í síma 861 5658.

DANSLIÐ
So You Think You Can Dance?
kemur sérstaklega á vegum:

DANCE CENTER REYKJAVÍK

**www.dancecenter.is**

DANSGLEÐI með:

2 skemmtilegri · KAUPÞING · ÍTR · OUTFITTERS NATION · Kristall plús GÓÐUR OG SVALANDI

> **Sverre bjartsýnn á framhaldið**

Sverre Andreas Jakobsson, leikmaður íslenska landsliðsins í handbolta, er allur að koma til eftir að hafa veikst illa á LK-mótinu í Danmörku. „Ég hef bara aldrei lent í öðru eins, en sem betur fer er ég allur að koma til núna og hef ekki kastað upp í einhverja tíu tíma,“ sagði Sverre feginn í samtali við Fréttablaðið í gær og kvaðst bjartsýnn á að geta tekið þátt í Evrópumótinu í handbolta. „Það hefur alla vega enginn útilokað það við mig og ég sé því enga ástæðu til að vera ekki bjartsýnn,“ sagði Sverre ákveðinn.



**sport**
sport@frettabladid.

HANDKNATTLEIKSKAPPINN SIGFÚS SIGURÐSSON: ER FARINN AÐ SKOÐA SÍN NÆSTU SKREF Í BOLTANUM

# *Langar að koma heim til Íslands næsta sumar*



Línutröllið Sigfús Sigurðsson spilar þessa dagana með Ademar Leon á Spáni. Samningur hans þar rennur út sumarið 2009 en hann vonast þó til þess að fá sig lausan í sumar þar sem hann vill koma heim.

„Mig langar að koma heim en ég veit ekki hvernig mér mun ganga að losna undan samningnum og í sannleika sagt er ég ekki mjög bjartsýnn á að það takist. Ég hef sagt að það væri voða gott ef ég kæmist heim næsta sumar en þeir tóku nú dræmt í það hjá mér,“ sagði Sigfús sem segir ástæðuna fyrir því að hann vilji koma heim sé 12 ára sonur hans.

„Mér líður mjög vel á Spáni, það er ekki málið en eftir langa dvöl erlendis er mann farið að langa að koma heim og þá helst út af stráknum sem ég eðlilega sakna mjög mikið,“ sagði Sigfús en færi hann þá í Val ef hann kæmi heim?

„Það er fullt af liðum hér heima sem eru að gera góða hluti en ég skoða þau mál bara í rólegheitum þegar þar að kemur,“ sagði Sigfús.

Sigfús fór í aðgerð á hné fyrir aðeins sex vikum og vantar því talsvert upp á leikformið enda lítið spilað síðan í nóvember.

„Það þurfti að gera talsvert meira við hnéð en búist var við í fyrstu. Ég byrjaði svo að æfa aftur af viti 18. desember þannig að ég hafði ekki spilað lengi áður en við fórum til Danmerkur. Hnéð er ágætt en ég finn að það vantar styrk í vissum hreyfingum og þá verð ég seinn. Ég er að vinna í þessum málum af fullu og þetta tekur sinn tíma,“ sagði Sigfús sem fer með varaliðinu til Noregs þar sem hann fær kærkomið tækifæri til þess að spila meira.

„Í Danmörku vorum við að prófa hvort hnéð myndi halda en það kemur í ljós í Noregi hvernig staðan á forminu er hjá mér. Úthaldið er betra hjá mér en oft áður en tímasetningar og annað er ekki í lagi. Þjálfararnir meta að lokum hvort ég sé í nógu góðu standi til að hjálpa liðinu á EM,“ sagði Sigfús.

**8 DAGAR Í EM Í HANDBOLTA**



**SKYTTA** Kim Andersson verður í stóru hlutverki hjá Svíum. NORDICPHOTOS/AFP

EM í handbolta í Noregi:

## Andersson fyrirliði hjá Svíum

**HANDBOLTI** Kim Andersson hefur fengið stærra hlutverk í sænska landsliðinu því landsliðsþjálfarinn Ingemar Linnéll hefur gert hann að fyrirliða liðsins.

Andersson, sem spilar með Kiel í Þýskalandi, er 25 ára og hefur skorað 419 mörk í 114 landsleikjum. Hann ber fyrirliðabandið þrátt fyrir að menn eins og Tomas Svensson (314 leikir), Johan Petersson (238), Martin Boquist (200) og Robert Arrhenius (124) hafi allir leikið fleiri landsleiki og séu nokkuð eldri en hann. Andersson skoraði 4 mörk í 34-31 sigri Svía á Slóvenum, þar af þrjú úr vítum, en fékk auk þess að líta rauða spjaldið vegna þriggja brottvísana. - óój

Vont ástand á Króötum:

## Engar framfarir hjá Balic

**HANDBOLTI** Það bendir fátt til þess að Ivano Balic muni leika með Króötum á EM en Króatar hafa reynt í lengstu lög að koma honum í stand fyrir mótið.

„Meiðsli hans eru mjög flókin og því miður sé ég ekki að hann sé að taka neinum framförum,“ sagði Lino Cervar, landsliðsþjálfari Króata.

Hornamaðurinn Mirza Dzomba spilar ekki vegna meiðsla og hæpið er að skyttan Blazenko Lackovic spili einnig en hann er puttabrotinn. Örvhenta skyttan Petar Metlicic er einnig meidd á fingri en verður þó með.



Þrátt fyrir meiðslin gerðu Króatar sér lítið fyrir og lögðu Svía, 31-26. - hbg

# Mætum sterkir til leiks

**Guðjón Valur Sigurðsson hefur náð undraverðum bata á skömmum tíma eftir að hafa farið úr axlarlið í lok september. Hann er bjartsýnn fyrir EM í Noregi og hefur sett markið hátt líkt og landsliðsþjálfarinn, Alfreð Gíslason.**

**HANDBOLTI** Þær voru ekki góðar fréttirnar sem bárust frá Þýskalandi í lok september. Einn besti leikmaður landsliðsins og lykilmaður, Guðjón Valur Sigurðsson, var farinn úr axlarlið. Meiðsli sem taka að minnsta kosti þrjá mánuði að jafna sig af og ef illa fer allt upp í fimm til sex mánuði. EM í Noregi var því í hættu hjá honum.

Guðjón Valur lét meiðslin ekki slá sig út af laginu og hefur lagt mikið á sig til þess að komast í form á ný og er að uppskera eins og hann sáði. Hann byrjaði að spila með Gummersbach í lok nóvember og er byrjaður að taka á því í varnarleiknum með landsliðinu þó svo að þjálfarinn hafi aldrei átt von á öðru en að þurfa að stilla honum upp í horninu á EM.

„Þetta er allt að koma og mótið í Danmörku var ákveðinn prófsteinn fyrir mig. Ég hafði verið að hlífa mér í vörn fram að því en ég varð að láta á það reyna hvort ég væri í alvöru klár fyrir EM því það væri ekki sanngjarnt gagnvart liðinu að vera hálfur maður. Þetta gekk vel og mér líður ágætlega. Ég er þess utan í góðu líkamlegu formi þannig að ég er bjartur,“ sagði Guðjón Valur, sem spilaði meðal annars í hjarta varnarinnar gegn Dönum og leysti það vel af hendi. „Ég var alltaf ákveðinn í að vera tilbúinn fyrir EM en í nóvember leist mér á stundum ekki á blikuna enda var líðanin misjöfn og mér leið oft mjög illa í hendinni á nóttinni ef ég ofgerði mér.“

Alfreð landsliðsþjálfara og fleirum hefur orðið tíðrætt um að liðið sé á betri leið núna en það var fyrir ári síðan. Guðjón tekur undir það.



**GUÐJÓN VALUR SIGURÐSSON** Hefur náð sér ótrúlega vel af alvarlegum axlarmeiðslum og mætir sterkur til leiks á EM þar sem hann ætlar sér stóra hluti. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

„Við höfum fleiri leikmenn klára núna en í fyrra og þar munar helst um Garcia og Einar. Það eiga einhverjir í meiðslum en mér sýnist að við eigum að mæta sterkir til leiks. Ég hef alltaf verið bjartsýnn fyrir stórmót og á því er engin undantekning núna,“ sagði Guðjón en hann stefnir hátt líkt og þjálfarinn.

„Hópurinn hefur verið að tala um það sama og Alfreð síðustu mánuði. Liðið hefur sýnt að það getur unnið hvaða lið sem er en því miður getum við tapað fyrir ansi mörgum líka á vondum degi. Okkur vantar aftur á móti stöðugleikann til að fara lengra. Ef leikmenn verða heilir heilsu eigum við góða möguleika en vissulega þarf margt að smella saman.

Markmið liðsins verður að vera að vinna alla leiki. Ef við komumst svo í undanúrslit er svo ekkert nóg að stefna bara á bronsið. Liðið gerir sér samt grein fyrir því að leiðin er grýtt en ég hef fulla trú á liðinu og miðað við þann mannskap sem við eigum fer að koma að því að allt smelli saman og vonandi gerist það núna,“ sagði Guðjón Valur. henry@frettabladid.is

Jovan Zdravevski verður sjöundi erlendi leikmaðurinn í Garðabænum í vetur:

# Hafa sent fjóra leikmenn heim

**KÖRFUBOLTI** Bragi Magnússon, þjálfari Stjörnunnar, er harður húsbóndi því hann er þegar búinn að reka fjóra erlenda leikmenn og deildin er rúmlega hálfnuð.

Stjarnan er búin að senda heim tvo Bandaríkjamenn og tvo Bosmann-leikmenn en síðastur til að fá sparkið var Gambíumaðurinn Mansour Mbye sem var látinn fara þegar ljóst var að Jovan Zdravevski kæmi frá KR. Mbye var með 13 stig og 8 fráköst í tveimur leikjum sínum með liðinu en þeir töpuðust báðir og hann nýtti aðeins 4 af 15 vítaskotum sínum (26,7 prósent) í þeim.

Bandaríkjamennirnir Steven Thomas og Maurice Ingram voru báðir látnir taka pokann sinn fyrr í vetur. Thomas var með 14 stig og 9 fráköst að meðaltali í fimm leikjum en Ingram skoraði 9,7 stig og tók 16,0 fráköst á þeim 24,7 mínútum sem hann spilaði að meðaltali í sínum þremur leikjum. Stjörnumenn sendu einnig heim Makedóníumanninn Muhamed Taci en hann var með 15,5 stig að meðaltali í leik.

Dimitar Karadzovski er sá eini sem hefur verið með í allan vetur en hann hefur leikið frábærlega og er með 21,4 stig, 4,8 stoðsendingar og 4,3 þriggja stiga körfur að meðaltali í leik. Dimitar hefur nú þá Jovan og Calvin Roland sér við hlið en Roland hefur leikið 4 leiki með Garðabæjarliðinu og hefur skorað 12,8 stig og tekið 9,5 fráköst að meðaltali í þeim.

Miðað við síðustu leiki hjá Roland er samt örugglega farið að hitna undir honum því þessi 24 ára miðherji skoraði aðeins samtals 16 stig í tapleikjum á móti Tindastóli og Skallagrími og fékk þar 9 villur (af 10 mögulegum) og náði aðeins 11 skotum á körfuna á 59 mínútum. - óój



**SAMAN Á NÝ** Dimitar Karadzovski og Jovan Zdravevski spila aftur saman hjá Stjörnunni. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM OG RÓSA

**ÚRSLITIN Í GÆR**

*Enski deildarbikarinn:*

Chelsea-Everton 2-1
1-0 Shaun Wright-Phillips (26.), 1-1 Yakubu (64.), 2-1 sjálfsmark (90.+2.).

*Kvennadeild Iceland Express*

Valur-Keflavík 97-94
Leikurinn var tvíframlengdur og var staðan fyrst 72-72 og svo 82-82 eftir fyrri framlengingu.

Enski deildarbikarinn:

## Dramatískur sigur Chelsea

**FÓTBOLTI** Chelsea vann Everton 2-1 í fyrri leik liðanna í undanúrslitum enska deildarbikarsins í gærkvöldi með marki í uppbótartíma á Stamford Bridge.

Chelsea komst yfir á 26. mínútu með marki Shauns Wright-Phillips eftir góðan undirbúning Florents Malouda og þar við sat í hálfleik.

Í byrjun seinni hálfleiks dró til tíðinda þegar Jon Obi Mikel, miðjumaður Chelsea, fékk að líta beint rautt spjald fyrir tæklingu á Phil Neville, fyrirliða Everton, en við það snerist gangur leiksins talsvert. Sóknarþungi Everton jókst og aðeins tíu mínútum síðar náði Yakubu, framherji Everton, að jafna leikinn með góðu skoti utan úr teig. Allt stefndi í jafntefli þegar Jolean Lescott, varnarmaður Everton, varð fyrir því óláni að skora sjálfsmark í uppbótartíma og það tryggði Chelsea sigur í leiknum.

Seinni leikur liðanna fer svo fram á Goodison Park þann 23. janúar næstkomandi. - óþ



**FÆR HANN TÆKIFÆRI?** Eiður Smári hefur verið í byrjunarliði Barcelona í tveimur síðustu leikjum liðsins. NORDIC PHOTOS/GETTY

16-liða úrslit konungsbikars:

## Eiður Smári í hópi Barcelona

**FÓTBOLTI** Eiður Smári Guðjohnsen var valinn í sextán manna leikmannahóp Barcelona sem heimsækir núverandi bikarmeistara, Sevilla, í fyrri leik liðanna í sextán liða úrslitum spænska konungsbikarsins í kvöld.

Eiður Smári hefur verið í byrjunarliði Barcelona í síðustu tveimur leikjum liðsins gegn Alcoyano í konungsbikarnum og Mallorca í deildinni, en Eið Smára var reyndar skipt út af í hálfleik í deildarleiknum.

Ronaldinho og Deco eru frá vegna meiðsla og Yaya Toure er að sinna landsliðsskyldu með Fílabeinaströndinni. - óþ

NOTAÐIR BÍLAR

Notaðir bílar. Fislétt kaup - Engin útborgun.
Engir ábyrgðarmenn. Lægra verð - lægri afborgun.*
Aðeins í 4 daga. Komdu strax.

# Fislétt kaup

## Engin útborgun. Lægra verð.*
## Aðeins 57 bílar í 4 daga.
## Komdu strax.

Opið kl. 9-18

### Engin útborgun - afborgun undir 16.000 kr. á mán.




Ford Fusion Trend 1,4 bsk. skrd. 08/2004 ek: 67.000 km.
~~Verð 990.000 kr.~~ Tilboðsverð 790.000 kr. Engin útborgun.
15.511 kr. á mán. Meðalgreiðsla í 60 mánuði. AX362.




Daewoo Tacuma 2,0 bsk. skrd. 06/2004 ek: 48.000 km.
~~Verð 950.000 kr.~~ Tilboðsverð 790.000 kr. Engin útborgun.
13.571 kr. á mán. Meðalgreiðsla í 72 mánuði. KZ606.




Citroën Xsara 1,6 bsk. skrd. 07/2004 ek: 79.000 km.
~~Verð 990.000 kr.~~ Tilboðsverð 790.000 kr. Engin útborgun.
13.571 kr. á mán. Meðalgreiðsla í 72 mánuði. TI061.




Ford Focus High Series 1,6 bsk. skrd. 11/2001 ek: 107.000 km.
~~Verð 830.000 kr.~~ Tilboðsverð 590.000 kr. Engin útborgun.
14.472 kr. á mán. Meðalgreiðsla í 48 mánuði. SF324.

### Engin útborgun - afborgun 16.000 - 23.000 kr. á mán.




Ford Focus Trend 1,6 bsk. skrd. 04/2004 ek: 79.000 km.
~~Verð 1.190.000 kr.~~ Tilboðsverð 990.000 kr. Engin útborgun.
16.907 kr. á mán. Meðalgreiðsla í 72 mánuði. JI874.




Citroën Picasso Exclusive 2,0 ssk. skrd. 11/2003 ek: 81.000 km.
~~Verð 1.280.000 kr.~~ Tilboðsverð 990.000 kr. Engin útborgun.
19.837 kr. á mán. Meðalgreiðsla í 60 mánuði. PH060.




Renault Laguna II Break 1,8 ssk. skrd. 12/2002 ek: 49.000 km.
~~Verð 1.390.000 kr.~~ Tilboðsverð 1.090.000 kr. Engin útborgun.
21.577 kr. á mán. Meðalgreiðsla í 60 mánuði. PD618.




Renault Megane Scenic 1,6 bsk. skrd. 04/2004 ek: 55.000 km.
~~Verð 1.450.000 kr.~~ Tilboðsverð 1.290.000 kr. Engin útborgun.
21.912 kr. á mán. Meðalgreiðsla í 72 mánuði. DX329.




Nýttu þér tilboðin
Tökum notaðan uppí notaðan

Citroën Picasso Xsara 1,8 bsk. skrd. 01/2004 ek: 58.000 km.
~~Verð 1.150.000 kr.~~ Tilboðsverð 890.000 kr. Engin útborgun.
15.239 kr. á mán. Meðalgreiðsla í 72 mánuði. MK734.

### Engin útborgun - afborgun 23.000 - 38.000 kr. á mán.




Ford Focus C-max Trend 1,6 bsk. skrd. 09/2005 ek: 47.000 km.
~~Verð 1.680.000 kr.~~ Tilboðsverð 1.390.000 kr. Engin útborgun.
23.580 kr. á mán. Meðalgreiðsla í 72 mánuði. YZ615.




Ford Escape XLS 2,3 ssk. skrd. 04/2004 ek: 75.000 km.
~~Verð 1.810.000 kr.~~ Tilboðsverð 1.590.000 kr. Engin útborgun.
27.193 kr. á mán. Meðalgreiðsla í 72 mánuði. NP021.




Ford Escape Limited 3,0 ssk. skrd. 11/2005 ek: 43.000 km.
~~Verð 2.770.000 kr.~~ Tilboðsverð 2.490.000 kr. Engin útborgun.
37.285 kr. á mán. Meðalgreiðsla í 84 mánuði. EB700.

### Engin útborgun - afborgun yfir 38.000 kr. á mán.




BMW X3 3,0 ssk. skrd. 12/2004 ek: 53.000 km.
~~Verð 4.090.000 kr.~~ Tilboðsverð 3.590.000 kr. Engin útborgun.
53.017 kr. á mán. Meðalgreiðsla í 84 mánuði. OZ212.




Ford Expedition Eddie Bauer 5,4 ssk. skrd. 10/2005 ek: 27.000 km.
~~Verð 3.990.000 kr.~~ Tilboðsverð 3.690.000 kr. Engin útborgun.
54.483 kr. á mán. Meðalgreiðsla í 84 mánuði. PH044.




Volvo S80 Dísel 2,4 ssk. skrd. 01/2007 ek: 54.000 km.
~~Verð 4.850.000 kr.~~ Tilboðsverð 4.490.000 kr. Engin útborgun.
66.214 kr. á mán. Meðalgreiðsla í 84 mánuði. MM796.

NATURALIS

**Þig vantar bíl. Komdu núna.**
**Kíktu á netið. Lækkaðu mánaðargreiðslurnar.**
**Vertu á betri bíl frá Brimborg.**

Aflaðu þér frekari upplýsinga
www.notadir.brimborg.is

brimborg
Öruggur staður til að vera á

**Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6, sími 515 7000 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 462 2700 | www.notadir.brimborg.is**

*Engir ábyrgðarmenn ef viðkomandi er eldri en 18 ára og er fasteignaeigandi. Nánari upplýsingar um vexti og lánskjör hjá söluráðgjöfum Brimborgar. Lán háð samþykki viðkomandi fjármögnunarfyrirtækis.

## > Daniel Craig

„Ég lifi lífi mínu eins og það sé enginn morgundagur," segir Daniel Craig, sem leikur í Layer Cake á Stöð 2 Bíó á miðnætti í kvöld.



# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ FREYR BJARNASON HORFÐI Á FÓLK STÖKKVA FRAM AF GOLDEN GATE-BRÚNNI

# *Sjálfsvíg fyrir allra augum*

Það var frekar niðurdrepandi að horfa á heimildarmyndina The Bridge sem fjallar um fólk sem hefur stokkið fram af Golden Gate-brúnni í Bandaríkjunum. Myndin, sem var sýnd á Fjölvarpinu, byrjaði ágætlega en eftir því sem á leið og viðtölin við fjölskyldur fólksins drógust á langinn dvínaði áhuginn og fjarstýringin var tekin upp.

Þegar viðfangsefnið er svona þunglamalegt má atburðarásin ekki vera það líka og það var helsti galli myndarinnar. Annars var það skelfilegt að sjá fólk sem komið var á leiðarenda í sínu lífi stökkva fram af brúnni og lenda ofan í sjónum. Djarft var það sömuleiðis hjá leikstjóranum að mynda allt sem gerðist á brúnni yfir ákveðinn tíma, enda voru fjölskyldur þeirra sem fyrirfóru sér ósáttar við myndbirtingarnar.



**GOLDEN GATE** Fjölmargir stökkva fram af Golden Gate-brúnni í San Francisco á ári hverju.

Ekki veit ég hvernig hægt væri að koma í veg fyrir að fólk dræpi sig á þessari brú, nema þá helst að setja stálgrindverk meðfram hliðunum. Líklega myndi fólkið hvort sem er fá sínu framgengt annars staðar. Starfsmenn strandgæslunnar myndu þó hafa minna að gera við að tína líkin upp úr sjónum, auk þess sem áhugasamir túristar sem flykkjast að brúnni í þúsundatali þyrftu ekki að horfa upp á hryllinginn beint fyrir framan nefið á sér.

Vissulega var myndin áhugaverð en hún snerist of mikið um þá sem stukku fram af og fjölskyldur þeirra í stað þess að spyrja sig hvers vegna Golden Gate-brúin eða önnur stór mannvirki hafa svona sterkt aðdráttarafl þegar kemur að sjálfsvígum.

## EKKI MISSA AF



▶ **19.35 Arsenal - Tottenham** SÝN



▶ **20.10 Ljóta Betty** SJÓNVARPIÐ



▶ **21.00 Grey's Anatomy** STÖÐ2



▶ **22.00 Blind Horizon** STÖÐ2 BÍÓ



▶ **22.00 The Dead Zone** SKJÁREINN

## SJÓNVARPIÐ

**16.35 Leiðarljós**
**17.20 Táknmálsfréttir**
**17.30 Kappflugið í himingeimnum** (2:26)
**18.00 Disneystundin**
**18.01 Herkúles** (44:56)
**18.23 Sígildar teiknimyndir**
**18.30 Fínni kostur** (16:21)
**18.54 Víkingalottó**
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veður**
**19.35 Kastljós**
▶**20.10 Ljóta Betty** Bandarísk þáttaröð um ósköp venjulega stúlku sem er ráðin aðstoðarkona kvennabósa sem gefur út tískutímarit í New York. Þættirnir hlutu Golden Globe-verðlaun sem besta gamansyrpan og America Ferrera fékk verðlaunin sem besta leikkona í aðalhlutverki í þeim flokki.
**20.55 Liljur** (8:8) Nýr breskur myndaflokkur. Þetta er þroskasaga þriggja kaþólskra systra í Liverpool sem hafa misst mömmu sína og feta sig áfram í lífinu á árunum eftir fyrri heimsstyrjöld.
**22.00 Tíufréttir**
**22.25 Spekingar spjalla** (Nobelity) Kvikmynd eftir Turk Pipkin þar sem níu Nóbelsverðlaunahafar kasta á milli sín hugmyndum og skyggnast inn í framtíðina.
**23.50 Kastljós**
**00.20 Dagskrárlok**

## STÖÐ 2 BÍÓ

**06.00 Everbody's Doing It**
**08.00 Memoirs of a Geisha**
**10.20 Agent Cody Banks 2: Destination London**
**12.00 Shattered Glass**
**14.00 Memoirs of a Geisha**
**16.20 Agent Cody Banks 2: Destination London**
**18.00 Shattered Glass**
**20.00 Everbody's Doing It**
▶**22.00 Blind Horizon** Spennutryllir með Val Kilmer í aðalhlutverki.
**00.00 Layer Cake**
**02.00 Control**
**04.00 Blind Horizon**

## STÖÐ 2

**07.00 Stubbarnir**
**07.25 Tommi og Jenni**
**07.50 Kalli kanína og félagar**
**08.15 Oprah**
**09.00 Í fínu formi**
**09.15 The Bold and the Beautiful**
**09.40 Wings of Love** (98:120)
**10.25 Homefront** (7:18) (e)
**11.10 Veggfóður - LOKAÞÁTTUR** (4:7)
**12.00 Hádegisfréttir**
**12.45 Nágrannar**
**13.10 Það var lagið** (e)
**14.10 Extreme Makeover: Home Edition** (28:32)
**15.30 Joey** (4:22)
**15.55 A.T.O.M.**
**16.18 Batman**
**16.43 Könnuðurinn Dóra**
**17.08 Pocoyo**
**17.18 Refurinn Pablo**
**17.28 The Bold and the Beautiful**
**17.53 Nágrannar**
**18.18 Ísland í dag og veður**
**18.30 Fréttir**
**18.50 Ísland í dag**
**19.25 The Simpsons** (13:22) (e)
**19.50 Friends 4** (14:24)
**20.15 Gossip Girl** (1:22) Einn vinsælasti framhaldsþátturinn í bandarísku sjónvarpi í dag. Þáttur um líf unga og ríka fólksins í New York, gerður af hinum sömu og gerðu The O.C. 2007.
▶**21.00 Grey's Anatomy** (10:22) Fjórða sería þessa vinsælasta dramaþáttar í heimi. 2007.
**21.50 The Closer** (6:15) Þriðja sería þessa geysisterka spennuþáttar, sem orðinn er langvinsælasti þátturinn sem sýndur er á kapalstöð í Bandaríkjunum. Bönnuð börnum.
**22.35 Oprah**
**23.20 Stelpurnar**
**23.45 Pressa** (2:6)
**00.30 Kompás**
**01.05 Silent Witness** (9:10)
**02.00 Hotel Babylon**
**02.55 Van Wilder**
**04.25 Hood Rat**
**05.55 The Simpsons** (13:22) (e)
**06.20 Tónlistarmyndbönd frá PoppTíVí**

## SÝN besta sætið

**07.00 Chelsea - Everton** Útsending frá leik Chelsea og Everton í enska deildabikarnum.
**16.00 Gillette World Sport 2007** (Gillete sportpakkinn) Íþróttir í lofti, láði og legi. Fjölbreyttur þáttur þar sem allar greinar íþrótta eru teknar fyrir. Þáttur sem sýndur hefur verið í áraraðir við miklar vinsældir.
**16.30 PGA Tour 2008** - Hápunktar. Öll helstu atriðin á PGA-mótaröðinni skoðuð.
**17.25 Chelsea - Everton** Útsending frá leik Chelsea og Everton í enska deildabikarnum.
**19.05 Ensku bikarmörkin** Markaþáttur þar sem öll mörk bikarkeppninnar eru skoðuð.
▶**19.35 Arsenal - Tottenham** (Enski deildarbikarinn) Bein útsending frá leik Arsenal og Tottenham í enska deildabikarnum.
**21.35 Spænska bikarkeppnin** Bein útsending frá leik í spænsku bikarkeppninni.
**23.15 Arsenal - Tottenham** Útsending frá leik Arsenal og Tottenham í enska deildabikarnum sem fór fram miðvikudaginn 9. janúar.

## SÝN2

**17.35 English Premier League**
**18.30 Premier League World** (Heimur úrvalsdeildarinnar) Nýr þáttur þar sem enska úrvalsdeildin er skoðuð frá ýmsum óvæntum hliðum. Leikmenn heimsóttir, gömlu stjörnurnar leitaðar uppi og svipmyndir af æðinu fyrir enska boltanum um heim allan.
**19.00 Coca Cola mörkin**
**19.30 PL Classic Matches**
**20.00 Arsenal - Chelsea** (Enska úrvalsdeildin) Útsending frá stórleik Arsenal og Chelsea í ensku úrvalsdeildinni sem fór fram sunnudaginn 16. desember.
**21.40 Masters Football** (Coventry Masters) Gömlu brýnin leika listir sínar, stjörnur á borð við Matt Le Tissier, Glen Hoddle, Ian Wright, Paul Gascoigne, Lee Sharpe, Jan Mölby og Peter Beardsley. UK Masters cup er orðin gríðarlega vinsæl mótaröð en þar taka þátt 32 lið skipuð leikmönnum sem gerðu garðinn frægan á árum áður í ensku úrvalsdeildinni.
**23.55 1001 Goals** (1001 Goals) Bestu mörk úrvalsdeildarinnar frá upphafi.

## SKJÁREINN

**07.30 Allt í drasli** (e)
**08.00 Dr. Phil** (e)
**08.45 Vörutorg**
**15.50 Vörutorg**
**16.50 World Cup of Pool 2007** (e)
**17.45 Dr. Phil**
**18.30 The Drew Carey Show** (e)
**19.00 Trabant tónleikar** (e)
**20.00 Less Than Perfect** Claude Casey hefur unnið sig upp metorðastigann en það eru ekki allir á fréttastofunni hrifnir af henni. Hún er orðin vön því að fást við snobbaða samstarfsmenn sem gera allt sem í þeirra valdi stendur til að losna við hana. Aðalhlutverkin leika Sara Rue, Andrea Parker, Andy Dick, Eric Roberts og Patrick Warburton.
**20.30 Giada's Everyday Italian** (19:26) Að þessu sinni undirbýr Giada afmælisveislu og allir eru velkomnir í veisluna. Hún býður upp á sjávarréttasalat, ofnbakaðan lax og profiteroles-smárétti með Ricotta- og Mascarpone-ostum.
**21.00 Canada's Next Top Model** (2:8)
▶**22.00 The Dead Zone - NÝTT** Fjórða þáttaröðin um Johnny Smith, kennarann sem lá í dái í sex ár og vaknaði með ótrúlega hæfileika. Hann sér framtíð þeirra sem hann snertir og þarf oftar en ekki að grípa í taumana og bjarga lífi og limum viðkomandi. Þættirnir eru byggðir á samnefndri sögu eftir spennumeistarann Stephen King og aðalhlutverkið leikur Anthony Michael Hall.
**22.50 The Drew Carey Show**
**23.15 Heroes** (e)
**00.15 State of Mind** (e)
**01.05 NÁTTHRAFNAR**
**01.05 C.S.I. Miami**
**01.50 Ripley's Believe it or not!**
**02.35 The World's Wildest Police Videos**
**03.20 Vörutorg**
**04.20 Óstöðvandi tónlist**

## N4 SJÓNVARP NORÐURLANDS

**12.15 Samantekt helstu frétta vikunnar á N4.** Endursýnt á klukkutíma fresti til 10.15 á sunnudag.

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.



## Í KVÖLD

### STÖÐ 2 KL. 20.15

### Gossip Girl



Þáttur um líf unga og ríka fólksins í New York og dramatískt ástarlíf þess. Blair Waldorf, Kati Farkas og Isabel Coates sækja glamúrveislur með auðugum foreldrum sínum og vinum. Blair er öfunduð af öllum í kringum hana þar sem hún er talin eiga hið fullkomna líf. Hún á ekki bara gullfallegan kærasta og góða vini heldur gengur henni mjög vel í skóla og gerir ráð fyrir að komast inn í Yale-háskólann. Gossip Girl er einn vinsælasti framhaldsþátturinn í bandarísku sjónvarpi í dag og kemur frá þeim sömu og gerðu The O.C.

## VIÐ MÆLUM MEÐ

### Spekingar spjalla

### Sjónvarpið kl. 22.25

*Áhugaverð mynd þar sem rætt er við níu Nóbelsverðlaunahafa þar sem þeir leita lausna á þeim vanda sem helst steðjar að mannkyninu.* Nóbelsverðlaunahafarnir eru Stephen Weinberg, Jody Williams, Ahmed Zewail, Rick Smalley, Wangari Maathai, Joseph Rotblat, Harold Varmus, Desmond Tutu og Amartya Sen.



## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.50** Bæn
**07.05** Morgunvaktin
**09.05** Okkar á milli
**09.45** Morgunleikfimi
**10.13** Brot af eilífðinni
**11.03** Samfélagið í nærmynd
**12.00** Fréttayfirlit
**12.02** Hádegisútvarp
**12.20** Hádegisfréttir
**12.45** Veðurfregnir
**12.50** Dánarfregnir og auglýsingar
**13.00** Vítt og breitt
**14.03** Tónar að nóni
**15.03** Útvarpssagan: Stúlka með fingur
**15.30** Dr. RÚV
**16.00** Síðdegisfréttir
**16.10** Veðurfregnir
**16.13** Hlaupanótan
**17.03** Víðsjá
**18.00** Kvöldfréttir
**18.24** Auglýsingar
**18.25** Spegillinn
**18.50** Dánarfregnir og auglýsingar
**19.00** Endurómur úr Evrópu
**20.00** Leynifélagið
**20.30** Stefnumót
**21.10** Út um græna grundu
**22.12** Orð kvöldsins
**22.15** Um Jón Espólín
**23.00** Gárur
**00.07** Útvarpað á samtengdum rásum til morguns

**FM 90,9** Talstöðin **FM 99,4** Útvarp Saga **FM 98,9** Bylgjan **FM 95,7 FM957** / Topp tónlistarstöðin **FM 102,2** Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp **FM 102,9** Lindin / Kristilegt efni **FM 96,7** Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying **FM 105,5** Útvarp Boðun / Kristilegt efni **FM 88,5** XA-Radíó / 12 spora efni **FM 97,7** X-ið / Enginn viðbjóður

## SIRKUS

**16.00 Hollyoaks** (97:260)
**16.30 Hollyoaks** (98:260)
**17.00 Hollywood Uncensored**
**17.30 Special Unit 2** (3:19)
**18.15 Live From Abbey Road** (11:12) (e)
**19.00 Hollyoaks** (97:260)
**19.30 Hollyoaks** (98:260)
**20.00 Hollywood Uncensored**
**20.30 Special Unit 2** (3:19) Gamansamir bandarískir spennuþættir þar sem við fylgjumst með sérdeild sem rannsakar allra óvenjulegustu málin sem lögreglan þarf að hafa afskipti af, mál sem oftar en ekki eru af yfirnáttúrulegum toga.
**21.15 Live From Abbey Road** (12:12) (e) Þættir með lifandi tónlist frá þessu þekktasta upptökuveri heims sem Bítlarnir gerðu ódauðlegt. Heimsfrægir tónlistarmenn flytja þrjú lög á milli þess sem þeir spjalla um tónlist sína og lífið. Fjölbreytnin er mikil og meðal gesta eru: Josh Groban, Massive Attack. Frábærir tónlistarþættir þar sem tónlistarmennirnir eru í sínu rétta umhverfi.
**22.00 NCIS** (17:24) Fjórða þáttaröð eins vinsælasta spennuþáttar í Bandaríkjunum. Þar segir frá sérsveit sem rannsakar alla glæpi sem tengjast á einhvern hátt sjóliðum, hvort sem um er að ræða þá háttsettu eða nýliðana. 2006.
**22.45 American Dad 3** (e)
**23.10 Wildfire** (3:13)
**23.55 Totally Frank**
**00.20 Tónlistarmyndbönd frá Popp TV**

## INN

**20.00 Mörður** Mörður Árnason litar pólitíska landslagið eins og honum einum er lagið.
**20.30 Randver** Randver Þorláksson tekur tali fólk sem er áhrifavaldar í íslensku lista- og menningarlífi.
**21.00 Mér finnst** Maríanna Friðjónsdóttir stýrir þætti þar sem konur einar taka til máls og segja nákvæmlega hvað þeim finnst.

## DR 1

**11.10** Kontant **11.35** Aftenshowet **12.00** Aftenshowet 2. del **12.30** Dødens detektiver **12.55** Ha' det godt **13.20** Rig ved et tilfælde **13.50** Nyheder på tegnsprog **14.00** TV Avisen med Vejret **14.10** Dawson's Creek **15.00** Flemmings Helte **15.15** Skum TV **15.30** Robotboy **15.45** Max **16.15** Den lille Julemand **16.30** Jul i Svinget **17.00** Aftenshowet **17.30** TV Avisen med Sport **18.00** Aftenshowet med Vejret **18.30** Hvad er det værd **19.00** DR 1 Dokumentaren - Den sidste dans **20.00** TV Avisen **20.25** Penge **20.50** SportNyt **21.00** Kriminalkommissær Barnaby **22.40** Onsdags Lotto **22.45** OBS **22.50** Lær - på livet løs **23.20** Flemmings Helte **5.00**

## NRK 1

**11.10** Miljøprofil: Ole Kopreitan **11.40** Standpunkt **12.25** 4•4•2: Bakrommet: Fotballmagasin **12.55** Urter **13.15** Presidenten **14.00** Hemmelig agent på moped **14.30** Forelsket **14.40** Wombatgjengen **15.00** Absalons hemmelighet **15.30** Fabrikken **16.00** NRK nyheter **16.10** Oddasat - Nyheter på samisk **16.25** Typisk norsk **16.55** Nyheter på tegnspråk **17.00** Barnas superjul **17.30** KatjaKaj og BenteBent **17.40** Distriktsnyheter **18.00** Dagsrevyen **18.30** Forbrukerinspektørene **18.55** Dyrisk **19.25** Redaksjon EN **19.55** Distriktsnyheter **20.00** Dagsrevyen 21 **20.40** Vikinglotto **20.45** House **21.30** Migrapolis: Generasjon utlending **22.00** Kveldsnytt **22.15** Keno **22.20** Lydverket **22.55** The Wire **23.50** Carnivále **0.40**

## SVT 1

**11.00** Rapport **11.05** På spåret **12.45** Fem på eftermiddagen **14.30** Andra Avenyn **15.00** Rapport **15.10** Gomorron Sverige **16.00** Vrakletarna **16.30** Krokodill **17.00** Bolibompa **17.10** Pozzie **17.15** Mod **17.20** Voffy **17.30** Julkalendern: En riktig jul **17.45** Hjärnkontoret **18.00** Bobster **18.30** Rapport med A-ekonomi **19.00** Uppdrag granskning **20.00** Ståupp **20.25** Centralskolan **20.30** Grotesco **21.00** Studio 60 on the Sunset Strip **21.40** The Newsroom **22.05** Rapport **22.15** Kulturnyheterna **22.25** Allt om min mamma



## LÖGIN VIÐ VINNUNA



*„Ég er ekki mikið með útvarpið í gangi í vinnunni, en þegar ég fæ leyfi til að hafa það á vil ég hlusta á Léttbylgjuna.“*

Hólmar Þór Stefánsson húsasmiður.

# Handboltaæði hjá Íslendingum í Þrándheimi

„Allir í Þrándheimi voru rosalega ánægðir að íslenski riðillinn skyldi vera spilaður hérna,“ segir Bjarki Heiðar Steinarsson, formaður Íslendingafélagsins Kjartans í Þrándheimi. Þar eru menn í óða önn að undirbúa sig fyrir komu íslenska landsliðsins í handbolta en eftir rúma viku verður flautað til leiks á Evrópumótinu í handbolta.



**STRÁKARNIR OKKAR** Ólafur Stefánsson og félagar fá góðan stuðning hjá Íslendingum búsettum í Noregi.

Íslendingar verða í riðli með fyrrum heimsmeistaraliði Frakka, Slóvökum og erkifjendunum sjálfum, Svíum. Bjarki segir að áhuginn sé vissulega mismikill, sumir séu að springa af æsingi á meðan aðrir hafi kannski ekki alveg gert sér grein fyrir því að mótið sé á næsta leiti. Hins vegar megi reikna með því að bærinn fari á annan endann þegar fyrsti bardaginn hefst. Enda styðji Íslendingar í Noregi alltaf við sína menn. Að sögn Bjarka er fjöldi Íslendinga í Þrándheimi nokkuð á reiki en á félagalista Íslendingafélagsins séu um hundrað manns.

Einar Þorvarðarson, framkvæmdastjóri HSÍ, segist hafa selt í kringum 250 til þrjú hundruð miða. Og að miðasölunni á EM sé að ljúka hjá sambandinu. Hann viti þó til þess að menn hafi keypt sér sjálfir miða í gegnum vefsíðu mótsins en viðurkennir að þeir hafi búist við meiri látum. „Við vonumst til að sjá að minnsta kosti fimm hundruð Íslendinga og að það verði góð stemning,“ segir Einar. - fgg



**FORMAÐUR Í BÚNINGI** Bjarki Heiðar er spenntur fyrir mótinu sem hefst eftir rúma viku og Íslendingafélagið Kjartan býr sig undir komu íslenska landsliðsins til Þrándheims. MYND/BJARKI



**LÁRÉTT**
2. bjálfi 6. mannþvaga 8. rá 9. bar að garði 11. samanburðartenging 12. sveigur 14. prumpa 16. í röð 17. niður 18. ennþá 20. skóli 21. betl.

**LÓÐRÉTT**
1. lof 3. klaki 4. fjölmörgum 5. gæfa 7. slípaður 10. sjór 13. tangi 15. einkenni 16. húðpoki 19. átt.

**LAUSN**

**LÁRÉTT:** 2. fífl, 6. ös, 8. slá, 9. kom, 11. en, 12. krans, 14. freta, 16. hí, 17. suð, 18. enn, 20. ma, 21. snap.

**LÓÐRÉTT:** 1. þökk, 3. ís, 4. flestum, 5. lán, 7. sorfinn, 10. mar, 13. nes, 15. aðal, 16. hes, 19. na.


Gerðu góðverk í dag
907 2002
Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is



Hvað er að frétta?

Við tæklum sportið_
www.visir.is
vísir


MERCEDES CLUB: SYNGJANDI VÖÐVABÚNT Í VIÐBRAGÐSSTÖÐU

# Partí-Hanz rindill við hlið helmassaðs Gaz-manns

„Sko, það er komið upp ákveðið vandamál. Party-Hanz er aðeins búinn að bæta á sig tveimur kílóum en Gaz-mann er búinn að massa sig upp um 15 kíló. Og ekki arða af fitu þar,“ segir Egill „Gillzenegger“ Einarsson, talsmaður sveitarinnar Mercedes Club. Hljómsveitin undirbýr sig af kappi fyrir undanúrslit og úrslitakeppni í forvali Eurovision-söngvakeppninnar þar sem hún flytur lag Barða Jóhannssonar „Ho ho ho, we say hey hey hey“.

Styttist í stuðið því 19. og 26. janúar og 2. og 9. febrúar verða fjórir útsláttarþættir. Þrjú lög verða flutt í hverjum þætti og kosið um hvaða tvö komast áfram. „Við fáum að koma tvisvar fram áður en við förum til Serbíu,“ segir Egill og hvarflar ekki að honum eina mínútu að Mercedes Club muni ekki vinna. Í bígerð er vídeó sem heitir „The Road to Eurovision“. Að sögn Egils „eitthvert hrikalegasta vídeó sem sést hefur á YouTube.“

Þótt söngkonan Rebekka Kolbeinsdóttir og Cerez4 skipi framvarðasveitina hafa bumbuslagararnir Party-Hanz (Jóhann Ólafur Schröder) og Gaz-mann (Garðar Ómarsson) og hljómboðsleikarinn Gillzenegger ekki vakið minni athygli. Þeir leggja ekki minna upp úr að vera vel á sig komnir en að hafa dúr og moll á hreinu. Félagarnir þrír hafa einsett sér að bæta á sig tíu kílóa vöðvamassa fyrir úrslitakvöldið.

„Algert lágmark. Stífur undirbúningur. Fimm daga veikindi mín settu reyndar strik í reikninginn. Voru ekki að gera góða hluti fyrir vöðvabygginguna en ég var búinn að bæta á mig 7 kg. Ég lofa að ég verð kominn upp í 98 kg fyrir úrslitakvöldið – helskafinn.“

Vandinn sem að þremmenningunum steðjar er að Gaz-mann er orðinn helmingi massaðari en þegar sjónvarpsáhorfendur sáu hann í undankeppninni. Því er ekki svo farið með Party-Hanz. Þótti hann þó þá þegar hálfvæskilslegur við hlið vöðvatröllsins vinar síns. „Þetta er að verða vandræðalegt. Menn eru að hugsa um kvenþjóðina og svona. En í þessum orðum töluðum er ég að horfa á Jóa lyfta og við verðum að gefa honum séns á að ná þessu upp,“ segir Gillzenegger. Aðspurður hvernig þetta nafn sé til komið – Gaz-mann – segir Egill það einfaldlega svo að þegar menn eru að lyfta hrikalega og éta prótín þá komi fyrir að þeir leysi vind. En hann tekur skýrt fram að þrátt fyrir nafngiftina prumpi Gaz-mann ekki meira en gengur og gerist.

„En nú þurfum við að toppa. Þýðir ekkert bara að tala um það. Ég get upplýst að í undanúrslitunum mun eldur koma við sögu. En aðaltrompið, ásinn í þessu sem mun skila tíu þúsund atkvæðum aukalega, því verður splæst á úrslitakvöldinu,“ segir Gilzenegger og neitar að upplýsa meira.

jakob@frettabladid.is




**VÖÐVAÐIR TÓNLISTARMENN Í VANDA** Gaz-mann hefur bætt á sig 15 kg frá því í undankeppninni en Party-Hanz aðeins sett á sig tvö. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

## FRÉTTIR AF FÓLKI

Símanum hefur bæst liðsauki en **Helga Lilja Gunnarsdóttir** hefur verið ráðin viðburðastjóri Símans. Helga er öllum hnútum kunnug þegar viðburðirnir eru annars vegar en hún hefur verið hægri hönd **Einars Bárðarsonar**, umboðsmanns Íslands, síðustu ár og síðan framkvæmdastjóri Concert, stærsta tónleikafyrirtækis á Íslandi. Helga hefur höndlað stórmenni eins og **Jose Carreras, Van Morrison, Kiri Te Kanawa, Mikhail Gorbatsjov, Yoko Ono** og **Steve Forbes**. Það er því nokkur blóðtaka fyrir Consert að sjá á bak Helgu Lilju.



Fréttablaðið greindi frá því á mánudag að **Símon Birgisson** listnemi væri meðal þátttakenda í þýsku sýningunni Breaking News eftir leikhópinn Rimini Protokoll í Berlín. Sýningin fjallar um fréttir og felst meðal annars í endursögn „leikara“ á fréttum frá sínu heimalandi. Á frumsýningu hló troðfullur salurinn þegar Símon endursagði frétt af herferð borgarstjórans **Dags B. Eggertssonar** gegn veggjakroti. Enda vandfundinn sá veggur í Berlín þar sem ekki má finna graffití.



Á Ríkisútvarpinu dekra menn við sjónvarpsmann ársins enda líkar honum vistin í Efstaleiti afskaplega vel. Þegar **Egill Helgason** kemur heim úr fríi sínu frá Barbados mun hann ganga inn í glænýja leikmynd Silfurs Egils. RÚV-arar gera vel við sína skærustu stjörnu en það heyrir til algerra undantekninga að nýtt sett sé hannað um þátt sem hefur aðeins hlaupið hálft sitt skeið í vetrardagskránni. - jbg



# Branagh missti af Mýri Baltasars Kormáks

„Þetta er vel fjármagnað fyrirtæki og á líka endurgerðarréttinn á verðlaunamynd Susanne Bier, After The Wedding, þannig að ég er mjög sáttur,“ segir Baltasar Kormákur

Eins og Vísir greindi frá í gær skrifaði leikstjórinn nýverið undir endurgerðarsamning á Mýrinni við bandaríska fyrirtækið Overture. Leikstjórinn vildi ekki gefa upp hversu mikils virði samningurinn væri, sagði að fengist hefði ágætis verð en ekkert „bilað“ eins og hann komst að orði. Baltasar vekur athygli á því að þó samningar hafi verið handsalaðir sé ekki öruggt að Mýrin verði gerði í Bandaríkjunum. „Allt er hverfult í Hollywood.“ Baltasar segir að þegar endurgerðarmöguleikarnir komu inn í myndina hafi hann verið fullur efasemda en hefur hins vegar góða trú á bandaríska kvikmyndafyrirtækinu.



**BALTASAR** Snæddi kvöldverð með Kenneth Branagh sem vildi endurgera Mýrina.

„Ég er búinn að fá lista yfir handritshöfunda og þeir ætla sér greinilega stóra hluti,“ segir Baltasar.

Þetta er í fyrsta sinn sem slíkur samningur er gerður um íslenska kvikmynd. Baltasar verður í framleiðendateymi myndarinnar, sem listrænn framleiðandi.

„Hverfult í Hollywood“ eru orð að sönnu því breski leikstjórinn, stórstjarnan Kenneth Branagh, rétt missti af tækifærinu til að kvikmynda Mýrina. Samkvæmt heimildum blaðsins snæddi Baltasar Kormákur kvöldverð með Branagh í Kaupmannahöfn fyrir skemmstu og þar greindi Branagh frá áhuga sínum á glæpasögu Arnalds Indriðasonar. Óskaði Branagh eftir því að fá filmu með Mýrinni til að sýna hana í heimabíói sínu sem er rétt fyrir utan London. Baltasar Kormákur vildi hvorki játa né neita þessu í samtali við Fréttablaðið. - fgg





Er það rétt að í annálaðri fegurð Eyjafjarðar sé sveitasetrið Sveinbjarnargreiði griðastaður elskenda á laun? Hefur Saga Ringsted ástæðu til að gruna eiginmanninn um græsku eða hefur hún sjálf eitthvað að fela? Hver var konan sem bað forstjórann um blint stefnumót? Hélt Elli við konu Jóhannesar eða hélt hann bara upp á hana? Er Helmut Edelstein manískur kvennamaður eða bara þýskur ferðamaður? Er afbrýðisemi Miroslav á rökum reist? Og er ást Tínu sönn? Ást og afbrýðisemi, misskilningur á misskilning ofan og allt í dásamlegri steik.

FRUMSÝNT 8. FEBRÚAR

**EINSTAKT TILBOÐ FYRIR HANDHAFA MASTERCARD-KREDITKORTA: MIÐINN Í FORSÖLU Á 1.990 KR.!** (ALMENNT VERÐ 3.500 KR.)

Tilboðið gildir á eftirtaldar sýningar:
8., 9., 10., 14., 15., 16., 17., 21., 22., 23., 24. og 28. febrúar

**SALA HEFST Í DAG!**

Forsala til 7. febrúar **– Fyrstir koma – fyrstir fá.**
**Miðasölusími 4 600 200**

MasterCard BAUGUR GROUP Höldur ehf. EIMSKIP

**ALLIR Í LEIKHÚS Á AKUREYRI!**
Miðasala í síma **4 600 200 | www.leikfelag.is**

LEIKFÉLAG AKUREYRAR

FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 512 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 512 5313, fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR | SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 512 5000

STJÖRNUBÓN
Lyngási 12 Garðabæ S:5667722 WWW.ATbilar.is
Allt sem viðkemur þrifum á farartækjum og vögnum
Opnunartíminn er 7:30-19:00 mán-föst og 10-16 á laugardögum



**BAKÞANKAR**
Þórhildar Elínar Elínardóttur

# Lifandi hjátrú

Ef skammdeginu hefur enn ekki tekist að laða fram myrkfælni er samt ennþá von. Nú þegar jólaljósin eru flest á bak og burt er upplagt að sitja óttaslegin í dimmunni og skynja glöggt nærveru drauga og allskyns ósýnilegra vera. Samkvæmt nýlegri vísindalegri rannsókn virðist hjátrú okkar nefnilega síst í rénun þótt vinsældir skilgreindra tegunda hreyfist dálítið frá niðurstöðum þrjátíu ára könnunar. Nú til dags eru til dæmis færri en áður þeirrar skoðunar að gott samband við framliðna fáist á miðilsfundum.

**NÚ** halda því sumir fram að öllum fylgi einhver draugur, einskonar verndarfylgja. Hlutverk fólks eftir dauðann sé þannig að passa lifandi manneskju svo hún fari sér ekki að voða. Tilhugsunin um framliðna langömmu sem þvælist á eftir mér er ekkert nema óþægileg. Þrátt fyrir þokkalega samvisku aðhefst ég nefnilega ýmislegt sem þarfnast ekki aldraðra vitna. Það eina sem slær langömmuna út er hugmyndin um eigið framtíðarhlutverk. Að neyðast sjálf eftir andlátið til að hundelta einhvern daga og nætur, kannski leiðindaskarf sem veit ekkert betra en að raða frímerkjum og lesa vísitölur. Hafa fátt að gera á meðan annað en anda ofan í hálsmálið á honum en því miður er svona jarðbundinn maður alveg laus við skyggnigáfu. Bíð ég frammi á meðan hann skreppur á klósettið eða mun ég líka þurfa að fylgjast með því?

**SAMT** lifnar alltaf spennufíkillinn dálítið við þegar afturgöngur og álfa ber á góma, sennilega er það sama elementið og lætur mann fara í stóra fallturninn, horfa á hrollvekjur og borða of mikinn piparbrjóstsykur. Þótt ég sé alveg lesblind á árur, lófa og lithimnur og finnist óbærilega erfitt að trúa á álfa er gaman að tala við fólk sem er visst í sinni sök. Heyra um blómálfinn í friðarliljunni og búálfinn í fatahenginu, þótt ástæða fyrir vali á búsetu innan um úlpur og gúmmístígvél sé mér hulin ráðgáta.

**MIÐAÐ** við það hve lífið, veröldin og alheimurinn eru flókin fyrirbæri er kannski skynsamlegt að áætla að mögulegt handanlíf sé það líka. Kannski er tími og rúm blekking ein og okkar heimur bara oggulítill hluti af ótal víddum óendanlega stórum og smáum. Eða kannski er enginn hér nema guð og við.

## GÓÐAN DAG!

**Í dag er miðvikuudagurinn 9. janúar, 9. dagur ársins.**

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| Reykjavík | 11:08 | 13:34 | 16:01 |
| Akureyri | 11:18 | 13:19 | 15:21 |

*Heimild: Almanak Háskólans*

www.toyota.is




Toyota - bestu bílakaupin strax

Hlaupárið hjá Toyota byrjar á spennandi sértilboðum í takmarkaðan tíma.
Langar þig í nýjan Yaris, Auris, Corolla, Avensis eða RAV4?
Hugsaðu hratt, komdu til næsta söluaðila Toyota núna og láttu sölumenn okkar gera þér tilboð sem þú getur ekki hafnað.

Fyrstir koma, fyrstir fara - á nýrri Toyota



TODAY TOMORROW TOYOTA

Toyota Kópavogi
Nýbýlavegi 4
Kópavogur
Sími: 570-5070

Toyota Akureyri
Baldursnesi 1
Akureyri
Sími: 460-4300

Toyota Reykjanesbæ
Njarðarbraut 19
Reykjanesbær
Sími: 420-6600

Toyota Selfossi
Fossnesi 14
Selfoss
Sími: 480-8000

Toyota Austurlandi
Miðási 2
Egilsstaðir
Sími: 470-5070